




KFUM
KFUK
125

1899 / 2024

ÁRSSKÝRSLA 2023-2024

KFUM OG KFUK Á ÍSLANDI





INNGANGUR FORMANNS



Stefán Jónsson
formaður KFUM og KFUK

Ágæta félagsfólk

Árið 2023 var um margt sérstakt í rekstri KFUM og KFUK á Íslandi. Flest merki voru um að árið yrði frábært þegar kom að innra starfi félagsins. 100 ára afmæli Vatnaskógar var fagnað, met þátttaka var í sumarþingi félagsins og starfið var blómlegt að flestu leyti, þótt stjórnin hafi þetta árið, eins og flest árin á undan, glímt við áskoranir í húsnæðismálum og tekjuöflun.

En svo kom sr. Friðriksmálið upp í lok október. Okkur til skelfingar kom í ljós að brautryðandi starfs okkar og leiðtogi á fyrri part 20. aldar hafi í einhverjum tilfellum farið yfir siðferðismörk í samskiptum og áreitt drengi kynferðislega.

Hvort sem okkur líkar betur eða verr getur það sem gerðist í fyrndinni varpað skugga inn í nútímann. Við urðum að bregðast við svo að málið sem slíkt og umfjöllunin um það myndi ekki skaða félagið okkar. Stjórnin ásamt framkvæmdastjóra var sammála í þeim skrefum tekin voru.

Nú þegar innritun í sumarþingið fyrir sumarið 2024 eru hafnar benda aðsóknartölur til þess að þetta mál foríðarinnar hafi ekki skaðað starf félagsins í nútímanum.

Þó svo að orðspor og sá ljómi sem hefur verið yfir arfleifð sr. Friðriks hafi þurft að lúta í lægra haldi, var sú afstaða okkar undirstrikuð að öryggi og velferð barna í starfi KFUM og KFUK er fyrir öllu. Eftir mun sitja að sr. Friðrik verður hluti af okkar sögu sem verður ekki afmáð. Við munum lifa með henni, en líklega á annan hátt en áður.

Kannski verður lexían sú að við eigum að beina sjónum okkar að æðstu fyrirmynd okkar, Jesú Kristi af meiri krafti, en forðast að hampa misbreyskum mönnum eða hefja þá á stall. Stefnumótunarvinnan sem nú stendur yfir mun án efa taka tillit til þess. Á fagmáli heitir það endurmörkun (e. rebranding) að koma með ferska sýn á ímynd félagsins.

Það er verkefni stjórnar að vakta hlutverk félagsins. Það hlutverk er að leiða ungt fólk til trúar á Jesúm Krist og byggja það upp til líkama, sálar og anda. Saman vinnum við að góðu og kröftugu starfi meðal ungs fólks, því við trúum því að boðskapur frelsarans sé það besta veganesti sem nokkur maður getur fengið í lífinu. Við í KFUM og KFUK leggjum okkar á vogarskálarnar. Framtíðin er svo sannarlega björt.

Ég vil þakka félagsfólki fyrir að hafa beðið fyrir, staðið með og stutt stjórn félagsins í þessari snúnu og erfiðu glímu. Ég vil sérstaklega þakka Tómasi Torfasyni framkvæmdastjóra fyrir að hafa leitt félagið á þessum erfiðu tímum, en hann bar hitann og þungann af sr. Friðriksmálinu fyrir okkar hönd. Einnig vil ég þakka starfsfólki öllu og sjálfboðaliðum fyrir að standa vörð um félagið og hugsjónir þess.

Ég óska ykkur Guðs blessunar.

Stefán Jónsson
Formaður KFUM og KFUK á Íslandi

EFNISYFIRLIT

1.	Forysta KFUM og KFUK.....	6	9.	Húsnæði og starfsaðstaða.....	36
2.	Æskulýðsstarf.....	14	10.	Starfsstöðvar KFUM og KFUK.....	39
3.	Leiðtogaþjálfun.....	18	11.	Vatnaskógur.....	40
4.	Leikjanámskeið.....	21	12.	Vindáshlíð.....	47
5.	Fjölskyldu- og fullorðinsstarf.....	22	13.	Ölver.....	53
5.1	AD KFUM og KFUK.....	22	14.	Kaldársel.....	57
5.2	Ljósbrót, kvennakór KFUK.....	23	15.	Hólavatn.....	62
5.3	Karlakór KFUM.....	23	16.	KFUM og KFUK á Akureyri.....	64
5.4	Basar KFUK.....	24	17.	KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum.....	66
5.5	Jól í skókassa.....	25	18.	KFUM og KFUK á Suðurnesjum.....	68
5.6	Sportfélag KFUM og KFUK.....	26	19.	Vínagarður.....	70
6.	Alþjóðastarf.....	28	20.	Vínasetrið Kaldárseli.....	74
7.	Innlend samstarfsverkefni.....	32			
8.	Útgáfu- og kynningarmál.....	34			

NAFNID SEGIR HVER VIÐ ERUM

KFUM og KFUK stendur fyrir Kristilegt félag ungra manna og kvenna. Við búum við þau forréttindi að nafn félagsins segir hver við erum. Hver stafur hefur sína merkingu.



Kristilegt

Við fræðum þátttakendur um boðskap Biblíunnar, líf og starf Jesú Krists, kennum þeim að þekkja trú sína, rækja hana og meta gildi hennar.



Félag

Við erum frjáls félaga-samtök og störfum eftir lýðræðislegum leikreglum.



Ungra

Við erum æskulýðshreyfing og leggjum áherslu á að standa fyrir heilbrigðu félagsstarfi fyrir börn og ungmennti.



Manna og kvenna

Við stuðlum að mannrækt og mannúð. Við stöndum fyrir uppbyggjandi verkefnum, gagnlegum samfélaginu.



MERKIÐ UNDIRSTRIKAR MARKMIÐIÐ

KFUM og KFUK er æskulýðshreyfing sem hefur að markmiði að stuðla að heilbrigði mannsins til líkama, sálar og anda. Þríhyrningurinn í merki félagsins undirstrikar þetta, en hliðar hans tákna líkama, sál og anda. Aðferðafræðin er aðferð Jesú Krists: Að mæta hverri manneskju af umhyggju, kærleika og virðingu.

HLUTVERK

Hlutverk KFUM og KFUK er mannrækt á kristnum grunni, til líkama, sálar og anda. Við viljum efla æsku landsins, styrkja og byggja upp ungmennti, svo trúin á Jesú Krist og þau lífsgildi sem henni fylgja sé hluti af þeim og vegvísir á lífsins göngu.



STOFNAÐ 1899

KFUM var stofnað 2. janúar 1899 og KFUK var stofnað 29. apríl sama ár. Fyrstu fundir félagsins voru haldnir í sal á efri hæð hegningarhússins við Skólavörðustíg. Mörg önnur félög eiga rætur að rekja til KFUM og KFUK, þar á meðal íþróttafélögin Valur og Haukar, karlarkórinn Fóstbræður og skátastarf á Íslandi.

FJÖLBREYTNÍ EINKENNIR STARFIÐ

Starf KFUM og KFUK er mjög fjölbreytt. Við eigum og starfrækjum fimm sumarbúðir, höldum úti æskulýðsdeildum víðs vegar á landinu, stöndum fyrir stórum og smáum viðburðum og metnaðarfullri leiðtogaþjálfun. Þá eigum við leikskólann Vinagarð, rekum þjónustumiðstöð við Holtaveg auk tveggja félagsheimila á landsbyggðinni.



ÆSKULÝÐSSTARF



VATNASKÓGUR



KALDÁRSEL



LEIÐTOGAÞJÁLFUN



SUMARBÚÐIR



ÖLVER



LEIKJANÁMSKEIÐ



HÓLAVATN



ALÞJÓBLEG HREYFING



FERINGARNÁMSKEIÐ



VIÐBURÐIR



SÆLUDAGAR



JÓL Í SKÓKASSA



LEIKSKÓLI



VINDÁSHLÍÐ



FULLORÐINSSTARF



FYRIR FJÖLSKYLDUR

1. FORYSTA KFUM OG KFUK

TÓMAS TORFASON
TÖK SAMAN



Aðalfundur 2023

Aðalfundur KFUM og KFUK fór fram laugardaginn 15. apríl 2023 á Holtavegi 28 í Reykjavík. Stefán Jónsson formaður bauð fólk velkomið og setti fundinn. Sr. Ninna Sif Svavarsdóttir, sóknarprestur Hveragerði, flutti hugveku og bæn áður en hefðbundin aðalfundarstörf hófust.

Fundarstjóri var Ingibjartur Jónsson og fundarritarar voru Andrea Anna Arnardóttir og Ingi Bogi Bogason. Í kjörnefnd voru Auður Pálsdóttir, Guðni Már Harðarson. Á fundinum voru Bjarni Árnason og Nína Björk Þórsdóttir samþykkt sem skoðunarmenn reikninga.

Stjórn félagsins

Í stjórninni 2023–2024 störfuðu eftirtalin og skiptu þannig með sér verkum:

Stefán Jónsson, formaður
Arna Ingólfssdóttir, varaformaður
Hilmar Jónsson, ritari
Sigurður Erlingsson, gjaldkeri
Gunnar Magnús Sandholt, meðstjórnandi
Klara Valdís Þórhallsdóttir, meðstjórnandi
Margrét Bo Wan Waage Reynisdóttir, meðstjórnandi
Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir, meðstjórnandi
Gunnar Þór Pétursson, varamaður
Jessica Leigh Andrésdóttir, varamaður

Samkvæmt lögum félagsins skal stjórnin skipuð átta aðalmönnum, fjórum af hvoru kyni og tveimur varamönnum, karli og konu. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár, en varamanna eitt ár. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.



Stefán Jónsson



Arna Ingólfssdóttir



Hilmar Jónsson



Sigurður Erlingsson



Gunnar Magnús Sandholt



Klara Valdís Þórhallsdóttir



Margrét Bo Wan Waage Reynisdóttir



Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir



Gunnar Þór Pétursson



Jessica Leigh Andrésdóttir

Tengiliðir við starfsstöðvar

Stjórnarfolk skiptir með sér að vera tengiliðir við einstaka starfsstöðvar félagsins. Hlutverk tengiliðs er að brúa bil á milli stjórnar og viðkomandi starfsstöðvar m.a. með því að halda sambandi við stjórnarfolk viðkomandi starfsstöðvar, mæta á aðalfund hennar og miðla upplýsingum. Tengiliðir voru sem hér segir:

Stefán Jónsson: KFUM og KFUK Suðurnes
Arna Ingólfssdóttir: Leikskólinn Vinagarður
Hilmar Jónsson: KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum
Sigurður Erlingsson: Kaldársel
Gunnar Magnús Sandholt: Vatnaskógur
Klara Valdís Þórhallsdóttir: Vindáshlíð
Gunnar Þór Pétursson: Hólavátn og KFUM og KFUK á Akureyri
Jessica Leigh Andrésdóttir: Ölvær

Stjórnarfundir

Þegar þetta er ritað hefur stjórnin haldið 11 stjórnarfundum og er einn að auki á dagskrá fram að aðalfundi.

Fundirnir voru allir haldnir í félagshúsinu Holtavegi 28, kl. 17:15, nema einn sem var haldinn á Teams. Fjarfundabúnaður hefur verið nýttur eftir atvikum á staðfundum á Holtavegi fyrir stjórnarfolk sem ekki hefur haft tök á að mæta á staðinn. Fundirnir voru eftirfarandi:

Fundur 245, 25. apríl 2023 á Teams.
Fundur 246, 8. maí 2023.
Fundur 247, 31. maí 2023.
Fundur 248, 21. ágúst 2023.
Fundur 249, 18. september 2023.
Fundur 250, 16. október 2023.
Fundur 251, 13. nóvember 2023.
Fundur 252, 11. desember 2023.
Fundur 253, 8. janúar 2024.
Fundur 254, 12. febrúar 2024.
Fundur 255, 4. mars 2024.

Síðasti stjórnarfundur fyrir aðalfund verður 25. mars 2024, en aðalfundur hefur verið boðaður laugardaginn 6. apríl. 2024.

Verkefnalisti stjórnarinnar

Á stjórnarfundum nr. 247, þann 31. maí 2023, samþykkti stjórnin verkefnalista þar sem tilgreind voru áhersluatriði fyrir starfsárið. Mörg þeirra voru áframhaldandi verkefni frá árinu á undan.

Húsnæðismál: Húsnæðismál félagsins á Holtavegi 28 eru í raun tvö mál. Annað köllum við „stóra málið“ og snýr að því að byggja þarf nýtt hús í stað gamla hússins sem er ónýtt vegna mygluskemmda. Inn í það fléttast skipulag lóðarinnar, þarfir félagsins í nútíð og framtíð, hugmyndir að nýjum verkefnum, fjármögnun o.fl. Það mál þokast hægt áfram. Hitt málið snýr að nýrra húsinu sem er í mikilli notkun, viðhaldi þess og umbótum svo það þjóni sem best hlutverki sínu. Á starfsárinu voru áskoranir í húsnæðismálum kynntar forystufólki íþrótt- og menningarráðs Reykjavíkurborgar. Undirbúningur stendur yfir að lagfæringum á eldhúsinu. Vinna að endurbótum á jarðhæðinni í samstarfi við leikskólann var einnig á borði stjórnar. Að öðru leyti var ákveðið að halda að sér höndum á rekstrarárinu 2023, þó svo að eðlilegu viðhaldi væri eðlilega sinnt.



Hátíðar- og inntökufundur var haldinn föstudagskvöldið 22. september 2023. Á fundinum voru nýir félagar boðnir velkomnir í félagið með formlegum og fallegum hætti. Á starfsárinu bættust 24 nýir félagar í hóp fullgildra félaga. Á myndinni eru þeir nýliðar sem höfðu tækifæri að koma á fundinn ásamt Stefáni Jónssyni formanni og Örnú Ingólfssdóttur varaformanni KFUM og KFUK.

Fjárhagsstaðafélagsins og rekstur skrifstofunnar: Rekstur KFUM og KFUK er viðkvæmur og ljóst er að tekjustofnar félagsins hafa rýrnað. Þar munar mest um samning félagsins við Mennta- og barnamálaráðuneytið sem ekki hefur haldið í við verðbólgu eða vísitölur. Á starfsárinu var leitað var markvisst eftir auknum stuðningi ríkissjóðs, með þeim árangri að félagið fékk 15 milljón króna aukafjárveitingu á árinu 2024.

Félagið starfrækir miðlæga skrifstofu sem sinnir fjármálaþjónustu, bókhaldsþjónustu, bókunum, afgreiðslu, tölvuþjónustu, heimasíðu o.fl. fyrir allar starfsstöðvar innan félagsins. Starfsstöðvar taka þátt í rekstrarkostnaði skrifstofu í hlutfalli við umfang.

Starfshópur skipaður þeim Sigurði Erlingssyni, Páli Skaftasyni, Klöru V. Þórhallsdóttur og Guðna Má Harðarsyni skoðaði á starfsárinu hvort hægt væri að hagræða enn frekar í skrifstofukostnaði. Niðurstaða hópsins var að á skrifstofu félagsins væri unnið mjög mikið starf.

Fyrir liggur að yfirfara þarf þau tölvukerfi sem félagið notar í starfi sínu, einkum sem lúta að launamálum, mannauðsmálum og öðrum rekstri. Málið komst á dagskrá stjórnar en þokaðist lítið áfram á starfsárinu.

Starfsstöðvar - stuðningur og samþætting: Málefni starfsstöðva rata oft á borð stjórnar félagsins. Samþætting í sumarbúðastarfi er nokkur og felst m.a. í starfsmannanámскеiðum og aðkomu að kynningarstarfi og ráðningarferli. Framkvæmdastóri átti fjóra fundi með formönnum sumarbúða auk funda með kynningarfulltrúum og ráðningarfulltrúum. Þá koma upp tímabundnar áskoranir í einstaka starfsstöðvum sem stjórn félagsins þarf að koma að með einhverum hætti.

Stefna og áherslur til ársins 2030: Margar systurhreyfingar okkar erlendis vinna reglulega stefnuplagg þar sem sammælt er um áherslur í starfinu nokkur ár fram í tímann. Slíkt hefur ekki verið hluti af starfsvenjum KFUM og KFUK á Íslandi hingað til. Stjórn félagsins ákvað hinsvegar að hefja slíka vinnu með það að markmiði að stefnuplagg til ársins 2030 lægi fyrir haustið 2024.

Á samráðshelginni 6.–8. október 2023 voru tekin fyrstu skrefin á þeirri vegferð er þátttakendur unnu svokallaða S.V.O.T. greiningu undir stjórn Gylfa Dalmanns Aðalsteinssonar.

125 ára afmæli KFUM og KFUK á Íslandi: Árið 2024 eru 125 ár frá stofnun KFUM og KFUK á Íslandi. KFUM var stofnað 2. janúar 1899 og KFUK 29. apríl sama ár. Veturinn 2022-2023 skipaði stjórn félagsins afmælisnefnd sem hafði það verkefni að leggja fram tillögur að fjölbreyttri afmælisdagskrá fyrir árið 2024. Nefndina skipuðu: Ingi Bogi Bogason, Guðmundur Karl Brynjarsson, Ásta Jónsdóttir (f.h. stjórnar), Tinna Rós Steinsdóttir og Tómas Torfason framkvæmdastjóri. Við stjórnarskipti vorið 2023 steig Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir inn í nefndina fyrir hönd stjórnar í stað Ástu Jónsdóttur. Þá tók Unnur Ýr Kristinsdóttir verkefnastjóri æskulýðsstarfs þátt í nefndarstörfum.

Tillaga að metnaðarfullri afmælisdagskrá var samþykkt af hálfu stjórnar á fundi 18. september 2023. Þær tillögur voru endurskoðaðar af afmælisnefnd og tónaðar verulega niður eftir að mál sr. Friðriks kom upp í lok árs 2023 og ljóst var að félagið gæti ekki fagnað afmælinu með þeim hætti sem lagt var upp með.

HEIÐURSFÉLAGAR

Í langri sögu KFUM og KFUK hefur verið farið frekar sparlega með heiðursveitingar. Til að varðveita heimildir um heiðursfélaga og veitingu gullmerkja gefum við því núna pláss í ársskýrslu félagsins.

Heiðursfélagar KFUM

19. maí 1927	Knud Zimsen
17. febrúar 1961	Bjarni Jónsson
17. nóvember 1973	Sigurbjörn Þorkelsson
22. febrúar 1986	Árni Sigurjónsson
17. júní 1995	Ástráður Sigursteindórsson Þorkell G. Sigurbjörnsson

Heiðursfélagar KFUK

28. apríl 1952	Guðríður Þórðardóttir
29. apríl 1999	Kristín Möller

Árið 2005 voru gerðar skipulagsbreytingar og félögin sameinuð undir nafni KFUM og KFUK á Íslandi.

Heiðursfélagar KFUM og KFUK á Íslandi

25. maí 2008	Sverrir Axelsson Vilborg Jóhannesdóttir
19. febrúar 2009	Emilía Ósk Guðjónsdóttir Sigursteinn H. Hersveinsson Sveinbjörg H. Arnmundsdóttir Þórey Sigurðardóttir
16. febrúar 2012	Helga Friðriksdótti
8. apríl 2017	Ásgeir B. Ellertsson Besty R. Halldórsson Sigurður Pálsson

Gullmerki KFUM og KFUK

Gullmerki KFUM og KFUK var veitt í fyrsta sinn 7. október 2022 í samræmi við reglur sem samþykktar voru nokkrum árum áður voru kynntar á heimasíðu félagsins.

7. október 2022	Björgvin Þórðarson Guðmundur Ingi Leifsson María Sighvatsdóttir
22. september 2023	Ársæll Aðalbergsson Ólafur Sverrisson

Fyrir utan þau sem hér er getið, hafa einstaka starfsstöðvar heiðrað einstaklinga og veitt gullmerki fyrir framlag þeirra til starfsins.



Ársæli Aðalbergssyni og Ólafi Sverrissyni var veitt gullmerki KFUM og KFUK, á hátíðar- og inntökufundi félagsins þann 22. september 2023.

Hátíðar- og inntökufundur: Árlegur hátíðar- og inntökufundur var haldinn föstudaginn 22. september 2023. Löng hefð er fyrir því að nýir félagar séu boðnir velkomnir í KFUM og KFUK á sérstökum hátíðarfundi sem haldinn hefur verið árlega.

Frá síðasta hátíðarfundi höfðu 24 nýir félagar bæst í hóp fullgildra félaga. Af þeim mættu 12 á fundinn og var fagnað sérstaklega.

Á fundinum var Ársæli Aðalbergssyni og Ólafi Sverrissyni veitt gullmerki KFUM og KFUK. Ólafur tók sæti í stjórn Vatnaskógar 1990 og hefur verið formaður frá 1999. Ársæll tók sæti í stjórn Vatnaskógar 1984, var formaður 1989 til 1999 og hefur frá árinu 1999 sinnt starfi framkvæmdastjóra Vatnaskógar.

Á 100 ára afmæli Vatnaskógar vildi stjórnin horfa til þeirrar miklu umbreytinga sem orðið hafa í starfi og aðstöðunni í Vatnaskógi á síðustu 30 árum. Þó svo að margir hafi lagt hönd á plóg er öllum ljóst að sú uppbygging sem hefur orðið á staðnum og umbreyting í starfsemi hefði ekki átt sér stað nema fyrir ástríðu, forgöngu, þrautseigju og þjónandi forystu þeirra Ársæls og Ólafs.

Fjöldi fólks kom að fundinum. Stefán Jónsson formaður og Arna Ingólfsdóttir varaformaður buðu nýja félaga velkomna við hátíðlega athöfn. Helga Sóley Björnsdóttir og Elísa Sif Hermannsdóttir voru veislustjórar. Jón Jósep Snæbjörnsson skemmti gestum. Sr. Þóra Björg Sigurðardóttir flutti hugvekju. Jakob Freyr Einarsson annaðist undirleik og Ísak Jón Einarsson var tæknimaður. Undirbúning önnuðust Unnur Ýr Kristinsdóttir, Hreinn Pálsson, Elín Hrunð Garðarsdóttir og Tómas Torfason. Um 120 manns sóttu fundinn.

Samráðsþing: Samráðsþing var haldið í Vindáshlíð 6.–8. október 2023. Stjórn KFUM og KFUK stóð að helginni og bauð til hennar fólki úr stjórnnum starfsstöðva og fastra verkefna innan KFUM og KFUK. Alls 48 fulltrúar frá ólíkum einingum félagsins tóku þátt í þinginu, auk barna sem nutu þess

Þátttakendur í stefnumótunavinnu á samráðsþingi KFUM og KFUK 6.-8. október 2023. Efri röð: Erna Björk Harðardóttir, Sigurður Erlingsson, Gylfi Dalman Aðalsteinsson (leiðbeinandi), Klara V. Þórhallsdóttir, Sigurbjört Kristjánsdóttir, Arna Ingólfssdóttir, Margrét Bo Wan Waage Reynisdóttir, Hreinn Pálsson, Unnur Ýr Kristinsdóttir, Tómas Torfason, Helga Sóley Björnsdóttir, Ársæll Aðalbergsson, Jóna Þórdís Eggertsdóttir og Hjördís Rós Jónsdóttir. Neðri röð: Gunnar M. Sandholt, Styrmir Magnússon, Elín Hrund Garðarsdóttir, Anna Magnúsdóttir, Hilmar Jónsson, Benjamín Ragnar Sveinbjörnsson og Stefán Jónsson.



að vera með í Vindáshlíð þessa helgi. Markmið samráðshelgarinnar var að efla og auka tengsl forystufólks KFUM og KFUK, vera vettvangur fyrir stefnumarkandi umræðu, að efla samfélagsþáttinn og hvetja forystufólk.

Dagskrá samráðsþingsins var fjölbreytt. Á föstudagskvöldinu hélt Ársæll Aðalbergsson erindi og leiddi umræður um mikilvægi þess að halda upp á tímamót og nýta þau til ávinninga fyrir starfið. Á laugardagsmorgni var Jón Halldórsson hjá Kvan með fyrirlestur um það hvernig við sköpum góða liðsheid.

Eftir hádegi á laugardegi var unnið að S.V.O.T. greiningu og stefnumótun undir leiðsögn Gylfa Dalmanns Aðalsteinssonar og dóttur hans Sigurlaugu Söru Gylfadóttur. Glæsileg kvöldvaka var á laugardagskvöldinu leidd af Helgu Sóleyju Björnsdóttur. Arna Ingólfssdóttir, varaformaður, stýrði dagskrá þingsins.

Undirbúningsnefndina skipuðu: Arna Ingólfssdóttir varaformaður KFUM og KFUK, Jessica Leigh Andrésdóttir í stjórn KFUM og KFUK og Tómas Torfason framkvæmdastjóri KFUM og KFUK.

Æskulýðsstarfið og leiðtogaþjálfun: Þó svo að framkvæmd æskulýðsstarfsins og leiðtogaþjálfunar sé í höndum starfsfólks félagsins, heyrir það undir ábyrgðarsvið stjórnarinnar. Á starfsárinu kom Unnur Ýr Kristinsdóttir verkefnastjóri æskulýðsstarfsins úr fæðingarorlofi. Hreinn Pálsson sem hafði sinnt starfi hennar var þó áfram á hlutastarfi við hennar hlið. Æskulýðsstarfinu og leiðtogaþjálfun eru gerð frekari skil í kafla 2 og 3 í þessari skýrslu.

Alþjóðastarf: Alþjóðaráð starfar í umboði stjórnar og formaður þess situr í stjórn KFUM og KFUK. Hilmar Jónsson hefur leitt þá vinnu. Sjá nánar kafla 6 um alþjóðastarf.

Aðalfundur 2024: Undirbúningur og framkvæmd næsta aðalfundar er jafnan á verkefnalista stjórnar félagsins. Hann er á dagskrá 6. apríl eins og áður hefur komið fram.

ÖNNUR VERKEFNI

Norrænn formanna- og framkvæmdastjórafundur

Árlegur fundur formanna og framkvæmdastjóra KFUM og KFUK á Norðurlöndunum var haldinn í Kaupmannahöfn 26.-28. janúar sl. Markmið fundarinnar er að skerpa á norrænu samstarfi félaganna og efla tengsl forystufólks KFUM og KFUK á Norðurlöndum. Stefán Jónsson og Tómas Torfason tóku þátt í fundinum fyrir hönd Íslands.



Á degi sjálfbóðaliðans 5. desember 2023 var Jóna Þórdís Eggertsdóttir, stjórnarkona í Kaldárseli, valin sjálfbóðaliði ársins innan KFUM og KFUK. Hér tekur hún á við viðurkenningu úr hendi Stefáns Jónssonar formanns.

GLS ráðstefnan

KFUM og KFUK hefur verið virkur þátttakandi í árlegu GLS ráðstefnunni (sjá nánar gls.is). Ráðstefnan fór fram á Grand Hótel föstudaginn 3. nóvember 2023. Átta fulltrúar úr röðum KFUM og KFUK, starfsfólk og sjálfboðaliðar, sóttu ráðstefnuna sem var uppbyggileg og nærandi.

Sjálfboðaliði ársins

Í tilefni af degi sjálfboðaliðans, 5. desember, viljum við í KFUM og KFUK hampa öllum sjálfboðaliðum í félaginu. Sú hefð hefur jafnframt skapast að valinn er einn úr þeirra hópi sem sjálfboðaliði ársins. Stjórn félagsins valdi Jónu Þórdísi Eggertsdóttur sem sjálfboðaliða ársins 2023 í KFUM og KFUK. Jóna Þórdís er verðugur fulltrúi sjálfboðaliða. Hún hefur unnið mjög óeigingjarnt starf fyrir Kaldársel á árinu. Hún undirbjó og sá um að manna sumarstarfið og stýrði svo nær alfarið sumarbúðunum. Auk þess að sitja í stórn Kaldársels, situr hún í stjórn Vínaseturs Kaldársels.

Skrifstofa KFUM og KFUK

KFUM og KFUK á Íslandi starfrækir miðlæga skrifstofu fyrir félagið á Holtavegi 28. Þar er sinnt fjármálaumsjón og bókhaldi fyrir allar starfsstöðvar og deildir sem kynntar eru í þessari skýrslu. Þaðan er einnig rekið miðlægt skráningarkerfi fyrir sumarbúðir og aðra viðburði félagsins. Fjölbreytt þjónusta við þátttakendur, viðskiptavinum sumarbúða, jafnt sem sjálfboðaliða í starfinu. Þá sinnir skrifstofan margþættum verkefnum sem snúa að kynningarstarfi, þjónustu við starfsstöðvar, viðburðum í félagshúsinu á Holtavegi o.fl.



Tómas Torfason



Þröstur Árni Gunnarsson



Guðbjörg Pálsdóttir



Elín Hrund Garðarsdóttir



Unnur Ýr Kristinsdóttir



Tinna Hermannsdóttir



Hjördís Rós Jónsdóttir



Guðlaugur Sveinn Hrafnsson



Hreinn Pálsson



Gísli Stefánsson



Jóhann Jónsson



Nathalia Imelda



Ársæll Aðalbergsson



Helga Sóley Björnsdóttir

Starfsfólk KFUM og KFUK

Starfsfólk KFUM og KFUK eru: Tómas Torfason framkvæmdastjóri, Þröstur Árni Gunnarsson fjármálastjóri, Guðbjörg Pálsdóttir bókhaldsfulltrúi og Elín Hrund Garðarsdóttir þjónustufulltrúi, öll í 100% starfi. Hjördís Rós Jónsdóttir verkefnastjóri leiðtogaþjálfunar er í 30% starfi. Nathalia Imelda kom til starfa sem kynningarfulltrúi í 30% starf vorið 2023. Jóhann Jónsson sinnir viðhaldi og fleiri verkefnum í 100% starfi. Sumarstarfsmaður á skrifstofunni 2023 var Rakel Brynjólfssdóttir.

Í ágúst 2023 kom Unnur Ýr Kristinsdóttir verkefnastjóri æskulýðsstarfs úr fæðingarorlofi, en hún lét svo af störfum 31. desember. Hreinn Pálsson sem sinnti starfi hennar í fæðingarorlofinu, sinnti áfram verkefnum á æskulýðssviði og tók svo við starfinu um áramótin. Verkefnastjóri æskulýðsstarfs er í 100% starfi.

Tinna Hermannsdóttir sem gegnt hefur stöðu svæðisfulltrúa á Akureyri lét af störfum 31. desember. Við starfinu tók Guðlaugur Sveinn Hrafnsson. Er hann í 50% starfi.

Gísli Stefánsson lét af störfum sem starfsmaður félagsins í Vestmannaeyjum í október 2023. Við breytingarnar var staðan færð undir verkefnastjóra æskulýðsstarfs og er bundin við mánuðina janúar–apríl og september–desember til samræmis við þá æskulýðsfulltrúa sem getið er um í kafla 2.

Trausti Már Jónsson er nýr æskulýðsfulltrúi KFUM og KFUK í Eyjum. Á skrifstofu félagsins á Holtavegi er einnig starfsaðstaða framkvæmdastjóra Vatnaskógar, Ársæls Aðalbergssonar og Helgu Sóleyjar Björnsdóttur framkvæmdastjóra Vindáshlíðar. Þau eru bæði í 100% starfi.

Yfirlit yfir starfsmenn í hlutastörfum á æskulýðssviði, sem leiða æskulýðsdeildir sem starfræktar eru í samstarfi við sóknir, auk þess að sinna viðburðastjórnun er að finna í kafla 2.

Skráningarkerfi KFUM og KFUK

Eitt af mikilvægustu verkfærum í starfi félagsins er skráningarkerfi KFUM og KFUK. Við búum við þann munað að hafa sérsmiðaða hugbúnaðarlausn, mótaða að þörfum KFUM og KFUK. Kerfið var í upphafi smíðað sem skráningarkerfi fyrir sumarbúðirnar, en hefur í seinni tíð einnig nýst í víðara samhengi innan félagsins t.d. fyrir námskeið og bókanir á alla okkar viðburði.

Á hverju ári eru gerðar uppfærslur á kerfinu svo að það þjóni starfsemi okkar betur og geri alla bakvinnslu skilvirkari.

Pétur Ragnarsson, tölvunarfræðingur, er maðurinn á bak við skráningarkerfið og uppfærslur þess.



Pétur Ragnarsson

Málið um sr. Friðrik

Í október 2023 fékk stjórn KFUM og KFUK erfitt mál inn á sitt borð. Í bók sem Guðmundur Magnússon skrifaði um sr. Friðrik Friðriksson stofnanda KFUM og KFUK var vitnisburður manns sem lýsti kynferðislegri áreitni af hálfu sr. Friðriks. Málið fékk mikla athygli fjölmiðla, ekki síst eftir að fulltrúi Stigamóta sagði í sjónvarpsviðtali 26. október að orðrómur um slíka háttsemi sr. Friðriks hefði lengi verið við lýði og að Stigamót hafi fengið fleiri en eitt mál tengt sr. Friðriki inn á sitt borð. Leituðu fjölmiðlar stíft eftir viðbrögðum KFUM og KFUK.

Föstudaginn 27. október 2023 sendi stjórnin frá sér eftirfarandi yfirlýsingu:

„Í nýttkominni bók Guðmundar Magnússonar um ævi sr. Friðriks, stofnanda KFUM og KFUK, kemur fram vitnisburður manns um að sr. Friðrik hafi leitað á hann.

Okkur í forystu KFUM og KFUK er brugðið við að heyra frásögn um að sr. Friðrik hafi brugðist trausti þeirra sem hann starfaði fyrir. Það hryggir okkur meira en orð fá lýst.

Við í KFUM og KFUK viljum hvorki breiða yfir sannleikann né söguna. Ef hægt er að leiða í ljós að stofnandi samtakanna hafi gerst sekur um brot

gagnvart börnum, teljum við slíkt uppgjör nauðsynlegt.

Öryggi og velferð barna er í fyrirrúmi í öllu starfi KFUM og KFUK í dag. Við gerum afar strangar kröfur til þeirra sem starfa með börnum og ungmennum á vettvangi samtakanna. Þau sem starfa á okkar vegum þurfa að standast ítarlega bakgrunnsathugun og fá einnig þjálfun og uppfærðslu um siðareglur, barnavernd og mörk í samskiptum.“

Sunnudaginn 29. október áttu fulltrúar úr stjórn KFUM og KFUK fund með fulltrúum úr stjórn Vals. Í framhaldi var ákveðið að leita til Sigrúnar Júlíusdóttur félagsráðgjafa og Bjarna Karlssonar prests um að taka á móti sögum hugsanlegra brotaþola. Eftirfarandi yfirlýsing var send frá KFUM og KFUK þann 30. október og undirstrikuð með heilsíðu auglýsingu sem birt var í Morgunblaðinu 4. nóvember.

„KFUM og KFUK vilja opna leið fyrir þá eða þau sem hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni eða ofbeldi af hálfu sr. Friðriks (eða hafa beinar heimildir um slíkt t.d. frá nánum ættingja) til að koma fram með þá reynslu sína.

Þekking samtímans segir okkur hve mikilvægt það er fyrir velferð þeirra einstaklinga sem í hlut eiga að bera ekki slíkar byrðar í hjarta sér.

Forysta KFUM og KFUK hefur leitað til þeirra Sigrúnar Júlíusdóttur félagsráðgjafa og Bjarna Karlssonar prests um að taka á móti sögum þolenda.

Þau hafa langa reynslu af sálgæslu og af vinnu með þolendum að úrlausn sinna mála. Bjarni þekkir jafnframt til starfs félaganna án þess að hafa gegnt neinni trúnaðarstöðu innan þeirra. Fyllsta trúnaðar verður gætt við þau sem til þeirra leita.

Polendum býðst jafnframt áfram að hafa samband við samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs sé það þeim auðveldara. KFUM og KFUK, Valur og þau félög önnur sem kennt hafa sig við sr. Friðrik eru fjöldahreyfing fólks sem upplifir nú sorg. Eins og fram hefur komið vilja fyrrgreind félög horfast í augu við sögu sína, hversu sár sem hún kann að reynast. Hluti af því er að stuðla að því sannleikurinn komi upp á yfirborðið, meðal annars svo hægt sé að biðja brotaþola afsökunar.“

Með þessari leið var félagið að sýna ábyrgð og bjóða hugsanlegum brotaþolum farveg fyrir reynslu sína. Samhliða var verið að reyna að draga fram staðreyndir í málinu, því stjórn félagsins hafði bara orð fulltrúa stigamóta, óljósan orðróm og svo vitnisburðinn í bókinni sem var ekki hafinn yfir vafa. Þá var á þessum tímamarki einnig mikilvægt að geta svarað fjölmiðlum að málið væri í eðlilegum og ábyrgum farvegi.

Pungi þessa máls lá ekki aðeins á stjórn félagsins. Félagssólk var margt í áfalli yfir tíðindunum. Því boðaði stjórnin til félagsfundar fimmtudaginn



KFUM OG KFUK BIÐST AFSÖKUNAR

Í lok október sl. bauð KFUM og KFUK þeim sem hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni eða ofbeldi af hálfu sr. Friðriks (eða hafa beinar heimildir um slíkt, t.d. frá nánum ættingja) að koma fram með þá reynslu sína. Opnaður var formlegur farvegur með milligöngu tveggja reyndra fagmanna á þessu sviði.

Í gegnum þennan farveg hafa nú komið fram vitnisburðir, hafnir yfir skynsamlegan vafa, um að sr. Friðrik Friðriksson, stofnandi KFUM og KFUK, hafi í skjóli virðingarstöðu sinnar farið yfir mörk í samskiptum við drengi og áreitt þá kynferðislega.

KFUM og KFUK biður hér með þolendum einlæglega afsökunar.

Við hörmum að félagið hafi ekki verið vakandi fyrir þessari hegðun stofnandans á sínum tíma, en sr. Friðrik lést árið 1961.

Stjórn KFUM og KFUK þakkar þeim fjölmörgu sem hafa látið sig málið varða og hafa með margvíslegum hætti lagt lið í þessu uppgjöri við fortíðina.

Við í KFUM og KFUK umberum ekki kynferðislegt áreiti eða ofbeldi af nokkru tagi. Öryggi og velferð barna er í fyrirrúmi í öllu starfi okkar. Við gerum afar strangar kröfur til þeirra sem starfa með börnum og ungmennum á vettvangi samtakanna. Þau þurfa m.a. að standast ítarlega bakgrunnsathugun og fá einnig þjálfun og uppfærðslu um siðareglur, barnavernd og mörk í samskiptum.

Stjórn KFUM og KFUK á Íslandi



TILKYNNING VEGNA SR. FRIDRIKS

KFUM og KFUK vill opna leið fyrir þá eða þau sem hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni eða ofbeldi af hálfu sr. Friðriks (eða hafa beinar heimildir um slíkt t.d. frá nánum ættingja) til að koma fram með þá reynslu sína. Þekking samtímans segir okkur hve mikilvægt það er fyrir velferð þeirra einstaklinga sem í hlut eiga að bera ekki slíkar byrðar í hjarta sér.

KFUM og KFUK hefur leitað til þeirra Sigrúnar Júlíusdóttur félagsráðgjafa og Bjarna Karlssonar prests um að taka á móti sögum þolenda. Þau hafa langa reynslu af sálgæslu og af vinnu með þolendum að úrlausn sinna mála. Bjarni þekkir jafnframt til starfs félaganna án þess að hafa gegnt neinni trúnaðarstöðu innan þeirra. Fyllsta trúnaðar verður gætt við þau sem til þeirra leita.



Bjarni Karlsson



Sigrún Júlíusdóttir

Hafa má samband við Sigrúnu í gegnum netfangið sigjul@hi.is eða í síma 891 7638 og við Bjarna í gegnum netfangið bjarni@hafsal.is eða í síma 820 8865.

KFUM og KFUK, Valur og þau félög önnur sem kennt hafa sig við sr. Friðrik eru fjöldahreyfing fólks sem upplifir nú sorg. Eins og fram hefur komið vilja fyrrgreind félög horfast í augu við sögu sína, hversu sár sem hún kann að reynast. Hluti af því er að stuðla að því að sannleikurinn komi upp á yfirborðið, meðal annars til að geta veitt aðstoð til að vinna úr áfallinu og til þess að hægt sé að biðja brotaþola afsökunar.

Stjórn KFUM og KFUK á Íslandi

KFUM OG KFUK Á ÍSLANDI / WWW.KFUM.IS

SR. FRIÐRIK

Við mannfólkið hömpum þeim sem standa sig vel. Í því felst virðingavottur og oft þakklæti. Þau verða að fyrirmyndum sem við lyftum á stall öðrum til eftirbreytni. Þetta sjáum við vel í lista- og menningarlífi, atvinnulífi, íþróttalífi og fleiri kimum samfélagsins.

Sr. Friðrik Friðriksson (f. 1868 - d. 1961) stofnandi KFUM og KFUK á Íslandi gerði margt gott fyrir fjölmarga einstaklinga og okkur sem samfélag og þjóð. Um það verður ekki deilt. Samferðafólk hans lyfti honum á stall.

Við sem leitt höfum starf KFUM og KFUK á þessari öld höfum einnig hampað sr. Friðriki og nýtt hans góða orðspor til hagsbóta fyrir félagið. Við höfum notað hann eins og vörumerki sem hefur gefið KFUM og KFUK sögulega dýpt, tengt okkur við upphafsárin og styrkt tengsl okkar við þau félög sem á sínum tíma voru stofnuð innan KFUM. Þar fyrir utan hefur einnig verið hentugt að vitna í hann, enda er til svo mikið skráð um hann og eftir hann.

Öryggi og velferð barna er í fyrirrúmi í öllu starfi KFUM og KFUK. Við umberum ekki kynferðislegt áreiti eða ofbeldi af nokkru tagi. Á síðustu 20 árum höfum við með markvissum hætti leitað við að tryggja að slík hegðun fái ekki rými innan okkar félags. Við höfum innleitt verkferla og gert auknar kröfur til þeirra sem starfa með börnum og ungmennum. Á þessu sviði höfum við þótt til fyrirmyndar.

Það var okkur því mikið áfall þegar fram komu ásakanir um að sr. Friðrik hafi áreitt börn kynferðislega. Með hjálp reyndra fagmanna opnuðum við farveg fyrir hugsanlega þolendur (eða aðstandendur þeirra) til að stíga fram með sögur sínar. Í gegnum þann farveg bárust okkur nokkrir trúverðugir vitnisburðir úr ólíkum áttum um markaleysi af hálfu sr. Friðriks.

Það hefur mikið vatn runnið til sjávar frá þeim tíma er sr. Friðrik var á lífi. Að horfa á fortíðina með gleraugum samtímans er vandasamt. Taka verður tillit til þess að tímarnir voru aðrir, ýmislegt sem mátti þá er ekki leyft í dag og á móti var annað sem ekki var vel séð á árum áður sem okkur þykir eðlilegt í dag.

En það breytir ekki því að við í KFUM og KFUK tökum því alltaf alvarlega, hlustum og bregðumst við ef fram koma upplýsingar um að leiðtogar eða starfsfólk okkar hafi farið yfir siðferðisleg mörk í samskiptum við börn, hvort sem það er í nútíð eða fortíð.

Í KFUM og KFUK eru börn og ungmenni hvött til að lifa í sátt við sjálf sig, í sátt við náungann og í sátt við Guð. Að viðurkenna og biðjast afsökunar, fyrirgefa og þiggja fyrirgefningu eru lykilhugtök þegar leitað er sáttar.



Sr. Friðrik Friðriksson, stofnandi KFUM og KFUK var fæddur 1868 og lést 1961.

Eftir að þessir vitnisburðir höfðu komið fram, kom ekki annað til greina hjá okkur í forystu KFUM og KFUK en að viðurkenna og biðjast afsökunar og leggja þannig okkar að mörkum til að græða sár og lifa í sátt.

Við tilkynntum að hvorki stæði til að breiða yfir sannleikann eða söguna. Saga KFUM og KFUK og saga sr. Friðriks fléttast saman, því verður ekki breytt. Að sjálfsögðu hættum við að hampa sr. Friðriki eða nota hann eins og vörumerki, allt annað væri rangt. En sr. Friðrik verður áfram stór hluti af sögu KFUM og KFUK með allt það góða sem hann lagði að mörkum, en einnig sína mannlegu bresti.

Í Jóhannesarguðspjalli, 8. kafla, segir frá því er farísear og fræðimenn komu með bersynduga konu til Jesú og minntu hann á að samkvæmt lögmálinu bæru þeim að grýta hana. Jesú svaraði: „Sá ykkar sem syndlaus er kasti fyrstur steini á hana.“

Þó svo að við í KFUM og KFUK stöndum ávallt með börnum og þolendum ofbeldis, grýtum við ekki löngu látinn leiðtoga með upphrópunum eða þungum orðum, heldur mætum þessum mannlega harmleik af nærgætni og virðingu.

Við í KFUM og KFUK höfum sent út skýr skilaboð að börnin sjálf, öryggi þeirra og velferð, eru í fyrirrúmi í starfi félagsins og enginn er yfir það hafinn að fylgja siðareglum og því verklagi sem við höfum í dag til að standa vörð um þau. Við höfum einnig sýnt að við lítum ekki undan þó svo að alvarleg eða erfið mál rati á okkar borð.

Þetta uppgjör við fortíðina hefur tekið sinn toll. Það skilur eftir sig skrámur í hugum okkar sem höfum haldið upp á sr. Friðrik eða tengst honum með öðrum hætti. Skrámur sem þurfa sinn tíma til að gróa.

En við sem störfum á vettvangi félagsins þurfum líka að geta sett punkt við þetta mál og einbeitt okkur að krefjandi skyldum KFUM og KFUK í nútímanum.

Á 125 ára afmæli KFUM og KFUK horfum við björtum augum fram á veginn og keppum áfram að því markmiði að valdefla börn og ungmenni og miðla til þeirra góðum boðskap og gildum kristinnar trúar. Til þeirra verka erum við kölluð.

Tómas Torfason,
framkvæmdastjóri KFUM og KFUK á Íslandi

2. nóvember þar sem farið var yfir málið, fyrstu viðbrögð stjórnar kynnt og félagsfólk fékk orðið. Gestur á fundinum var sr. Gunnar Rúnar Matthíasson sem fjallaði m.a. um áföll og sorg. Um 100 manns sóttu fundinn, sem einkenndist af yfirvegum og félagsseiningu.

Um miðjan desember kynntu Sigrún og Bjarni samantekt sína fyrir stjórn félagsins. Fram höfðu komið nokkrir vitnisburðir. Einlægur vitnisburður frá manni sem sjálfur hafði orðið fyrir kynferðislegri áreitni af hálfu sr. Friðriks þegar hann var barn vóg þar þungst. Þá kom fram vitnisburður frá ekkju látins manns og vitnisburður frá tveimur dætrum manna. Að auki hafði framkvæmdastjóri vitnisburð frá presti sem hafði sögu að segja frá manni sem hann sat yfir á dánarbeði fyrir nokkrum árum. Með þessar sögur úr ólíkum áttum mat stjórnin að það væri hafið yfir skynsamlegan vafa að sr. Friðrik hafi í einhverjum tilfellum farið yfir mörk í samskiptum sínum við börn.

Stjórn félagsins boðaði aftur til félagsfundar mánudaginn 18. desember þar sem samantekt Sigrúnar og Bjarna var kynnt og málið var útskýrt. Í framhaldi var send út eftirfarandi tilkynning og hún undirstrikuð með heilsíðu auglýsingu í Morgunblaðinu. Til að fylgja málinu eftir sátu Tómas framkvæmdastjóri ásamt Sigrúnu Júlíusdóttur fyrir svörum í Kastljósi Ríkissjónvarpsins 20. desember.

„Í lok október sl. bauð KFUM og KFUK þeim sem hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni eða ofbeldi af hálfu sr. Friðriks (eða hafa beinar heimildir um slíkt, t.d. frá nánum ættingja) að koma fram með þá reynslu sína. Opnaður var formlegur farvegur með milligöngu tveggja reyndra fagmanna á þessu sviði.

Í gegnum þennan farveg hafa nú komið fram vitnisburðir, hafnir yfir skynsamlegan vafa, um að sr. Friðrik Friðriksson, stofnandi KFUM og KFUK, hafi í skjóli virðingarstöðu sinnar farið yfir mörk í samskiptum við drengi og áreitt þá kynferðislega.

KFUM og KFUK biður hér með þolendur einlægt afsökunar.

Við hörmum að félagið var ekki vakandi fyrir þessari hegðun stofnandans á sínum tíma, en sr. Friðrik lést árið 1961.

Stjórn KFUM og KFUK þakkar þeim fjölmörgu sem hafa látið sig málið varða og hafa með margvíslegum hætti lagt lið í þessu uppgjöri við fortíðina.

Við í KFUM og KFUK umberum ekki kynferðislegt áreiti eða ofbeldi af nokkru tagi. Öryggi og velferð barna er í fyrirrúmi í öllu starfi okkar.

Við gerum afar strangar kröfur til þeirra sem starfa með börnum og ungmennum á vettvangi samtakanna. Þau þurfa m.a. að standast ítarlega bakgrunnsathugun og fá einnig þjálfun og uppræðslu um siðareglur, barnavernd og mörk í samskiptum.“

Fleiri hliðar voru á þessu viðkvæma og erfiða máli. Styttu af sr. Friðriki, eftir Sigurjón Ólafsson myndhöggvara, hafði staðið í Lækjargötu frá árinu 1955. Fljótlega eftir að málið kom upp, lá fyrir borgarráði Reykjavíkur tillaga um að fjarlægja hana. Framkvæmdastjóri var kallaður á fund borgarráðs og í framhaldi óskaði borgarráð eftir formlegri umsögn KFUM og KFUK um málið. Svar stjórnarinnar var eftirfarandi:

„Stjórn KFUM og KFUK hefur borist erindi frá borgarráði Reykjavíkur, þar sem óskað er eftir umsögn við tillögu Kolbrúnar Baldursdóttur borgarfulltrúa, að fjarlægja styttna af sr. Friðriki sem staðið hefur við Lækjargötu frá árinu 1955.

Styttan er á forræði Reykjavíkurborgar og gerir stjórn KFUM og KFUK enga athugasemd hyggist borgin fjarlægja styttna.

Allt hefur sinn tíma. Þegar styttnur senda önnur skilaboð út í samfélagið

en þeim var upphaflega ætlað þá er eðlilegt að borgaryfirvöld skoði að gera breytingar.

Starf KFUM og KFUK snýst um fólk og velferð þess. Hlutverk okkar er að valdefla börn og ungmenntu og gefa þeim gott veganesti út í lífið. Á þeirri mikilvægu vegferð hefur styttna af stofnanda félagsins lítið vægi.“

Ein hliðin sem gerði málið erfitt er hve langt er liðið er frá því sr. Friðrik var uppi (en hann lést í hárrí elli 1961). Það er vandamt að horfa til löngu liðna tíma með gleraugum samtímans. Öll þekking og viðmið voru önnur en við búum við í dag. Mál sem snéru að kynferðislegu áreiti gagnvart börnum voru ekki rædd og mörg af þeim orðum sem við notum um þau mál í dag voru ekki til.

Nokkrir vitnisburðir komu frá eldri mönnum um jákvæða upplifun af hlýlegri og elskulegri framkomu sr. Friðriks í þeirra garð. Fyrir þá var erfitt að trúa þeim ásökunum sem bornar voru fram. Það átti einnig við um fólk sem ólst upp með jákvæðum og fallegum sögum um sr. Friðrik og framlag hans til samfélagsins. Málið kom eðlilega við tilfinningar fjölda fólks.

Á sama tíma og forysta KFUM og KFUK reyndi að tempra umræðuna og halda henni á yfirveguðum nótum, höfðu aðrir aðilar beinan hag af því gagnstæða. Höfundur og útgefandi bókarinnar stóðu í markaðsstarfi og var þeirra hagur að halda umræðunni lifandi í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum. Allt frá upphafi bar kynningarstarf þeirra þess merki, að kalla ætti fram varnarviðbrögð af hálfu KFUM og KFUK og kynda þannig undir frekari áhuga og sölu á bókinni. Stjórn félagsins var meðvituð að láta ekki draga sig inn á þann völl.

KFUM og KFUK býr við mikið traust í samfélaginu. Stjórn félagsins var ljóst að líklega myndi svona gamalt mál ekki eitt og sér rýra það traust. Hinsvegar gætu röng viðbrögð af hálfu KFUM og KFUK mjög auðveldlega gert það. Því var leitast við að vanda til verka, gefa málinu sinn tíma og láta vindkviður í fjölmiðlum eða á samfélagsmiðlum ekki trufla þá vinnu.

Öll stjórn félagsins var virk og vakandi yfir málinu. Styrkur hennar kom fram í breidd hennar, þ.á.m. aldursbreidd, menntun, reynslu og kynjahlutfalli. Hún fundaði um málið reglulega bæði formlega og óformlega. Nokkra fundi stjórnar sátu að auki Ólafur Sverrisson formaður Skógarmanna og Hörður Gunnarsson formaður Vals, en minningu sr. Friðriks hefur verið haldið á lofti bæði í Vatnaskógi og hjá Val á Hlíðarenda.

Með yfirlýsingunni og afsökunarbeiðninni sem send var út rétt fyrir jólin 2023, var málinu að mestu lokið gagnvart almenningi. Fjölmiðlar sýndu því lítinn áhuga í framhaldi. Forysta félagsins tók þá stefnu að hætta að hampa eða flagga sr. Friðriki sérstaklega. En líkt og sagt var frá í fyrstu tilkynningunni 27. október er hvorki ætlunin að breiða yfir sannleikann né söguna. Það stendur ekki til að breiða yfir þá staðreynd að sr. Friðrik, stofnandi KFUM og KFUK á Íslandi, með sínum miklu mannkostum og þeim brestum sem honum fylgdu, er mikilvægur hluti af sögu félagsins.

Stjórn félagsins vill koma á framfæri þökkum til þeirra fjölmörgu sem lögðu henni lið í þessu þunga máli.



2. ÆSKULÝÐSSTARF



Æskulýðsstarf er kjarnastarfsemi KFUM og KFUK á Íslandi. Markmið félagsins er að bjóða börnum og ungmennum að taka þátt í að skapa jákvætt félagsstarf sem mætir hverjum einstaklingi af umhyggju og virðingu og stuðlar að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska hvers og eins. Í KFUM og KFUK fá börn og ungmenntæki færi til að vaxa í vitund um sjálf sig, um aðra, um samfélagið í kringum okkur og um lífandi Guð. Með þátttöku í starfinu öðlast einstaklingar færni til að hafa áhrif til breytinga á þessum sviðum. Æskulýðsstarfinu er sinnt af æskulýðsfulltrúum ásamt sjálfboðaliðum sem hafa fengið þjálfun, fræðslu og handleiðslu. Margir þeirra hafa tekið þátt í starfinu frá því þeir voru börn en svo fengið tækifæri til að axla ábyrgð og vaxa og þroskast í hlutverki leiðtoga. Það er því mikilvægt verkefni stjórnar og starfsfólks félagsins að hlúa að leiðtogunum og veita þeim tækifæri til virkrar þátttöku í starfinu.

Vetrarstarf KFUM og KFUK starfsárið 2023-2024

Veturinn 2023-2024 voru starfræktar 29 KFUM og KFUK deildir. Starfinu var haldið uppi af u.þ.b. 80 leiðtogum og ungleiðtogum. Í vetur hefur flottur hópur ungmenna tekið þátt í leiðtogabjálfun KFUM og KFUK fyrir 15-18 ára (sjá kafla 3) og hefur hluti af þeirra þjálfun farið fram í deildastarfinu. Þegar íbúar Grindavíkur þurftu að rýma bæinn í nóvember 2023 voru gerðar tilraunir með að halda úti deildarstarfi fyrir börn úr Grindavík í

félagshemilinu á Holtavegi 28. Þátttaka var ekki næg til að halda því starfi áfram eftir áramót.

Haustferð yngri deilda

Föstudaginn 3. nóvember fóru um 110 börn á aldrinum 9–12 ára ásamt 40 leiðtogum og aðstoðarleiðtogum í Vatnaskóg, þar fór fram haustferð sem er árlegur viðburður. Þar var mikið brallað og má þá helst nefna brjóstsykursgerð, skógarferð, brennómót, frjálstan tíma, diskóparty og margt annað! Benedikt Þórisson, Bríet Kjartansdóttir, Eyrún Birna Davíðsdóttir, Hildur Ólöf Kristjánsdóttir, Kristín Salka Auðunsdóttir og Þórey Una, leiðtogar í starfi KFUM og KFUK á Íslandi, sáu um mótstjórn og undirbúning fyrir mótið. Hreinn Pálsson, æskulýðsfulltrúi, var þeim til halds og trausts. Á laugardeginum fóru svo allir heim með bros á vör eftir vel heppnaða haustferð.

Miðnæturmót unglingadeilda

Laugardaginn 4. nóvember komu um 110 ungmenntæki í Vatnaskóg ásamt 45 leiðtogum og aðstoðarleiðtogum, þar sem hið árlega Miðnæturíþróttamót fór fram. Það var mikið gert og minna sifið á þessu móti. Nóg var í boði fyrir alla, t.d. streetballmót, brjóstsykursgerð, brennómót, ólsen ólsenmót, borðtennismót, mafia, kareóki og margt fleira. Björn Atli

Hér má sjá fjölda deilda og fjölda þátttakenda í vetrarstarfi KFUM og KFUK árið 2023–2024 í samanburði við sjö starfsár þar á undan.

	2016-2017		2017-2018		2018-2019		2019-2020		2020-2021		2021-2022		2022-2023		2023-2024	
	Fjöldi deilda	Fjöldi þátttak.	Fjöldi deilda	Fjöldi þátttak.	Fjöldi deilda	Fjöldi þátttak.	Fjöldi deilda	Fjöldi þátttak.	Fjöldi deilda	Fjöldi þátttak.	Fjöldi deilda	Fjöldi þátttak.	Fjöldi deilda	Fjöldi þátttak.	Fjöldi deilda	Fjöldi þátttak.
Vinadeildir (6–9 ára)	2	33	4	104	5	137	4	73	3	78	3	107	6	135	3	26
Yngri deildir (10–12 ára)	16	520	14	457	13	326	12	351	11	291	14	285	13	316	13	296
Unglingadeildir (13–15 ára)	10	413	12	452	11	307	10	380	13	369	13	340	13	333	13	287
Samtals	28	966	30	1013	29	770	26	804	27	738	30	732	32	784	26	609
Meðalfjöldi barna í deild	34,5		33,8		26,6		30,9		27,4		24,4		24,5		23,4	

Hyldahl Guðmundsson og Fannar Smári Jóhannsson sáu um mótsstjórn og undirbúning mótsins. Hreinn Pálsson, æskulýðsfulltrúi var þeim til halds og trausts. Á sunnudeginum var haldið heim á leið og voru ungmennin sæl og þreytt eftir frábært mót.

Æskulýðsmót KFUM og KFUK

Æskulýðsmót KFUM og KFUK var haldið helgina 24.–26. febrúar í Vatnaskógi. Mótið er haldið fyrir unglinga í 8.-10. bekk og hefur verið órjúfanlegur hluti af deildarstarfi KFUM og KFUK undanfarin ár. Að þessu sinni tóku deildir frá Höfuðborgarsvæðinu, Reykjanesbæ, Grindavík, Hveragerði, Akranesi, Vestmannaeyjum og Hvolsvelli þátt. Um 120 þátttakendur skráðu sig til leiks á mótið í ár ásamt 40 leiðtogum og ungleiðtogum sem sáu um dagskrá og ýmis önnur verkefni. Mótsstjórar í ár voru þeir Pétur Bjarni Sigurðarson og Snorri Rúnarsson en þeir sáu um skipulagningu og dagskrágerð. Boðið var upp á frábæra dagskrá líkt og fyrri ár, má þar helst nefna frjálsan tíma, heita potta, kvöldvökur, ballið, orrusta, brjóstsykursgerð og draugahús, svo fátt eitt sé nefnt.

Vetrarferð til Akureyrar

Skíðaferð norður til Akureyrar var farin helgina 10.–12.mars 2023. 24 ungmenni á aldrinum 16-25 ára tóku þátt í ferðinni sem var í samstarfi KSS og KSF. Gist var í félagsheimili KFUM og KFUK í Sunnuhlíð. Boðið var upp á fjölbreytta dagskrá eins og skíðaferð í Hlíðarfjall, diskóskauta, kvöldvöku að hætti KSS og KSF, sundferð í skógarböðin og spurningakeppnina skíða-KVISS. Gunnar Hrafn Sveinsson og Hreinn Pálsson fylgdu hópnum.

Vorferð yngri deilda

Vorferð yngri deilda var farin 24.–26. mars 2023. Öllum börnum í yngri deildum KFUM og KFUK var boðið að taka þátt í ferð í Vatnaskóg þar sem gist var í tvær nætur. Rúmlega 100 þátttakendur úr starfi félagsins í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Hvolsvelli, Hveragerði, Grindavík og Reykjanesbæ tóku þátt í þessari ferð. Dagskráin var fjölbreytt m.a. er boðið upp á leiki og fjör, skemmtilega kvöldvöku, náttfatapartý, morgunstund og ævintýraraleik. Mótsstjórar í ár voru þau Thelma Rós Arnardóttir og Þórarinn Darri Ólafsson. Þau sjá um undirbúning og skipulag ferðarinnar ásamt fleiri leiðtogum í starfi KFUM og KFUK.



Þátttaka í viðburðum í æskulýðsstarfi félagsins er mikil.



Á vormisseri 2024 hefur 125 ára afmæli KFUM og KFUK á Íslandi verið fagnað með ýmsum hætti í æskulýðsstarfi félagsins.

YFIRLIT YFIR FÉLAGSDEILDIR, FORSTÖÐUFÓLK OG LEIÐTOGA, VETURINN 2023–2024

Veturinn 2023–2024 starfrækti KFUM og KFUK 29 æskulýðs-deildir á 15 stöðum. Deildirnar eru aldursskiptar, vinadeildir (VD) eru fyrir 6-9 ára börn, yngri deildir (YD) eru fyrir 9–12 ára börn og unglingadeildir (UD) eru fyrir 13–15 ára.

Víðast hvar er starfað í nánu samstarfi við kirkjurnar á viðkomandi stað.

YD KFUM og KFUK Akranes

Forstaða: Sr. Þóra Björg
Sigurðardóttir
Þátttakendur á haustönn: 20
Þátttakendur á vorönn: 20

UD KFUM og KFUK Akranes

Forstaða: Sr. Þóra Björg
Sigurðardóttir
Þátttakendur á haustönn: 20
Þátttakendur á vorönn: 30

YD Leikjafjör KFUM og KFUK á Akureyri

Forstaða: Guðlaugur Sveinn
Hrafnsson
Leiðtogi: Elmar Nökkvi Björnsson
Þátttakendur á haustönn: 20
Þátttakendur á vorönn: 10

UD KFUM og KFUK á Akureyri í samstarfi við Glerárkirkju

Forstaða: Eyðís Ösp Eypórsdóttir og Guðlaugur Sveinn Hrafnsson
Leiðtogar: Jóhannes Már Pétursson og Stefán Andri Björnsson
Þátttakendur á haustönn: 12
Þátttakendur á vorönn: 14

VD og Leikjafjör KFUM og KFUK í Breiðholtskirkju

Forstaða: Karen Sól Halldórsdóttir og Lilja Rós Gunnarsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 10
Þátttakendur á vorönn: 12

VD KFUM og KFUK Innri-Njarðvík

Forstaða: Halla Marie Smith
Þátttakendur á haustönn: 4
Þátttakendur á vorönn: 4

YD KFUM og KFUK Innri-Njarðvík

Forstaða: Halla Marie Smith
Leiðtogar: Helga Vigdís Thodersen, Sólveig Hjörleifsdóttir og Guðbergur Núi
Þátttakendur á haustönn: 14
Þátttakendur á vorönn: 14

UD KFUM og KFUK Innri-Njarðvík

Forstaða: Halla Marie Smith
Leiðtogi: Helga Vigdís Thodersen, Þórarinn Darri Ólafsson og Þórey Una
Þátttakendur á haustönn: 30
Þátttakendur á vorönn: 30

VD KFUM og KFUK Fella- og Hólakirkju

Forstaða: Sr. Pétur Ragnhildarson og Þórdís Birta Jónsdóttir
Leiðtogar: Bjartur Dalbú Ingibjartsson
Þátttakendur á haustönn: 10
Þátttakendur á vorönn: 10

YD KFUM og KFUK Fella- og Hólakirkju

Forstaða: Sr. Pétur Ragnhildarson og Þórdís Birta Jónsdóttir
Leiðtogar: Bjartur Dalbú Ingibjartsson
Þátttakendur á haustönn: 10
Þátttakendur á vorönn: 5

UD KFUM og KFUK Fella- og Hólakirkju

Forstaða: Sr. Pétur Ragnhildarson, Nanna Birgisdóttir Hafberg og Kristrún Lilja Gísladóttir
Leiðtogar: Ásthildur Ben Davíðsdóttir og Fannar Smári Jóhannsson
Þátttakendur á haustönn: 20
Þátttakendur á vorönn: 20

YD KFUM og KFUK í

Grindavíkurkirkju

Forstaða: Guðmundur Tómas Magnússon og Agnar Ingi Hyldahl Guðmundsson
Leiðtogar: Hildur Ólöf Kristjánsdóttir, Björn Atli Hyldahl Guðmundsson, Pálína Ósk Jónsdóttir, Thelma Rut Þorvaldsdóttir, Vigdís Helga Agnarsdóttir, Sigtryggur Máni Guðmundsson, Helgi Guðmundsson, Regína Sól Pétursdóttir, Gunnar Þór Hilmarsson, Eva Tirone Valdimarsdóttir og Tristan Enok Kvaran Guðjónsson
Þátttakendur á haustönn: 15

UD KFUM og KFUK í Grindavíkurkirkju

Forstaða: Guðmundur Tómas Magnússon og Agnar Ingi Hyldahl Guðmundsson
Leiðtogar: Helgi Guðmundsson, Hildur Ólöf Kristjánsdóttir, Björn Atli Hyldahl Guðmundsson, Pálína Ósk Jónsdóttir, Thelma Rut Þorvaldsdóttir, Eva Tirone Valdimarsdóttir og Tristan Enok Kvaran Guðjónsson
Þátttakendur á haustönn: 26

YD KFUM og KFUK í

Hveragerðiskirkju

Forstaða: Karen Sól Halldórsdóttir og Thelma Rós Arnardóttir
Þátttakendur á haustönn: 15
Þátttakendur á vorönn: 15

UD KFUM og KFUK í

Hveragerðiskirkju

Forstaða: Karen Sól Halldórsdóttir og Thelma Rós Arnardóttir
Þátttakendur á haustönn: 20
Þátttakendur á vorönn: 15

YD KFUM og KFUK Hvalsavelli

Forstaða: Elín Elfa Magnúsdóttir
Leiðtogar: Björk Friðriksdóttir, Sunneva Karen Jónasdóttir, Elín Friða Geirsdóttir og Freyja Magnúsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 24
Þátttakendur á vorönn: 24

UD KFUM og KFUK í Hvalsavelli

Forstaða: Elín Elfa Magnúsdóttir
Leiðtogar: Marco Abranja
Þátttakendur á haustönn: 10
Þátttakendur á vorönn: 10

YD KFUM Keflavík

Forstaða: Sveinn Valdimarsson
Leiðtogar: Kristinn Arnar Ólafsson, Damjan Tisma og Ólafur Jónsson
Þátttakendur á haustönn: 28
Þátttakendur á vorönn: 28

YD KFUK Keflavík

Forstaða: Sigurbjört Kristjánsdóttir
Leiðtogar: Bergrún Dögg Bjarnadóttir, Eyrún Una Arnarsdóttir og Sólveig Hjörleifsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 58
Þátttakendur á vorönn: 58

UD KFUM og KFUK Keflavík

Forstaða: Thelma Rós Arnardóttir og Þórarinn Darri Ólafsson
Leiðtogar: Helga Vigdís Thodersen, Eyrún Una Arnarsdóttir, Helga Sveinsdóttir og Sólveig Hjörleifsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 27
Þátttakendur á vorönn: 27

UD KFUM og KFUK

Langholtskirkju

Forstaða: Snorri Rúnarsson
Leiðtogar: Andri Páll Guðmundsson, Guðmundur Tómas Magnússon, Oddur Helgi Ólafsson og Ragnheiður Anna Jónsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 12
Þátttakendur á vorönn: 15

YD KFUM og KFUK í Lindakirkju

Forstaða: Guðbjörg Ýr Hilmarisdóttir og María Rut Arnardóttir
Leiðtogar: Ragnar Már Halldórsson og Tómas Andri Gíslason
Þátttakendur á haustönn: 40
Þátttakendur á vorönn: 50

UD KFUM og KFUK í Lindakirkju (UD Kaktus)

Forstaða: Gunnar Hrafn Sveinsson, Hreinn Pálsson og Sigríður Sól Ársælsdóttir
Leiðtogar: Guðjón Daníel Bjarnason og Jónas Breki Kristinsson
Þátttakendur á haustönn: 30
Þátttakendur á vorönn: 40

UD KFUM og KFUK í

Vestmannaeyjum

Forstaða: Trausti Mar Sigurðarson

Ásamt ungleiðtogum

Æskulýðsfundur:

Þátttakendur á haustönn: 30

Þátttakendur á vorönn: 30

Opin hús:

Þátttakendur á haustönn: 10

Þátttakendur á vorönn: 10

YD KFUM og KFUK í Vídalínskirkju

Forstaða: Jóna Þórdís Eggertsdóttir

og Hákon Arnar Jónsson

Leiðtogar: Bríet Kjartansdóttir og

Jón Baldvin Magnússon

Þátttakendur á haustönn: 20

Þátttakendur á vorönn: 20

YD KFUM og KFUK í

Urriðaholtsskóla

Forstaða: Jóna Þórdís Eggertsdóttir

og Benedikt Sigurðsson

Leiðtogar: Bríet Kjartansdóttir og

Jón Baldvin Magnússon

Þátttakendur á haustönn: 25

Þátttakendur á vorönn: 25

UD KFUM og KFUK í Vídalínskirkju

Forstaða: Jóna Þórdís Eggertsdóttir

og sr. Matthildur Bjarnadóttir

Þátttakendur á haustönn: 15

Þátttakendur á vorönn: 15

YD KFUM og KFUK í Þorlákskirkju

Forstaða: Þráinn Andreuson og

Matthías Davíð Matthíasson

Þátttakendur á haustönn: 10

Þátttakendur á vorönn: 10

UD KFUM og KFUK í Þorlákskirkju

Forstaða: Þráinn Andreuson og

Matthías Davíð Matthíasson

Þátttakendur á haustönn: 10

Þátttakendur á vorönn: 5



Agnar
Guðmundsson



Benedikt
Sigurðsson



Bjartur Dalbú
Ingibjartsson



Björn Atli Hyldahl
Guðmundsson



Bríet Kjartansdóttir



Elín Elfa
Magnúsdóttir



Eydis Ösp
Eyþórsdóttir



Eyrún Birmaa
Davíðsdóttir



Fannar Smári
Jóhannsson



Guðbjörg Ýr
Hilmarisdóttir



Guðjón Daniel
Bjarnason



Guðlaugur Sveinn
Hrafnsson



Guðmundur Tómas
Magnússon



Gunnar Hrafn
Sveinsson



Halla Marie Smith



Hákon Arnar
Jónsson



Helena Ósk
Hilmarisdóttir



Helga Vígðís
Thordersen



Hreinn Pálsson



Jón Baldvin
Magnússon



Jóhannes Már
Pétursson



Jakob Freyr
Einarsson



Jóna Þórdís
Eggertsdóttir




Jónas Breki
Kristjánsson



Karen Sól
Halldórsdóttir



Kristinn Arnar
Ólafsson



Kristín Salka
Auðunsdóttir



Krístrún Lilja
Gísladóttir



Margrét Jóhanna
Guðjónsdóttir



María Rut
Arnadóttir



Sr. Matthildur
Bjarnadóttir



Matthías Davíð
Matthíasson



Nanna Birgisdóttir
Hafberg



Ólöf Sara
Garðarsdóttir



Sr. Pétur
Ragnhildarson



Ragnheiður Anna
Jónsdóttir



Sigurbjört
Kristjánsdóttir



Snorri Rúnarsson



Sólveig
Hjörleifsdóttir



Svanhildur
Reynisdóttir



Sveinn
Valdimarsson



Thelma Rós
Arnadóttir



Tómas Andri
Gíslason



Trausti Már
Sigurðsson



Sr. Þóra Björg
Sigurðardóttir



Þóra Jenny
Benónýsdóttir



Þórarinn Darri
Ólafsson



Þráinn Andreuson



3. LEIÐTOGAÞJÁLFUN

HJÖRDÍS RÓS JÓNSDÓTTIR
TÓK SAMAN



KFUM og KFUK vill vera vettvangur þar sem ungt fólk fær tækifæri til að vaxa, þroskast og eflast sem einstaklingar. Þess vegna leggur félagið mikla áherslu á metnaðarfullt fræðslustarf og þjálfun til þess að undirbúa leiðtoga félagsins á sem bestan hátt til að sinna starfi með börnum og unglingum á vettvangi deildastarfsins og sumarbúðanna. KFUM og KFUK hefur það hlutverk að efla ungt fólk til líkama, sálar og anda. Leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK tekur mið af því að á hverju ári þarf félagið hóp af ungu fólki til að starfa á vettvangi þess, sem starfsmenn í sumarbúðum, leiðtogar í æskulýðsstarfi, verkefnastjórar í viðburðum eða til að taka sæti í stjórnun og nefndum. Leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK skapar góðan grunn til frekari starfa á vettvangi félagsins.

Uppbygging leiðtogaþjálfunarinnar

Leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK byggir á fjórum þáttum sem leggja grunninn að hlutverki og markmiði félagsins og koma fram í nafni þess. Bókstafurinn K táknar að við erum kristilegt félag með það aðalmarkmið að boða fagnaðarerindið um Jesú Krist. Þess vegna er einn af grunnþáttum fræðslustarfsins að fræða um líf og starf Jesú Krists, bænalíf og helgiöld. Bókstafurinn F táknar að við leggjum áherslu á fræðslu um félagsstarf og almenna félagsmálafræðslu. Bókstafurinn U táknar að KFUM og KFUK býður upp á starf fyrir ungt fólk og leggur mikið upp úr því að leiðtogar í barna- og unglingastarfi séu búnir undir hlutverk sitt. Bókstafirnir M og K táknar að KFUM og KFUK er mannærktarhreyfing fyrir fólk á öllum aldri þar sem mannúðar- og samfélagsmál eru í brennidepli.

NÁMSKEIÐ Á STARFSÁRINU 2023-2024

Leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK fyrir 15-17 ára

Leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK fyrir 15-17 ára ungmenni samanstendur af fjórum helgarsamverum á tveggja ára tímabili auk verklegar þjálfunar milli leiðtogaheganna. Fræðslan á leiðtogahegunum byggir á grunnstoðum leiðtogaþjálfunar KFUM og KFUK, K=kristin fræðsla, F=félagsmálafræðsla, U=ungmennalýðræði og M/K=mannærkt. Hjördís Rós Jónsdóttir er verkefnastjóri leiðtogaþjálfunar KFUM og KFUK fyrir 15-17 ára. Hún hefur fengið til liðs við sig frábæra einstaklinga sem styðja við þjálfunina með einum eða öðrum hætti. Á starfsárinu voru haldnar tvær leiðtogaheggar.

Vindáshlíð 29. september-1. október 2023, Leiðtogaþjálfun I og III

Fyrri leiðtogaheggin var haldin í Vindáshlíð dagana 29. september – 1. október. Um er að ræða tvö aðskilin námskeið sem haldin voru á sama tíma. Leiðtogaþjálfun I er fyrir þau sem eru að stíga sín fyrstu skref í þjálfuninni en leiðtogaþjálfun III fyrir lengra komna. Á námskeiði I fengu þátttakendur að kynna féluginu og því sem það stendur fyrir, fengu fræðslu um siðareglur félagsins og mikilvægi hugleiðinga í starfinu auk þess að kynna sjálfum sér betur. Á námskeiði III fengu þátttakendur fræðslu um viðburðastjórnun, ræðumennsku og framkomu, hvers vegna við segjum börnunum biblíusögur og hvernig við getum verið frábærir liðsmenn. Um fræðslu á námskeiðunum sáu þau Guðni Már Harðarson, Gunnar Hrafn Sveinsson, Hjördís Rós Jónsdóttir, Hreinn Pálsson og Unnur Ýr Kristinsdóttir. Á námskeiðunum voru 55 upprennandi leiðtogaefni.

Vatnaskógur 26.-28. janúar 2024, Leiðtogaþjálfun II og IV

Síðari leiðtogaheglin var haldin í Vatnaskógi dagana 26.-28. janúar. Flottur hópur leiðtoga tók þátt í þeirri helgi og var hún líkt og aðrar leiðtogaheglar full af fróðleik og skemmtun. Þátttakendur á námskeiði II fengu fræðslu um grundvallaratriði kristinnar trúar, hvernig skipuleggja og stýra eigi smærri viðburðum, hvernig leiðtogar við keppumst að að vera og hvernig við stækkuum þægindarammann okkar. Þátttakendur á námskeiði IV ræddu saman um fyrirmyndir, fengu fræðslu um það hvernig við tökumst á við krefjandi mál, fengu félagsmálafræðslu og fluttu hugleiðingu. Um fræðslu á námskeiðunum sáu Ásgeir Pétursson, Benjamín Ragnar Sveinbjörnsson, Bjarni Fritzson, Gunnar Hrafn Sveinsson, Hjördís Rós Jónsdóttir, Hreinn Pálsson og Jón Ómar Gunnarsson. Helgin gekk vel fyrir sig og voru þátttakendur 40 talsins og þar af 24 sem kláruðu leiðtogaþjálfun IV.

Leiðtogaráðstefnan GLS

Á hverju ári býðst leiðtogum og starfsfólki KFUM og KFUK að taka þátt í leiðtogaráðstefnunni Global leadership summit (GLS). Í ár nýttu nokkrir starfsmenn og stjórnarmeðlimir sér ráðstefnuna sem haldin var föstudaginn 3. nóvember á Grand hótél. Boðið var upp á flotta og uppbyggjandi fyrirlestra sem nýstast leiðtogum í starfi og eigin lífi.

Samráðsfundur leiðtoga

Tvisvar á ári er boðið upp á samráðsfund fyrir forstöðufólk og leiðtoga deildarstarfsins. Á samráðsfundunum er rætt um starfið, nýjar hugmyndir og viðburði sem fram undan eru. Einnig er farið yfir stöðu mála og liðna viðburði. Fyrri fundurinn var haldinn 29. ágúst 2023 og sá síðari 11. janúar 2024. Unnur Ýr Kristinsdóttir og Hreinn Pálsson skipulögðu og stýrðu fundunum. Fundir sem þessir eru afar mikilvægir fyrir starf félagsins og dýrmætt að hafa vettvang þar sem starfsfólk, forstöðufólk og leiðtogar geta rætt saman og skipulagt deildastarfið.

Námskeið fyrir starfsfólk í sumarstarfi

Á hverju ári býður KFUM og KFUK upp á námskeið og fræðslu sem undirbýr starfsfólk sumarsins á sem bestan hátt fyrir þau verkefni sem þeirra bíða. Í ár var boðið upp á fjölda námskeiða sem starfsfólk gat sótt en það var Hjördís Rós Jónsdóttir sem hafði yfirumsjón með námskeiðunum en ásamt henni sáu fleiri gestir um fræðsluna. Hér má sjá lista yfir námskeiðin sem haldin voru:

- | | |
|-----------|--|
| 8. mars | Samskipti og siðareglur – Helena Dögg Magnúsdóttir og Hjördís Rós Jónsdóttir, úr ráðgjafahóp Æskulýðsvettvangsins |
| 12. apríl | Leikir og hópefli – Dr. Jim Cain, leikjasérfræðingur |
| 15. apríl | Leikir og hópefli , framhald – Dr. Jim Cain, leikjasérfræðingur |
| 25. apríl | Verndum þau – Þorbjörg Sveinsdóttir, sálfræðingur og sérfræðingur Barna- og fjölskyldustofu |
| 22. maí | Ljómandi í leik og starfi – Áróra Helgadóttir, sérfræðingur |
| 23. maí | Námskeið fyrir aðstoðarforingja og foreldra þeirra – Hjördís Rós Jónsdóttir, verkefnastjóri leiðtogaþjálfunar KFUM og KFUK |
| 23. maí | Foringi í fyrsta skipti – Hjördís Rós Jónsdóttir, félagsráðgjafi og verkefnastjóri leiðtogaþjálfunar KFUM og KFUK |
| 30. maí | Skyndihjálpar og brunavarnir – Jón Pétursson, slökkviliðs- og sjúkraflugningamaður og Kristján Sigfússon, bráðataekni og hjúkrunarfræðingur |
| 5. júní | Heimþrá og kviði barna – Bóas Valdórsson, sálfræðingur |
| 6. júní | Fundur forstöðufólks – Hreinn Pálsson, verkefnastjóri æskulýðssviðs KFUM og KFUK |
| 6. júní | Samráðsfundur matráða – Dagný Dögg Sigurðardóttir, formaður Vindáshlíðar |



Bjarni Fritzson leiðir hópavinnu í leiðtogaþjálfun fyrir 15–17 ára ungmennti.



Benjamín Ragnar Sveinbjörnsson að kenna fundarskóp í leiðtogaþjálfun fyrir 15–17 ára ungmennti.



Verkefnavinna á námskeiði fyrir sumarstarfsfólk á Akureyri.



Verklef kennsla í brunavörnum. Jón Pétursson, slökkviliðs- og sjúkraflugningamaður kennir starfsfólki sumarþúða að beita slökkvitæki.

Hvers virði er KFUM og KFUK mér?

Ég kynntist starfi KFUM og KFUK þegar ég fór fyrst í sumarþúðir sumarið 2013 og aftur 2016. Þá bjóst ég aldrei við því að sogast inn í félagið með þeim hætti sem síðan varð. Það var ekki fyrr en eldri bróðir minn var dreginn á KSS fund og byrjaði að vinna sem foringji í Vatnaskógi sem ég sá það sem áhugaverðan möguleika. Þegar ég var loksins sjálfur kominn með aldur til að mæta í KSS og vinna sem aðstoðarforingji í Vatnaskógi og seinna sem foringji sumarið 2021, var ekki aftur snúið. Síðan þá hefur mér verið treyst fyrir ýmsum verkefnum og störfum hjá KFUM og KFUK.



Hjá KFUM og KFUK hef ég þroskast ótrúlega mikið og til dæmis lært að vaska upp og þrifa klósett – að öllu gríni slepptu hef ég lært svo ótrúlega mikið af hlutum sem munu gagnast mér í lífinu. Í félaginu hefur mér einnig verið ýtt út fyrir þægindaramman, eins og að leika í leikritum á kvöldvökum sem mér þótti mjög erfitt fyrst. Þegar maður tekur þátt í KFUM og KFUK kynnist maður mikið af ótrúlega skemmtilegu fólki. Í félaginu hef ég eignast marga af mínum bestu vinum og skapað svo mikið af geggjúðum minningum.

Að lokum langar mig að skilja ykkur eftir með vers úr Biblíunni sem er í miklu uppáhaldi hjá mér:

„Því að ég þekki sjálfur þær fyrirætlanir sem ég hef í hyggju með yður, segir Drottinn, fyrirætlanir til heilla en ekki til óhamingju, að veita yður vonarríka framtíð.“ Jeremía 29:11

Jakob Freyr Einarsson

Námskeið á Akureyri

Miðvikudaginn 3. maí var boðið upp á sérsniðið námskeið fyrir sumarstarfsfólk KFUM og KFUK sem búsett er á Akureyri. Á námskeiðinu var farið yfir allt það helsta sem snýr að því að starfa í sumarþúðum eða á leikjannámskeiðum félagsins. Farið var yfir dagsskipulag, hlutverk foringja, samskipti og siðareglur, leikjafræðslu og fleiri praktísk mál. Hjördís Rós Jónsdóttir sá um fræðslu á námskeiðinu með aðstoð frá Tinnu Hermannsdóttur, svæðisfulltrúa norðurlands.

Samstarf um leiðtogaþjálfun 2023-2024

Æskulýðsvettvangurinn er samstarfsvettvangur Bandalags Íslenskra skáta, KFUM og KFUK, Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Ungmennafélags Íslands. Vettvangurinn vinnur að sameiginlegum hagsmunamálum barna og ungmenna í íþrótt- og æskulýðsstarfi auk þess að stuðla að samræðu og samstarfi aðildarfélaganna á sviði leiðtogaþjálfunar og fræðslu- og forvarnmála.

Auk netnámskeiða í barnavernd og siðareglum stóð Æskulýðsvettvangurinn fyrir eftirfarandi námskeiðum á starfsárinu sem starfsfólk KFUM og KFUK var hvatt til að nýta sér:

- 8. mars **Samskipti og siðareglur** – Helena Dögg Magnúsdóttir og Hjördís Rós Jónsdóttir
- 29. mars **Inngilding og fjölmening** – Sema Erla Serdaroglu
- 21. ágúst **Verndum þau** – Þorbjörg Sveinsdóttir
- 16. okt. **Skjánotkun barna og ungmenna** – Þorgrímur Þráinsson
- 6. nóv. **Samskipti og siðareglur** – Hjördís Rós Jónsdóttir og Katrín Kemp Stefánsdóttir (féll niður)
- 7. feb. **Hinsegin fræðsla** – Sveinn Sampsted



4. LEIKJANÁMSKEIÐ

HREINN PÁLSSON
TÓK SAMAN



Leikjanámskeið KFUM og KFUK voru haldin á tveimur stöðum sumarið 2023, í Lindakirkju í Kópavogi og í Félagsheimli KFUM og KFUK í Reykjanesbæ Hátúni 36. Markmið leikjanámskeiðanna er að bjóða börnum á aldrinum 6-9 ára upp á metnaðarfullt sumarstarf þar sem áhersla er lögð á aukinn þroska líkama, sálar og anda. Mikið er lagt upp úr því að mæta hverju barni á eigin forsendum svo það fái að njóta sín sem best. Á námskeiðunum er unnið með kristið siðferði í hugsunum, orðum og gjörðum og sérstök áhersla á vináttu, kærleika og virðingu. Börnin fá daglega kristlega fræðslu, syngja kristlega söngva, biðja bænir og taka þátt í leikjum og styttri ferðalögum.

Í Lindakirkju í Kópavogi voru haldin fimm leikjanámskeið sumarið 2023. Námskeiðin voru frá kl. 9–16 en húsið opnaði kl. 8:45. Dagskráin var fjölbreytt og skemmtileg en hefðbundinn dagur á leikjanámskeiðinu byrjar á leikjum og upphafsstund í Lindakirkju þar sem er sungið og hlýtt á hugleiðingu og dæmisögur úr Guðs orði. Eftir nestispásum morguninn var jafnan farið í skemmtilegar ferðir á hina ýmsu staði og komið til baka um þrjú leytið. Á föstudögum var síðan góðri viku lokið með því að fara á sumarhátíð á Holtavegi 28, en þar var boðið upp á grillaðar pylsur, andlitsmálningu og hoppukastala. Á leikjanámskeiðunum starfaði forstöðufólk, leiðtogar og aðstoðarleiðtogar, sem Vinnuskóli Kópavogs lagði til. Þátttakendur námskeiðanna voru 110 talsins og var biðlisti á flest námskeiðin.

Starfsfólk leikjanámskeiðanna sótti ýmis undirbúningsnámskeið áður en sumarstarfið hófst. Lesa má nánar um þau í kaflanum um fræðslustarf. Eftirfarandi störfuðu á leikjanámskeiðum KFUM og KFUK í Lindakirkju sumarið 2023: Jakob Freyr Einarsson, Sigríður Sól Ársælsdóttir, Hálfán Helgi Matthíasson, Ragnar Már Halldórsson, Brynjar Már Guðmundsson, Katrín Hekla Magnúsdóttir, Karen Sól Halldórsdóttir, Bjargey Guðmundsdóttir, Tómas Andri Gíslason, Eva Lind Hákonardóttir, Guðbjörg Ýr Hilmarsdóttir og María Rut Arnarsdóttir.

Í Reykjanesbæ voru haldin þrjú leikjanámskeið sumarið 2023. Námskeiðin voru frá kl. 9–16 en húsið opnaði kl. 8:45. Leikjanámskeiðin gengu mjög vel og gaman að sjá að bæði leiðtogar og börn settu svip sinn á bæinn í byrjun sumars. Einnig var mikil ánægja foreldra með námskeiðin og mörg barnanna að koma í annað og þriðja skipti. Þátttakendur á námskeiðunum voru samtals 40. Eftirtaldir störfuðu á Leikjanámskeiðum KFUM og KFUK í Reykjanesbæ sumarið 2023: Marín Hrund Jónsdóttir, Jakob Freyr Einarsson, Ragnar Már Halldórsson og Brynjar Már Guðmundsson.



5. FJÖLSKYLDU- OG FULLORÐINSSTARF

Fjölskyldu- og fullorðinsstarf á vegum KFUM og KFUK á Íslandi er mikilvægur þáttur í starfi félagsins sem safnar saman fólki á öllum aldri. Þar er áhersla lögð á að efla einstaklingana til líkama, sálar og anda, styrkja tengsl fjölskyldna og samfélag félagsfólks með margvíslegum hætti. Leitast er við að bjóða upp á uppbyggilega dagskrá og samverustundir fyrir ólíka aldurshópa. Í hópi félagsmanna á aldrinum 18 til 99 ára er einnig að finna bakland félagsins, þá sem leggja sitt af mörkum sem sjálfbóðaliðar t.d. í stjórnnum og nefndum eða vinnuflokkum sumarbúðanna.

Fjölskyldustarf í sumarbúðum KFUM og KFUK

Stærstur hluti starfsemi sumarbúða KFUM og KFUK fer fram í dvalarflokkum fyrir börn og unglinga á sumrin en á öðrum árstímum er einnig boðið upp á styttri flokka fyrir fjölskyldufólk og fullorðna t.d. feðgaflokkar, feðginaflokkur, mæðgnaflokkur, fjölskylduflokkar, karla- og kvennaflokkar. Að ógleymdri fjölskylduhátíðinni Sæludagar í Vatnaskógi. Nánar er komið inn á það í skýrslum sumarbúðanna í köflum 11 til 15.

Fjölbreytt félagsstarf

Í KFUM og KFUK er rými fyrir fjölbreytt félagsstarf og verkefni. Formlegar stjórnir leiða sex þeirra. Verkefnin eru: Aðaldeild KFUM og KFUK, Karla- og kvennaflokkar, Kvennakórinn Ljósbrót, Basar KFUK, Jól í skókassa og Sportfélag KFUM og KFUK.

Skýrslur þessara verkefna er að finna í kaflum 5.1 til 5.6.

Sjálfbært starf

Til fjölda ára hefur verið lögð á það áhersla að fullorðinsstarf KFUM og KFUK sé sjálfbært fjárhagslega. Þannig er starfið borið uppi af sjálfbóðaliðum án þess að starfsfólk félagsins komi að því sérstaklega.

Þakklæti til sjálfbóðaliða

Lögð er áhersla á að ábyrgð og umsjón viðburða í fjölskyldu- og fullorðinsstarfi KFUM og KFUK sé í höndum sjálfbóðaliða. Flestir viðburðir fullorðinsstarfsins hafa orðið að veruleika fyrir tilstilli, frumkvæðis og vinnu sjálfbóðaliða úr röðum félagsfólks. KFUM og KFUK á Íslandi færir þeim kærar þakkar fyrir óeigingjarnt og alúðlegt starf í þágu félagsins og ómetanlegt framlag til þess.

5.1 AD KFUM OG KFUK

Áratuga hefð er fyrir starfi svonefndra aðaldeilda (AD) KFUM og KFUK, ætlaðar fullorðnum. Lengst af var starfið tvískipt, annars vegar AD KFUK og hins vegar AD KFUM. Haustið 2022 var ákveðið að sameina deildirnar og er árið 2023 því fyrsta heila árið þar sem starfrækt er sameiginleg aðaldeild KFUM og KFUK. Markmið AD-fundanna er að vera til trúarlegrar og félagslegrar uppbyggingar.

Í AD-nefnd KFUM og KFUK eiga sæti Arna Ingólfssdóttir, Ársæll Aðalbergsson, Dagný Bjarnhéðinsdóttir, Gunnar Jóhannes Gunnarsson (formaður), Ingi Bogi Bogason og Ólafur Sverrisson.

AD KFUM og KFUK heldur fundi á fimmtudagskvöldum yfir vetrarmánuðina. Að öllu jöfnu eru fundirnir haldnir í félagsheimilinu á Holtavegi en þó er af og til farið úr húsi og fundir haldnir annars staðar. Leitast er við að hafa efnið sem fjölbreyttast og gjarnan fengnir góðir gestir til að halda erindi og fjalla um eða kynna áhugaverð málafni. Allir fundirnir hefjast með nokkrum upphafsorðum og bæn, sem er jafnan í höndum einhvers úr röðum félagsfólks, og fundunum lýkur svo með hugvekjju. Yfirleitt eru sungnir eldri

og yngri söngvar eða sálmar úr arfleifð félagsins. Eftir fundina er boðið upp á veitingar og gefur það gott tækifæri til að staldra við og spjalla saman. Á vormisserinu á síðasta ári var komið víða við í efni fundanna. Það hófst á umfjöllun um Bertel Thorvaldsen og hans þekktu kristsstyttu, síðan var spurt hvort safnarar væru dellufólk og rætt var um afhelgun alls í samfélaginu og afleiðingar þess. Sportfélag KFUM og KFUK sagði frá ferð til Spánar og Bjarni Gunnarsson kynnti messu eftir sjálfan sig. Fjallað var um fólk á flóttu og þjónustu kirkju og kristilegra félaga í því samhengi og haldinn biblíulestur undir yfirskriftinni „Andlaus eða andrík“. Rætt var um trú í ljóðum nokkurra skálda á 20. öld og sagt frá starfsemi Vínasetursins í Kaldárseli. Sigríðar Magnúsdóttir og Egils Th. Sandholt var minnst á fundi með yfirskriftinni „Fallnir stofnar“ og haldinn var fjölsóttur söngfundur undir yfirskriftinni „Lög unga fólksins 2“. Loks var farið í vorferð í Krísvíkirkirkju, Grindavík og Kálfatjarnarkirkju þar sem ferðinni lauk með helgistund.

Haustmisserið hófst á fundi um Krístrúna Ólafsdóttir og upphaf starfsins í Ölveri. Síðan tók við frásögn af uppbyggingu á lyfjaverksmiðju í Malaví og veður og veðurfræði komu við sögu á fundi með yfirskriftinni „Ég elska þig vindur“. Fjallað var um trúarskáldið Ísak Harðarson og boðið var upp á óskagalagkvöld þar sem fundargestir gátu valið söngva úr söngbókum félagsins. Sagt var frá náttúruþerlunni milli Tungnafellsjökuls og Vatnajökuls í máli og myndum, fjallað um Einar Erlendsson húsameistara og tengsl hans við KFUM og enn fremur sagði Kristín Björg Sigurvinsdóttir frá bókum sínum og rithöfundarferli. Á árlegum og fjölsóttum aðventufundi í desember sungu meðal annars kórar félagsins og basarnefnd sá um happdrætti. Á haustmisserinu var auk þess farið í heimsókn í Eddu, hús íslenskunnar, þar sem þættir í starfsemi Árnastofnunar voru kynntir og húsið skoðað. AD fundir KFUM og KFUK voru vel sóttir á árinu, á bilinu 30 til 50 manns mættu að jafnaði.

5.2 KVENNAKÓRINN LJÓSBROT

Fyrsta æfing Ljósbrots á haustmisseri 2023 var 7. september. Haustið var haustið annasamt með góðum og krefjandi æfingum. Fjölgað hefur verulega í kórnum á árinu. Keith Reed stjórnar kórnum ásamt því að sinna undirleik. Þá er hann einnig lagahöfundur og útsetjari.

Stjórn kórsins skipa: Herdís Ástráðsdóttir, formaður, Ásta Björg Þorbjörnsdóttir, gjaldkeri og Alfa Kristjánsdóttir, ritari.

Sunnudaginn 15. október söng kórinn í messu í Grensáskirkju. Messan var einstök því Bjarni Gunnarsson hafði samið ljóð og texta og annast útsetningar fyrir hana. Auk Ljósbrots tóku Karlakór KFUM og kirkjukór Grensáskirkju þátt í messunni.



Herdís
Ástráðsdóttir



Ásta
Þorbjörnsdóttir



Alfa
Kristjánsdóttir

Þann 7. desember tók Ljósbrott þátt í aðventukvöldi KFUM og KFUK. Aðventutónleikar Ljósbrots voru 10. desember. Við erum stoltar af gestum okkar þeim Bryndísi Guðjónsdóttur sópran, Cesar Barrera tenór og Arnari Jónssyni leikara, en Arnar las ljóð og biblíuvers. Salurinn söng með kórnum „Fögur er foldin“ eftir Sr. Matthías Jochumsson.

Kórinn endaði önninna með jólahittingi og smá pakkagleði hjá Dagnýju Bjarnhéðinsdóttur.

Á árinu 2024 mun kórinn eiga 10 ára afmæli. Af því tilefni hafa kóræfingar verið lengdra og auka æfingar haldnar á laugardögum þegar þess hefur þurft. Að venju söng Ljósbrott í Háteigskirkju alþjóðlegum bænadegi kvenna 1. mars sl.

Í tilefni af afmæli Ljósbrots ætlar kórinn að leggja land undir fót. Stefnt er á að fara til London í fjóra daga, 21.–25. mars 2024, æfa, syngja og njóta borgarinnar.

Vortónleikar Ljósbrots eru á dagskrá 5. maí kl. 15:00 á Holtavegi 28.

Á komandi aðalfundi Ljósbrots, 3. apríl, hefur núverandi stjórn settið í þrjú ár. Því munu nýjar konur taka við keflinu eins og samþykktir kórsins kveða á um. Fráfarandi stjórn óskar kórfélögum, stjórnanda og verðandi stjórn Guðs blessunar.

Lokaorð þessara lína frá Ljósbroti eru einkunnarorð kórsins „Drottinn er styrkur minn og lofsöngur.“ (Sálmur 118.14).

ALFA KRISTJÁNSDÓTTIR
RITARI LJÓSBROTS



5.3 KARLAKÓR KFUM

Þegar vora tók var blásið til aðalfundar 27. mars 2023. Á fundinum fóru fram venjuleg aðalfundarstörf ásamt stjórnarkjöri. Sáum við þar á efir hinum góða fjárhirði Sigurjóni Gunnarssyni. Ekki var síðri maður sem kom í staðinn, Helgi Gíslason. Var stjórnin þannig skipuð eftir fundinn: Páll Skaftason formaður, Helgi Gíslason gjaldkeri og Stefán Sandholt ritari. Á aðalfundi bar hæst umræða um kórferð til útlanda og er það mál í höndum ferðanefndar.

Æfingar voru sem fyrr á mánudagskvöldum á Holtavegi undir dyggri stjórn Ástu Haraldsdóttur og Antoniu Hevesi. Sem fyrr sáu kórmeðlimir um orð og bæn á hverri æfingu. Stefán Ingi Guðjónsson og Albert E. Bergsteinsson sáu um kaffi á æfingum. Allir eru sammála um að þetta eru stundir sem ekki mega missa sín.



Páll Skaftason



Helgi Gíslason



Stefán Sandholt

Viðburðir sem kórinn tók þátt í á starfsárinu eru eftirfarandi:

Þátttaka í tónleikum Skógarmanna KFUM á sumardaginn fyrsta. Var góður rómur gerður að þeim tónleikum sem endra nær.

Vorferð kórsins var sameinuð vorferð aðaldeildar KFUM og KFUK. Þátttaka kórfélaga var í lámarki.

Vortónleikar kórsins voru haldnir 9. maí á Holtavegi. Þátttaka var með ágætum og fengum við lof margra áheyrenda.

Kórinn tók þátt í 100 ára afmælisfagnaði Vatnaskógar um verslunarmanna-helgina án þátttöku karlakórsins. Tókst sú uppákoma með miklum ágætum. Þegar haustönn hófst fögnuðum við endurkomu snillingssins Bjarna Gunnarssonar meðleikara, sprenglærðum með messu mikla í farteskinu. Á

sama tíma ber að þakka frábæra þátttöku Antoniu Hevesi meðleikara sem stóð sig afar vel.

Þann 15. október var frumflutt messa Bjarna Gunnarssonar í Grensáskirkju ásamt Ljósbroti, kvennakór KFUK, og kirkjukór Grensáskirkju. Messan er mikið meistarastykki og má segja að flutningur hafi tekist vel.

Árlegar æfingabúðir kórsins voru með öðru sniði en vant er. Í ár voru þær einn langur laugardagur á Holtavegi í nóvember.

Þann 26. Nóvember tók kórinn þátt Vatnaskógarmessu í Sandgerðiskirkju hjá sr. Sigurði Grétari Sigurðssyni.

Kórinn tók þátt í aðventufundi KFUM og KFUK á Holtavegi 7. desember.

Aðventustund var í Friðrikskapelli í desember. Á þeim stundum hefur kórinn tekið þátt undanfarin ár ásamt karlakórnum Fóstbræðrum og Valskórnum, sem sá sér ekki fært að taka þátt að þessu sinni.

Síðast en ekki síst, jólatónleikar karlákórsins voru á Holtavegi 15. desember ásamt

einsöngvaranum Erlu Björgu Káradóttur. Stórkostlegir tónleikar í alla staði. Miðað við undirtektir á öllum þessum samkomum má ætla að kórinn sé í stöðugri sókn.

Eftir góða hvíld yfir jól og áramót hófust æfingar að nýju 15. janúar 2024.

Þar æfðum við af miklum krafti fyrir komandi samverur, m.a. veislukvöld Vatnaskógar á Holtavegi þann 1. mars og þátttöku kórsins í tónleikum kristniboðsvikunnar í Filadelfíukirkjunni í Reykjavík 2. mars.

Að lokum má geta þess að kórinn söng við þrennar jarðafarir; hjá Hafsteini Halldórssyni skógarmanni í maí, Páli Sigurðssyni þúsundþjalsmið í júní og hjá Emelíu Guðjónsdóttur, heiðursfélaga KFUM og KFUK, í september.

Á heildina lítið getum við svo sannarlega verið stoltir af starfi kórsins.

Gaman

væri ef fleiri sæju sér fært að taka þátt. Við biðjum þess að svo megi verða.

Að lokum, að öllum öðrum ólöstuðum vinnur Guðlaugur Gunnarsson, þrekvirkir við að uppfæra síðuna okkar, nótur, texta og fl. Færum við honum miklar þakkir.

STEFÁN SANDHOLT
RITARI KARLAKÓRS KFUM



5.4 BASAR KFUK

Basar KFUK er árlegur jólabasar sem haldinn er laugardaginn fyrir fyrsta sunnudag í aðventu. Markmiðið er fjáröflun fyrir ýmis verkefni félagsins KFUM og KFUK. Hlutverk stjórnarinnar er að koma að undirbúningi og framkvæmd Basar KFUK. Í stjórn verkefnisins eru þær Bára Sigurjónsdóttir formaður, Anna Elísa Gunnarsdóttir gjaldkeri, Berglind Ósk Einarsdóttir ritari og Hildur Þóra Hallbjörnsdóttir meðstjórnandi. Stór hópur af sjálfboðaliðum koma saman og starfa með stjórn í undirbúningsnefnd. Í þeim hópi þetta árið voru Guðrún Nína Petersen, Hallgerður Bjarnhéðinsdóttir, María Sighvatsdóttir, Salóme Jórunn Bernharðsdóttir og Sigrún Lilja Guðbjörnsdóttir.



Bára
Sigurjónsdóttir



Anna Elísa
Gunnarsdóttir



Hildur Þóra
Hallbjörnsdóttir



Berglind Ósk
Einarsdóttir

Basarinn var haldinn laugardaginn 02.

desember 2023 frá kl. 13–

17. Ilmur af nýbökudum

vöfllum og kakói mætti

gestum basarsins þegar

það steig inn í hlýjuna

í félagshúsinu okkar

á Holtavegi 28. Mikið

magn af glæsilegu

handverki fyllti öll borðin

í stóra salnum. Stóra

jólatréð í salnum hefur

aldrei verið glæsilegra

með öllu handunna

jólaskrautinu sem prýddi

það. Skemmtileg viðbót

við úrvalið þetta árið

voru flottar prests og

Hjálpræðishers Barbie dúkkur, handsaumaðar snyrtibuddur með alls konar

mynstri sem ruku strax út, fallega saumuð skraut jólatré, Örkin hans Nóa

prýddi handsaumað barnasængurver, kærleiks desember dagatöl, kisu

grjónapoki yfir axlirnar, heklaðar krókóðila og dreka fígúrir og margt fleira

sem sjálfboðaliðar hönnuðu og útfærðu af einskærri sköpunargleði.

Á hverju ári má sjá og versla einstök vönduð handverk á þessum elsta basar landsins.

Kaffiterían var full af girnilegum kökum, tertum, brauðmeti og sultum

sem hægt var að versla og fara með heim fyrir jólahátíðina. Tilvalið að

kíkja á Basar KFUK fyrri part laugardags, styrkja félagið með því að versla

heimagerð góðgæti og bjóða svo fjölskyldu og vinum heim í jólakaffi

seinnipartinn.

Margir litu við og sýndu stuðning í verki og kaupum. Fjáröflunin gekk

einstaklega vel þetta árið. Ákveðið hefur verið að láta ágóða renna til

sumarbúðanna í Ölveri. Nánar tiltekið í Sveinusjóð Ölvers sem er sjóður

stofnaður til að fjármagna byggingu á nýjum íþróttaskála í Ölveri.

Stjórn verkefnisins vill þakka öllum þeim sem lögðu Basar KFUK lið á árinu.

Basarinn er ekkert án sjálfboðaliða og vinna allra er ómetanleg. Sérstakar

þakkir til þeirra sem standa kaffisöluvaktina. Það gleður okkur mikið að

sjá þær gullfallegu vörur sem voru gefnar á basarinn í ár og úrvalið af

heimagerða góðgætinu var glæsilegt. Þakkar fara einnig til allra sem komu

og versluðu og gáfu peningagjafir.

Basarstjórn þakkar fyrir árið og við erum fullar tilhlökkunar fyrir næsta

basar.

BERGLIND ÓSK EINARSDÓTTIR
RITARI BASARS KFUK



5.5 JÓL Í SKÓKASSA

Verkefnið Jól í skókassa er hluti af starfi KFUM og KFUK á Íslandi. Verkefnið er góðgerðastarf sjálfbóðaliða og snýst um að safna jólagjöfum fyrir börn og unglinga í Úkraínu sem búa við fátækt, veikindi, erfiðar aðstæður eða líða á annan hátt fyrir aðstæður sínar.

Stjórn verkefnisins var skipuð eftirfarandi aðilum á starfsárinu:

Björgvin Þórðarson, formaður
Mjöll Þórarinsdóttir, gjaldkeri
Hreinn Pálsson, ritari
Ingibjörg Valgeirsdóttir, meðstjórnandi
Áslaug Björgvinsdóttir, meðstjórnandi



Björgvin
Þórðarson



Mjöll
Þórarinsdóttir



Hreinn Pálsson



Ingibjörg
Valgeirsdóttir



Áslaug
Björgvinsdóttir

Verkefni stjórnarinnar

Helstu verkefni stjórnar á árinu var undirbúningur fyrir söfnun jólagjafanna og móttaka á jólagjöfum. Önnur verkefni stjórnarinnar voru m.a. samskipti við fjölmiðla og annars konar kynning á verkefninu, samskipti við sjálfbóðaliða, styrktaraðila verkefnisins, tengiliði verkefnisins á landsbyggðinni sem og í Úkraínu. Einnig skýrslugerð í tengslum við flutning jólagjafanna og önnur tilfallandi verkefni.

Söfnun gjafa

Árið 2023 var tuttugasta árið í röð sem jólagjöfum var safnað fyrir munaðarlaus og fátæk börn í Úkraínu. Lokaskiladagur gjafa í Reykjavík í félagshúsi KFUM og KFUK á Holtavegi var laugardagurinn 11. nóvember, 2023 en fyrir þann tíma var hægt að koma kössum til skila víða um land. Fjöldinn allur af sjálfbóðaliðum á landsbyggðinni sá um að taka á móti gjöfum og koma þeim til Reykjavíkur. Starfsfólk KFUM og KFUK gegndu jafnframt viðamiklu hlutverki í að taka á móti jólagjöfum. Alls söfnuðust 4.020 kassar. Öllum skókössum var pakkað á bretti og komið fyrir í stórum gámi. Mánudaginn 13. nóvember 2023 var gámurinn sóttur og hófst þá ferðalag gámsins frá húsi KFUM og KFUK við Holtaveg til Kirovohrad í Úkraínu. Eimskip styrkti flutninginn innanlands og sá um sjóflutninginn.

Útdeiling gjafa til barna í Úkraínu

Sjálfbóðaliðar okkar í Úkraínu sáu alfarið um dreifingu gjafanna sem lauk í lok janúar 2024. Aðstæður voru krefjandi og allt aðrar en vanalega vegna stríðsins sem er núna í gangi í Úkraínu. Lítið hefur verið sprengt á því svæði sem við höfum helst verið að þjóna en þeim mun fleiri koma þangað á flóttu og hafa lítið sem ekkert á milli handanna. Hver einasti pakki frá Íslandi gerir mikið fyrir hvert barn og ungumenni á þessu svæði.

Stjórnin vill koma á framfæri þakklæti til allra þeirra sem tóku þátt í verkefninu sem sjálfbóðaliðar og til þeirra sem gáfu gjafir. Það er ykkur að þakka að fjöldi barna sem býr við erfiðar aðstæður fær jólagjöf sem gleður.

HREINN PÁLSSON
RITARI JÓL Í SKÓKASSA



Oft er pakinn frá Íslandi eina gjöfin sem barnið hefur fengið.



Móttaka á gjöfum á heimili fyrir fötluð börn og unglinga.



Eina viku í nóvember er félagshúsi okkar á Holtavegi 28 breytt í vöruhús þar sem gjafirnar eru yfirfarðar (af öryggisástæðum) og flokkaðar eftir aldri barna.



Góður hópur gekk úr Vatnaskógi upp á Kambinn.

5.6 SPORTFÉLAG KFUM OG KFUK

Sportfélag KFUM og KFUK er opinn útivistarhópur sem stendur fyrst og fremst fyrir göngu- og hjólaferðum. Flestar ferðir eru ókeypis og öllu áhugafólki um útivist og hreyfingu er velkomið að taka þátt, óháð því hvort viðkomandi er félagi í KFUM og KFUK eða ekki. Viðburðirnir eru auglýstir í facebook-hópnum „Sportfélag KFUM og KFUK“ og þegar þetta er skrifað eru 628 meðlimir í hópnum.

Stjórn Sportfélagsins skipa Pétur Ásgeirsson formaður, Anna Magnúsdóttir ritari og Guðrún Nína Petersen gjaldkeri. Fimm stjórnarfundir voru haldnir á árinu 2023, ýmist staðfundir eða netfundir. Helstu viðfangsefni á stjórnarfundum voru skipulagning ferða og dagskrár en einnig stillingar og stjórnun facebook-hópsíðunnar.



Pétur
Ásgeirsson



Anna
Magnúsdóttir



Guðrún Nína
Petersen

Einn opinn Sportfélagsfundur var haldinn í febrúar þar sem 15 manns mættu til skrafs og ráðagerða. Í beinu framhaldi af þeim fundi var AD-fundur þar sem fjallað var um Sportfélagið og Spánarferð þess frá því haustinu áður.

Aðrir viðburðir á dagskrá ársins 2023 voru 28 talsins og er það nýtt met í fjölda viðburða á einu ári. Meðalmæting hverju sinni var 11 manns. Pétur Ásgeirsson var fararstjóri í flestum ferðanna og Anna Magnúsdóttir í allmörgum. Einnig voru Guðmundur Jóhannsson, Guðrún Nína Petersen og Hafsteinn Kjartansson fararstjórar. Segja má að hápunktur ársins hafi verið vel heppnuð Hornstrandaferð í júlí með 22 þátttakendum. Gist var fjórar nætur í Hornbjargsvita og gengið út frá honum.



Vaskur hópur á Hornströndum í júlí.

Þrjár gönguferðir voru tengdar viðburðum í sumarbúðum KFUM og KFUK. Þær voru á kaffisöludögum Vindáshlíðar og Ölvers og á Sæludögum í Vatnaskógi þar sem gengið var á Kambinn.

Einnig má nefna vel sóttar vikulegar kvöldgöngur í júní og júlí víðs vegar um nágrenni höfuðborgarsvæðisins.

Fjórar hjólaferðir voru farnar, t.d. 20 manna hjólaferð 1.maí þar sem hjólað var um staði tengda íþróttasögu Reykjavíkur og endað á kaffisölu Kristniboðsfélags kvenna.

Í samvinnu við biblíu- og kristniboðsmiðstöðina Centro Sarepta á Spáni var boðið upp á gönguviku þar að hausti líkt og árið á undan. En vegna dræmrar skráningar að þessu sinni var ákveðið að bæta við þátttakendum frá fleiri löndum þannig að gönguvikan var haldin en var ekki séríslensk í þetta skiptið.

Margar fleiri ferðir voru farnar sem ekki eru taldar hér, einnig yfir vetrarmánuðina.

Í Sportfélagsgöngum er gjarnan farið með bæn eða ritningarorð, auk þess sem ferðir eru stöku sinnum fléttaðar við einhverja kristlega viðburði.

Öllum er velkomið að ganga til liðs við hópinn og njóta útivistar og hreyfingar í góðum félagsskap á kristnum grunni.

ANNA MAGNÚSDÓTTIR
RITARI SPORTFÉLAGS KFUM OG KFUK



Farið var í gönguferðir allt árið um kring. Hér var gengið í haustlitum á Hrauntungustíg í október.



Sportfélag KFUM og KFUK er opið öllu áhugafólki um útivist og hreyfingu.



Stíllt upp í sjálfu á Meðalfelli í Kjós.



Nærandi fyrir líkama, sál og anda! Kvöldganga um Undirhlíðar í upplandi Hafnarfjarðar.



6. ALÞJÓÐASTARF

HILMAR JÓNSSON
TÓK SAMAN



Alþjóðastarf er mikilvægur þáttur í starfsemi KFUM og KFUK á Íslandi enda er félagið hluti af stærri heild á alþjóðavísu.

Við eigum gott samstarf við önnur KFUM og KFUK félög, bæði í Evrópu og á heimsvísu, ásamt sérstöku norrænu samstarfi og sérstöku vinasamstarfi við alþjóðaráð Dana. Þar að auki tekur félagið þátt í ýmsum æskulýðs- og leiðtogaverkefnum sem tengjast öðrum félagasamtökum. Það alþjóðastarf sem KFUM og KFUK á Íslandi tekur þátt í er því fjölbreytt og á sér stað bæði á innlendum og erlendum vettvangi.

Alþjóðaráð

Alþjóðaráð hefur það hlutverk að efla starf KFUM og KFUK á Íslandi á alþjóðavettvangi. Það hefur umsjón með erlendum samskiptum, fylgist með erlendum viðburðum og verkefnum sem í boði eru og velur þátttakendur á þá viðburði. Einnig leitast ráðið við að kynna félagið á erlendra grundu. Eitt af markmiðum ráðsins er að gefa ungu fólki tækifæri til þátttöku í alþjóðlegum verkefnum og öðlast þannig alþjóðlega sýn og reynslu sem nýtist þeim m.a. í verkefnum fyrir KFUM og KFUK. Alþjóðaráðið stuðlar einnig að aukinni vitund félaga að félagið er hluti af alþjóðlegri hreyfingu. Alþjóðaráð skipa: Hilmar Jónsson formaður, Katrín Lea Daðadóttir, Lára Ruth Clausen og Margrét Bo Wan Waage Reynisdóttir.

Norrænn formanna- og framkvæmdastjórnarfundur

Árlegur fundur formanna og framkvæmdastjóra KFUM og KFUK á Norðurlöndunum var haldinn í Kaupmannahöfn 26.–28. janúar 2024.

Markmið fundarins er að skerpa á norrænu samstarfi félaganna og efla tengsl forystufólks KFUM og KFUK á Norðurlöndum. Stefán Jónsson og Tómas Torfason sóttu fundinn fyrir hönd Íslands.

KFUM í Evrópu

KFUM og KFUK á Íslandi er fullgildur aðili að KFUM í Evrópu (YMCA Europe), samtökum KFUM félaga í Evrópu. Félagið tekur virkan þátt í starfi samtakanna á fjölbreyttan hátt, meðal annars með því að sækja ráðstefnur, námskeið og aðalfundi.

Aðalfundur, evrópuþing og 50 ára afmælishátíð KFUM í Evrópu

Aðalfundur KFUM í Evrópu (YMCA Europe General Assembly - #Y2GETHER) var haldinn í Berlín í Þýskalandi 28. til 1. júlí 2023. Fulltrúar Íslands á fundinum voru átta. Tvö sóttu fundinn og afmælishátíðina á meðan 6 manna íslensk hljómsveit hélt uppi bæði stuði og lofgjörð. Benedikt Guðmundsson hljómborðsleikari, Guðmundur Tómas Magnússon söngvari, Hálfaldán Helgi Matthíasson trommari, Hilmar Jónsson stjórnarmaður og formaður alþjóðaráðs, Jakob Freyr Einarsson bassaleikari, Lára Ruth Clausen söngvari, hljómsveitar- og fararstjóri, Margrét Bo Wan Waage Reynisdóttir stjórnarmaður og meðlimur alþjóðaráðs og Trausti Mar Sigurðarson gítarleikari sóttu fundinn fyrir hönd Íslands.

Á fundinum voru hefðbundin fundarstörf og fór lítið fyrir honum. Á þinginu fékk stefna félagsins fram til 2030 (e. Vision 2030) mikla athygli og það er



Árlegur fundur framkvæmdastjóra KFUM í Evrópu fór fram í ráðstefnumiðstöð KFUM í Hollandi dagana 22.–25. október 2023

greinilegt að eins og við erum mörg þá erum við með mismunandi verkefni og að taka saman stefnu fyrir svona margar hreyfingar er mikil vinna en jafnframt góð leið til að kynnst hversu mismunandi við erum. Afmælishátíðin var glæsileg. Það var löng kvöldvaka sem sóttu en hana sótt um 500 manns á lokakvöldi hátíðarinnar í Berlín.

Fundur framkvæmdastjóra KFUM í Evrópu.

Árlegur fundur framkvæmdastjóra KFUM í Evrópu fór fram í Den Dolder, hóteli og ráðstefnumiðstöð KFUM í Hollandi dagana 22.–25. október 2023. Tómas Torfason framkvæmdastjóri sótti fundinn fyrir hönd félagsins.

Samstarf við KFUM og KFUK í Danmörku

Í Danmörku er alþjóðastarfi mjög virkt. Þau eru með stóra nefnd af ungum sjálfböðaliðum sem sjá um starfið. Þau eru með nokkur stór verkefni sem falla undir alþjóðaráð en þau eru. Sjálfböðaliðaskipti sumarþúða, ungliðaferðir í nokkrum flokkum, samstarf við Palestínu, Kamerún, Suður-Afríku og Úkraínu. Danska nefndin hefur verið mjög opin fyrir öllum samskiptum við Ísland og Íslendinga undanfarið og þau bjóða upp á mörg tækifæri.



Tómas Torfason framkvæmdastjóri og Stefán Jónsson formaður sóttu árlegan fund með kollegum á Norðurlöndunum 26.–28. janúar 2024.

Globetrotter til Íslands

Í október komu Danir til Íslands undir merkjum Globetrotter sem fellur undir alþjóðastarf dana. Það eru ferðir sem ungir leiðtogar fara í með 20 manna hóp 16-19 ára á ýmsa staði í heiminum í skólafríum tvisvar á ári. Þar sækjast þau í að hitta jafnaldra á staðnum og kynnst náttúru og menningu. Þau komu á Holtaveg og kynntu verkefnið sitt ásamt því að mæta á KSF fund. Ungmennaskiptanefnd Dana til Íslands
Í október komu einnig nefndarmeðlimir alþjóðaráðs sem vinna að ungmennaskiptum til Íslands. Er það von þeirra og alþjóðaráðs að við getum opnað leið fyrir dönsk ungmenntu að koma í sjálfböðaliðastarf

Hvers virði er KFUM og KFUK mér?



Fyrir mér er KFUM og KFUK gjöf Guðs til mín og mjög stór hluti af mínu lífi. Ég fékk að upplifa sem unglingur að ég væri mikils virði í augum Guðs og ég gæti nýtt mína hæfileika og ástríðu til að koma boðskapnum til barna og unglinga. Félögin komu mér sannarlega til hjálpar að styrkja sjálfsmynd mína og sjálfsöryggi, gefa mér lífsfyllingu og byggja upp þann lífsstíl og þau lífsgæði sem ég á í dag.

Að alast upp í KFUM og KFUK gaf mér tækifæri til að þroskast í frábærum hópi leiðtoga og góðra fyrirmynda. Sumarþúðastarf, deildarstarf, ferðalög, biblíuleshópar, samkomur, stjórnarstarf og annað innan félagsins hefur gefið mér svo ótrúlega margt sem fleytir mér áfram í daglegu lífi. KFUM og KFUK hefur gefið mér dýrmæta vini til lífstíðar og þau forréttindi að vinna með og kynnst fólki á öllum aldri. Sú dýrmæta gjöf að vera hluti af þessu magnaða starfi og vera í höndum Guðs alla daga, er ótrúlega mikils virði.

Sigurbjört Kristjánsdóttir



Íslenski hópurinn á 50 ára afmælishátíð YMCA Europe. Aftari röð: Hálf dán Helgi Matthíasson, Guðmundur Tómas Magnússon, Jakob Freyr Einarsson, Benedikt Guðmundsson, Lára Ruth Clausen og Trausti Mar Sigurðarson. Fremri röð: Hilmar Jónsson og Margrét Bo Wan Waage Reynisdóttir.

Hvers virði er KFUM og KFUK mér?

Virði starfs KFUM og KFUK er annars vegar fólgið í rýminu sem félagið skapar og hins vegar í samfélaginu sem dafnar innan félagsins.

Virðið í rýminu sem KFUM og KFUK skapar.

Um er að ræða rými fyrir börn, unglinga og fullorðna til að fá að þroska hæfileika sína í öruggu umhverfi; rými til að fá að taka að sér ábyrgðarhlutverk undir leiðsögn; rými til að þroskast andlega og móta sínar trúarhugmyndir; rými til að þroskast félagslega og tileinka sér umburðarlyndi; rými til að þroskast líkamlega í gegnum hreyfingu og heilbrigða lífnaðarhætti. Virðið í samfélaginu sem þrífst innan KFUM og KFUK.

Um er að ræða samfélag þar sem innan félagsins eru öll vekomín; samfélag þar sem góður andi er alltumlykjandi; samfélag sem fólk getur tilheyrt á eigin forsendum; samfélag í trú; samfélag þar sem velvild ríkir; samfélag þar sem vináttutengsl myndast.

KFUM og KFUK er mikils virði fyrir mér vegna þess rýmis sem félagið hefur veitt mér og öðrum og vegna þess samfélags sem þrífst innan félagsins, umlukið kærleika.

Birgir Urbancic Ásgeirsson



í sumarbúðum á Íslandi. Þau hittu ýmsa starfsmenn og stjórnendur sumarbúða, skoðuðu náttúru Íslands og heimsóttu Vatnaskóg, Vindáshlíð og Kaldársel ásamt því að fara í hellaferð við Kaldársel.

Samstarf við KFUM í Úkraínu

KFUM og KFUK á Íslandi á gott samstarf við KFUM í Úkraínu í gegnum verkefnið Jól í skókassa. Er komið nánar inn á það samstarf í kafla 5.5 sem er tileinkaður verkefninu.

50 ára afmælishátíð YMCA Europe

Á árinu 2023 voru 50 ár liðin frá stofnun Evrópusambands KFUM, YMCA Europe. Af því tilefni var haldinn afmælisviðburður í Berlín 28. Júní – 2. Júlí undir yfirskriftinni Y2gether. Um 400 leiðtogar, sjálfboðaliðar og ungmenni komu saman til að fagna þessum tímamótum og eiga í leiðinni uppbyggilega samveru.

Átta fulltrúar frá KFUM og KFUK á Íslandi sóttu hátíðina, eins og fram hefur komið, tveir fulltrúar úr stjórn og alþjóðaráði og svo sem manna hljómsveit sem var húsbandið á hátíðinni.

Við fengum hljómborðsleikara hlómsveitarinnar, Benedikt Guðmundsson, til að segja frá upplifun sinni af viðburðinum:

Mín upplifun af Y2gether, 50 ára afmælishátíð YMCA Europe

Dagana 28. júní til 2. júlí 2023 fór fram 50 ára afmælishátíð YMCA Europe í Berlín. Á hátíðina mættu u.þ.b. 400 manns frá ýmsum löndum í Evrópu og víðar. Af þeim voru átta þátttakendur frá Íslandi, tveir sem almennir þátttakendur og sex manns voru í hljómsveit sem spilaði á kvöldvökum



Hljómsveit skipuð ungmennum úr starfi KFUM og KFUK á Íslandi var húsbandið á hátíðinni og spilaði á samverum bæði kvölds og morgna.

og öðrum viðburðum á hátíðinni, þar á meðal ég. Alþjóðaráð KFUM og KFUK á Íslandi kom því í kring að íslensk hljómsveit yrði send út og hafði þá samband við tónlistarfólk innan félaganna en ekkert okkar hafði spilað á viðburði sem þessum áður. Það reyndist vera mikil kúnt að finna tíma fyrir hljómsveitaræfingar áður en haldið var út enda voru flestir meðlimir sveitarinnar starfandi í sumarbúðum KFUM og KFUK auk þess sem gítarleikarinn var búsettur í Vestmannaeyjum. Þessar æfingar gengu þó vel að lokum.

Hópurinn lagði af stað mánudaginn 26. júní og hafði því tvo daga til að koma sér fyrir í borginni og æfa lögin enn betur. Flest laganna voru vinsæl dægurlög en auk þeirra spilaði hljómsveitin nokkur lofgjörðarlög og íslensk popplög sem vöktu mikla lukku meðal áheyrenda. Við sem vorum í hljómsveitinni gátum því miður ekki tekið mikinn þátt í dagskrá mótsins því mestallur frítími fór í æfingar og undirbúning en að meðaltali spilaði hljómsveitin á tveimur viðburðum á dag. Algengt var að fyrri viðburður dagsins væri ráðstefna með fyrirlestrum um ýmis viðvangsefni sem varða félög eins og KFUM og KFUK, t.d. umhverfismál, heilsu og jafnrétti. Þá voru kvöldvökur í lok hvers dags þar sem diskó og hávært rokk réð för.



Um 400 manns tóku þátt í hátíðinni.

Hljómsveitin varð betri og betri með hverju kvöldinu og það var ótrúlega gaman að fá hrós og jákvæðar athugasemdir frá fólki. Okkur bauðst meira að segja að taka þátt í ýmsum viðburðum og verkefnum út um alla Evrópu og það gæti vel verið að við grípum eitthvert af þessum tækifærum í náinni framtíð. Á hátíðinni var fjöldinn allur af lykilfólki innan starfs YMCA sem var mjög áhugavert að spjalla við. Þann stutta frítíma sem við fengum gátum við nýtt í skoðunarferðir um borgina, verslunarferðir og að kynnst öðrum sem sóttu viðburðinn.

Þó var ekki allt dans á rósum og það var óneitanlega mikil spennan og stress í hópnum með þetta mikla verkefni hangandi yfir okkur. Engin vandamál sem komu upp voru ófyrstíganleg og íslenski hópurinn varð sterkari fyrir vikið, bæði sem einstaklingar og sem heild. Það er auðvitað eftir stefnu YMCA að treysta ungu fólki fyrir stórum og mikilvægum verkefnum því þannig verða öflugir leiðtogar til. Velgengni okkar er æðislegu fólki að þakka sem var til staðar fyrir okkur öllum stundum, allt frá fólki í skipulagsnefnd hátíðarinnar yfir í tæknifólkið sem var í heimsklassa og mjög þægilegt að vinna með. Við sem í hljómsveitinni vorum höfum öðlast ómetanlega reynslu en Hilmar og Margrét sem ferðuðust með okkur eiga mikið hrós skilið fyrir að styðja við bakið á okkur í þessu mikla ævintýri. Ég vona innilega að það komi upp fleiri tækifæri á borð við þetta á næstunni.

7. INNLEND SAMSTARFSVERKEFNI

TÓMAS TORFASON
TÓK SAMAN



KFUM og KFUK á Íslandi á samstarf við fjölmarga aðila innanlands. Í kaflanum er greint frá helstu samstarfsaðilum og samstarfsverkefnum á starfsárinu.

Æskulýðsvettvangurinn

KFUM og KFUK á Íslandi, Bandalag íslenskra skáta, Ungmennafélag Íslands og Slysavarnafélagið Landsbjörg mynda saman samstarfsvettvang undir heitinu Æskulýðsvettvangurinn (ÆV). Þetta samstarf má rekja til ársins 2007, en formleg stofnun ÆV fór fram 2012 þegar ÆV fékk lög og kennitölu og réði til sín starfsmann. Stjórn ÆV skipuðu þau Tómas Torfason formaður (KFUM og KFUK), Auður Þorsteinsdóttir formaður (UMFÍ), Gunnar Stefánsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg) og Ragnar Þór Prastarson (BÍS). Valdís Helga Þorgeirsdóttir er verkefnastjóri ÆV, en hún kom til starfa haustið 2022.

Tilgangur og markmið ÆV er að stuðla að samræðu og samstarfi aðildarfélaganna á sviði leiðtogaþjálfunar, fræðslu- og forvarnarmála, útbreiðslu og kynningar og á öðrum sviðum eftir því þurfa þykir. Starf ÆV felst í að auka gæði og öryggi í íþrótta- og æskulýðsstarfi með hagsmuni barna og ungmenna að leiðarljósi. Það gerir ÆV með fræðslustarfi og námskeiðum, með því að miðla þekkingu og reynslu og með því að leggja til verkfæri og verkferla. Gildi ÆV eru vellíðan, velferð og öryggi.



Valdís Helga
Þorgeirsdóttir,
verkefnastjóri
Æskulýðs-
vettvangsins

Samskiptaráðgjafi íþrótta- og æskulýðsstarfs

KFUM og KFUK á gott samstarf við Samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs, sem skipaður er af stjórnvöldum. Markmiðið með

starfsemi Samskiptaráðgjafa er að stuðla að því að íþrótta- og æskulýðsstarf fari fram í öruggu umhverfi og að börn, unglingar og fullorðnir, óháð kynferði eða stöðu að öðru leyti, geti stundað íþróttir eða æskulýðsstarf og leitað sér aðstoðar eða leitað réttar síns vegna atvika og misgerða sem eiga sér stað án þess að þurfa að óttast afleiðingarnar. Starfsfólk hjá embætti samskiptaráðgjafa eru Kristín Skjaldardóttir, Sigurbjörg Sigurpáldóttir og Þóra Sigfríður Einarsdóttir.

Eftir að embætti Samskiptaráðgjafa var sett á laggirnar, hefur starfsemi Æskulýðsvettvangsins breyst. Tilkynningar um einelti, kynferðisbrot og aðra óæskilega hegðun færst núna beint til Samskiptaráðgjafa, en Æskulýðsvettvangurinn sinner fyrst og fremst fræðslu- og forvarnarsarfi.

Kristilega skólahreyfingin

Kristilega skólahreyfingin (KSH); Kristileg skólasamtök (KSS) og Kristilegt stúdentafélag (KSF) hafa átt náið samstarf við KFUM og KFUK á Íslandi um áratuga skeið. Starf KSS miðast við aldurshópið 15-20 ára og starf KSF fyrir háskólastúdenta. Ungmennastarfið skólahreyfingarinnar hefur verið það samofið starfi KFUM og KFUK, að félaginu hefur ekki þótt ástæða til að standa fyrir eigin starfi fyrir sama aldurshóp í Reykjavík.

Starfsmaður KSH, Rakel Brynjólfssdóttir lét af störfum í starfsárinu. Við starfi hennar tók Matthías Guðmundsson. Starfsmaður KSH er með starfsaðstöðu á Holtavegi 28 og er hluti af starfsmannateymi KFUM og KFUK. Starfshlutfallið er 50%.

KSS heldur vikulega fundi sína í félagshúsi KFUM og KFUK á Holtavegi og árleg mót sín í sumarþúðum félagsins. Þá fléttast starf KSS saman við leiðtogaþjálfun félagsins. Starf KSF hefur einnig verið blómlegt á

Námskeið Æskulýðsvettvangsins



Barnavernd



Einelti í íþrótta- og
æskulýðsstarfi



Hátursorðræða



Hinsegin fræðsla



Inngildning og fjölmennning



Samskipti og siðareglur



Skjónotkun barna og
ungmenna



Verndum þau

Æskulýðsvettvangurinn er samstarf KFUM og KFUK, Skáta, UMFÍ og Landsbjörg um fræðslu og forvarnarnir í íþrótta- og æskulýðsstarfi.



Friðrikskapella er í sameiginlegri eigu KFUM og KFUK á Íslandi, Karlakórsins Fóstbræðra, Knattspyrnufélagsins Vals og Skátasambands Reykjavíkur.

starfsárinu. Samverur hafa verið hálfsmánaðarlega. Árleg skíðaferð ungmenna til Akureyrar (sjá kafla 2) er í samstarfi við KSS og KSF.

Þjóðkirkjan

Þræðir KFUM og KFUK og Þjóðkirkjunnar liggja víða saman. KFUM og KFUK á Íslandi á náð og gott samstarf við marga söfnuði þjóðkirkjunnar um barna- og æskulýðsstarf (sjá nánar kafla 2). Leikjanámskeið í Kópavogi voru haldin í samstarfi við Lindakirkju. Félagið á mikið samstarf við söfnuði þjóðkirkjunnar um fermingarnámskeið í Vatnaskógi (sjá kafla 11). Þá nýta fjölmargir hópar innan þjóðkirkjunnar aðstöðu í sumarbúðum KFUM og KFUK fyrir námskeið og aðra viðburði.

Friðrikskapella á Hlíðarenda

Friðrikskapella er eitt af samstarfsverkefnum, en hún er í sameiginlegri eigu KFUM og KFUK á Íslandi, Karlakórsins Fóstbræðra, Knattspyrnufélagsins Vals og Skátasambands Reykjavíkur. Í Friðrikskapellu eru haldnar hádegissamverur á mánuðögum yfir vetrarmánuðina. Þá er kapellan nýtt fyrir margskonar viðburði og samverur. Fulltrúi KFUM og KFUK í kapellunefnd er Kári Geirlaugsson.

Mennta- og barnamálaráðuneytið

Stjórnvöld hafa ríkan skilning á mikilvægi æskulýðsstarfs fyrir íslenskt samfélag. KFUM og KFUK á Íslandi á gott samstarf við Mennta- og barnamálaráðuneytið, sérstaklega íþrótt- og æskulýðsdeildina. Valgerður



KFUM og KFUK á Íslandi á náð og gott samstarf við marga söfnuði þjóðkirkjunnar um barna- og æskulýðsstarf. Áralangt samstarf hefur verið við Lindakirkju í Kópavogi, bæði um æskulýðsstarf að vetri og leikjanámskeið á sumrin.

Þórunn Bjarnadóttir og Örvar Ólafsson eru tengiliðir ráðuneytisins við félagið. Þjónustusamningur er á milli KFUM og KFUK á Íslandi og Mennta- og barnamálaráðuneytisins af hálfu ríkisins.

Sveitarfélög

KFUM og KFUK á gott samstarf við fjölmörg sveitarfélög. Þjónustusamningur er á milli KFUM og KFUK og Reykjavíkurborgar. Þjónustusamningar eru á milli KFUM og KFUK Suðurnes (sjá kafla 18) og Reykjanesbæjar annarsvegar og milli KFUM og KFUK á Akureyri (sjá kafla 16) og Akureyrarbæjar. Hafnarfjarðarbær styður starfið í Kaldáseli auk þess sem KFUM og KFUK á gott samstarf við Kópavogsbæ vegna leikjanámskeiða í Lindakirkju. Leikskólinn Vinagarður (sjá kafla 19) á gott samstarf við fræðsluvið Reykjavíkurborgar og Vinasetrið í Kaldárseli (sjá kafla 20) á gott samstarf við félagsþjónustur sveitarfélaganna á suðvesturhorni landsins.

Almannaheill

KFUM og KFUK er fullgildur aðili að Almannaheillum, samtökum þriðja geirans. Samtökin vinna að sameiginlegum hagsmunarmálum almannaheillafélaga, meðal annars að skattaleg staða þeirra verði bætt. Á starfsárinu var Tómas Torfason, framkvæmdastjóri KFUM og KFUK, kjörinn formaður Almannaheilla.

Hvers virði er KFUM og KFUK mér?



Fyrstu minningarnar mínar frá KFUM og KFUK eru frá leikjanámskeiðunum í Hjallakirkju þegar ég var 8 ára. Ég beið spennt eftir því að fá að fara í sumarbúðir eins og eldri bróðir minn, og á næstu árum fór ég bæði í Ölver og Vindáshlíð. Þaðan á ég frábærar minningar sem mér þykir mjög vænt um. Ég var mjög virk í yngri deildinni í Lindakirkju en fjaraði út úr starfinu sem unglingur.

Þegar ég varð eldri fékk ég vinnu á leikjanámskeiðunum í Lindakirkju í gegnum vinnuskóla Kópavogsbæjar og þekkti engan þegar ég byrjaði. Þetta sumar kynntist ég fullt af frábæru fólki sem kynnti mig fyrir starfi félagsins. Fljótlega var ég farin að sjá um deildarstarf, vinna í sumarbúðunum og finna fyrir gleðinni sem ríkir innan félagsins.

Það sem mér finnst svo mikilvægt við KFUM og KFUK er hvað það er auðvelt að tilheyra því það eru allir velkomnir. Ég starfa innan félagsins á mínum eigin forsendum og er stolt af því að vera hluti af þessum frábæra félagi.

Það sem kemur efst upp í hugann hjá mér þegar ég hugsa um KFUM og KFUK eru kærleikur, samvinna og frábær félagsskapur. Í gegnum félagið hef ég kynnst mörgum af mínum nánustu vinum og fyrir það er ég Guði ævinlega þakklát.

Karen Sól Halldórsdóttir

8. ÚTGÁFU- OG KYNNINGARMÁL

TÓMAS TORFASON
TÓK SAMAN



Útgáfu- og kynningarmálum KFUM og KFUK sinna bæði starfsmenn félagsins og sjálfbóðaliðar. Fjölbreyttir miðlar eru nýttir til að koma á framfæri því fjölbreytta starfi sem félagið býður upp á. Þannig hefur vægi samfélagsmiðla aukist ár frá ári. Hluti af kynningarstarfinu er unnið í þágu félagsins í heild, meðan annað snýr að afmörkuðum starfsstöðvum, verkefnum eða viðburðum. Stundum snýr kynningarstarf að afmörkuðum hópi, t.d. félagsfólki KFUM og KFUK, en í öðrum tilfellum er horft til breiðari hóps almennings, t.d. þegar við gefum út kynningarblað fyrir sumarbúðirnar.

Afmælismerki og grafísk ásynd

KFUM og KFUK á Íslandi tók upp nýtt merki vorið 2022 og fylgir þar systur hreyfingum okkar í Noregi og Danmörku. Innleiðing á nýju merki og útliti hefur smátt og smátt verið að taka yfir grafíska ásynd félagsins. Í tilefni af 125 ára afmæli KFUM og KFUK 2024 vara Markús Bjarnason fenginn til að gera afmælisútgáfu af merkinu.

Fréttabréf

Fréttabréf KFUM og KFUK kom eins einu sinni út á starfsárinu, í maí 2023. Fréttabréfið var sent út til allra félagsmanna KFUM og KFUK, marga kirkna, æskulýðssamtaka á landinu, alþingismanna og borgar- og bæjarfulltrúa og fleiri velunnara. Rafrænar útgáfur má skoða á slóðinni <http://issuu.com/kfumkfuk>.

Í fréttabréfinu er bæði greint frá liðnum viðburðum í starfi félagsins og dagskrá komandi vikna og mánaða kynnt.

Ársskýrsla

Vorið 2022 kom ársskýrsla KFUM og KFUK á Íslandi út fyrir starfsárið 2021–2022 og var send til félagsfólks ásamt boðsbrefi fyrir aðalfund KFUM og KFUK. Stuttu síðar var hún einnig send til velunnara félagsins. Rafrænar útgáfur af ársskýrslum síðustu ára má skoða á slóðinni <http://issuu.com/kfumkfuk>.



Í tilefni af 125 ára afmæli KFUM og KFUK 2024 var útbúin afmælisútgáfa af merki félagsins, sem notuð er víða til að verkja athygli á tímamótunum.



Bókunarvefur KFUM og KFUK, [sumarfjor.is](http://www.sumarfjor.is), var uppfærður á starfsárinu og tekur núna mið af nýju merki og grafískri ásynd félagsins.

Vefsvæði og aðrir samskiptavefir

Félagið heldur úti öflugum vefsvæði á slóðinni www.kfum.is. Fyrir utan heimasíðuna sem birtist á www.kfum.is, samanstendur svæðið af nýu sjálfstæðum vefsíðum fyrir starfsstöðvar og verkefni innan félagsins. Rúmlega 80 einstaklingar koma að því að skrifa fréttir og upplýsingar inn á vefsvæðið.

Nathalia Imelda heldur utan um vefsvæði félagsins.

Facebook síða KFUM og KFUK á Íslandi birtir fréttir og myndir úr starfinu ásamt því að kynna sérstaka viðburði. Síðan hefur rúmlega 2500 fylgjendur. Umsjón er að mestu leyti í höndum Elínar Hrundar Garðarsdóttur. Félagið notar Facebook mikið sem verkfæri í samskiptum við félagsfólk og almenning. Þannig eru margir hópar, starfsstöðvar og verkefni með sínar eigin Facebook síður. Þá eru smáskilaboð í Facebook orðin mjög algeng í samskiptum og hafa að nokkru leyti tekið við hlutverki tölvupóstsins. KFUM og KFUK notar einnig samfélagsmiðilinn Instagram til að kynna starfið, undir heitinu [kfumkfukiceland](http://kfumkfukiceland.com). Hann má sjá á slóðinni <http://instagram.com/kfumkfukiceland>.

KFUM og KFUK notar vef YouTube til að birta myndbönd, vef issuu.com til birtingar á útgefnum prentefni og myndir frá starfi félagsins eru birtar á vefnum Flickr: <http://www.flickr.com/photos/kfum-kfuk-land/>. Hægt er að nálgast myndböndin, prentefnið og ljósmyndirnar í gegnum heimasíðu félagsins.

Jafnframt heldur félagið úti vefsíðunni www.sumarfjor.is sem er sérsníðuð skráningarsíða fyrir viðburði og starfsemi á vegum félagsins.

Efnisveita, námsvefur og handbók sumarbúða

Í starfi KFUM og KFUK er fræðsluefni fyrir æskulýðsstarf mikið notað og má nálgast það slóðinni www.kfum.is/efnisveita. Þar eru hugmyndir fyrir fundi, verkefni, hugleiðingar, leikir og fleira efni frá árunum 2007 til dagsins í dag. Handbók sumarbúðanna er á slóðinni www.kfum.is/handbok. Þar má nálgast fjölbreyttar upplýsingar og fræðslu fyrir starfsfólk sumarbúðanna. Loks má nefna Námana - námsvef KFUM og KFUK (<https://kfum.is/naman>), en þar má nálgast vefnámskeið fyrir starfsfólk í sumarstarfi félagsins.

Netfréttir

Í hverri viku eru yfir vetrarmánuðina sendar út netfréttir um starf félagsins og viðburði sem eru á döfinni í fullorðins- og æskulýðsstarfi. Fréttirnar eru sendar með tölvupósti til allra þeirra sem hafa skráð sig á netfangalista í gegnum heimasíðu félagsins. Notast var við netpóstkerfið MailChimp til að halda utan um sendingar á netfréttunum. Netfréttir eru sendar á 580 netföng. Umsjón með netfréttum hefur Elín Hrund Garðarsdóttir.

Kynning á sumarstarfi KFUM og KFUK

Fyrir fyrsta skráningardag 2023 var gefið út 16 síðna sumarbúðablað þar sem sumarbúðir og leikjanámskeið á vegum félagsins sumarið 2023 voru kynnt. Safnað var auglýsingum og styrkjum frá ýmsum fyrirtækjum til að greiða fyrir útgáfu blaðsins. Blaðið var prentað í 75.000 eintökum og dreift á öll heimili á höfuðborgarsvæðinu. Auk þess var blaðið sent í pósti til skráðra þátttakenda í starfinu sem búsett eru í öðrum póstnúmerum. Samhliða útgáfu- og umfangsmikillar dreifingar sumarbúðablaðsins var auglýst aðeins í sjónvarpi og útvarpi, þó með minna móti en undanfarin ár. Þunginn af útgáfu sumarbúðablaðsins 2024 og samræmda sumarbúðaauglýsinga var í höndum Ársæls Aðalbergssonar og Tómasar Torfasonar. Auk þeirra komu Helga Sóley Björnsdóttir, Guðni Már Harðarson, Sigurður Grétar Sigurðsson og Jón Ómar Gunnarsson að söfnun auglýsinga og styrkja fyrir blaðið.

Í framhaldi af samræmdum sumarbúðakynningum hafa stjórnir einstaka sumarbúða haldið úti kynningarstarfi fyrir sínar sumarbúðir, einkum á samfélagsmiðlum, en einnig með útgáfu einfaldra bæklinga, markpósti eða beinna auglýsinga í sínu nærumhverfi.



Hvers virði er KFUM og KFUK mér?



Stutta svarið við þessari spurningu er að félagið er mér mjög mikils virði. Þegar ég lít yfir þau 70 ár sem ég hef lifað sé ég hversu gott veganesti ég fékk þar sem barn og unglingur. Það var mjög gaman að vera lítil stelpa og vera í KFUK. Ég lærði margt úr Biblíunni og að biðja. Það var mikið sungið á fundunum og farið í alls konar leiki og framhaldssögur lesnar. Það var oft mikið fjör og við stelpurnar sátum ekki alltaf stilltar og grúðar!

Ég var óþreyjufull að fá að fara í Vindáshlíð og það rættist svo sannarlega því þar var ég mörg sumur í flokk og starfaði síðar sem leiðtogi. Mér var treyst þó ég væri ung og ég fann að ég skipti máli. Stundum var mér kastað út í djúpu laugina en fékk þá leiðsögn og stuðning en oft þurfti maður samt að bjarga sér. Þetta hefur mótað mig og gert mér kleift að takast á við verkefni lífsins á ýmsum vettvangi.

Það er mjög gaman að eldast í þessu félagi þó þetta sé félag ungra manna og kvenna! Bakhjarlar eru mikilvægir og þannig lít ég á mig í dag og tek þátt í starfi fyrir fullorðna og ég fæ enn að fara í flokk í Hlíðinni og á Sæludaga í Skóginum. Ég þakka Guði fyrir KFUM og KFUK.

Ragnheiður Sverrisdóttir

9. HÚSNÆÐI OG STARFSAÐSTAÐA



KFUM og KFUK á og rekur húseignir á átta stöðum á landinu, á 27 fastanúmerum sem telja samtals 8.572 fm. Auk þess að bera ábyrgð á umfangsmiklu, vönduðu og faglegu æskulýðsstarfi, ber stjórn félagsins og stjórnir starfsstöðvanna því einnig ábyrgð á fjölda húseigna, viðhaldi þeirra og starfsaðstöðu þeim tengdum.

Hér er ekki um að ræða eignir í hefðbundinni merkingu, þ.e. húsinn ganga ekki kaupum og sölum, heldur er um að ræða starfsaðstöðu og umgjörð um það fjölbreytta starf sem kynnt er í þessari skýrslu.

Við tölum um að bera ábyrgð á, því húseignir og starfsaðstaða kalla á umsjón, rekstur og reglubundið viðhald. Sum húsanna eru líka komin til ára sinna og þurfa viðhald og endurbætur í samræmi við aldur. Þá þarf stöðugt að horfa til framþróunar, en með hverju árinu gerir samfélagið auknar kröfur til öryggis, gæða og aðgengis þegar kemur að húsnæði sem nýtt er fyrir æskulýðsstarf. Samhliða reglubundnu viðhaldi þarf því einnig að uppfæra eldra húsnæði og bæta starfsaðstöðu í samræmi við ný viðmið.

Til viðbótar við húsnæði mældu í fermetrum, bera stjórnir sumarbúðanna fimm einnig ábyrgð á vatnsveitum og frárennslismálum, á útisvæðum, t.d. leiksvæðum, íþróttastöðum, vegum, plönum o.s.frv. Húsnæði og starfsaðstaða, viðhald og umbætur er því jafnan veigamikill liður í stjórnarstörfum og jafnframt stór útgjaldaliður. Á árinu 2023 var heildarkostnaður vegna viðhalds húseigna og lóða tæplega 73 milljónir kr. Með því að taka þetta saman hér, í sérstökum kafla í ársskýrslu félagsins, viljum við undirstrika þá miklu vinnu og þá fjármuni sem fara í að viðhalda og bæta starfsaðstöðuna í starfi KFUM og KFUK. Verkefni sem að mestu hvílir á herðum sjálfboðaliða.



27 húseignir
samtals 8.572 fm.

Virðisaukaskattur þyngir róðurinn

Hvorki uppbygging né viðhald húsnæðis KFUM og KFUK er undanþegið virðisaukaskatti. 24% virðisaukaskattur leggst á allar slíkar framkvæmdir, bæði vinnu og efniskaup. Þyngir það vissulega róðurinn við fjármögnun slíkra verkefna.

Með nýjum lögum um almannaeiðisfélög hefur KFUM og KFUK tækifæri á 60% endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnuliðum vegna bygginga eða endurbóta húsnæðis. Ætla má að það jafngildi u.þ.b. 30% alls þess virðisaukaskatts sem greiddur er vegna viðhalds og endurbóta húsnæðis. Því ber vissulega að fagna og þakka fyrir.

En betur má ef duga skal. KFUM og KFUK hvetur því stjórnvöld til að skapa glugga í lögum um virðisaukaskatt, svo félagsamtök sem eiga og reka húsnæði sem eingöngu er nýtt undir æskulýðsstarf, geti sótt um fulla endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna nýbygginga og viðhalds húsnæðis.

1.997 fm.

Reykjavík - aðalstöðvar



Fjöldi húsa: 3

Aðrar viðhaldsskyldur: Tveggja hektara lóð á Holtavegi 28, bílplan og leikskólaleiksvæði.

2.722 fm.

Vatnaskógur



Fjöldi húsa: 7 (+ nýr matskáli 344 fm í smíðum)

Aðrar viðhaldsskyldur: Íþróttasvæði, bryggja og bátar, vatnsveita, frárennsliskerfi, vegur, stígar, skógrækt o.fl.

668 fm.

Kaldársel



Fjöldi húsa: 2

Aðrar viðhaldsskyldur: Útisvæði, fráveita o.fl.

1.460 fm.

Vindáshlíð



Fjöldi húsa: 5


Aðrar viðhaldsskyldur: Útisvæði, vatnsveita, frárennsliskerfi, vegur, stígar, skógrækt o.fl.



267,3 milljónir kr.

fóru í viðhald og endurbætur fasteigna árið 2020–2023

Það er fyrir utan kostnað
við nýjan matskála í Vatnaskógi.



Við teljum ekki við hæfi að ríkissjóður nýti endurnýjun og viðhaldsaðgerðir á húsnæði, sem byggt er af góðgerðarfélögum og eingöngu nýtt undir starf sömu félaga, til fjáröflunar fyrir ríkissjóð með því að leggja virðisaukaskatt ofan á þann kostnað sem fyrir er.

Áskoranir framundan

Fyrir utan allt hefðbundið viðhald sem sinna þarf á hverju ári, bíða margar umfangsmiklar áskoranir í húsnæðismálum innan félagsins. Hér nefndum við nokkrar þeirra:

Ónýtt hús á Holtavegi 28

Eldra húsið í höfuðstöðvum félagsins á Holtavegi 28 er ónýtt vegna myglu. Húsið er 540 fm og fasteigamat þess er 235.100.000 kr. Ljóst er að rífa þarf húsið, en það verður gert þegar búið er að ákveða hvað



Flestar starfsstöðvar félagsins glíma við áskoranir í húsnæðismálum. Umtalsverðar og kostnaðarsamar endurbætur þarf að gera á eldri hluta skálans í Kaldárseli á komandi árum. Eldri hlutinn er vinstra megin á myndinni.

231 fm.

Akureyri - félagsheimili



Fjöldi húsa: 1

Aðrar viðhaldsskyldur: Þátttaka í sameign í Sunnuhlíð 12.

897 fm.

Ölver



Fjöldi húsa: 6

Aðrar viðhaldsskyldur: Útisvæði, vatnsveita, hitaveita, frárennsliskerfi, vegur, stígar, skógrækt o.fl.

160 fm.

Reykjanesbær - félagsheimili



Fjöldi húsa: 1

Aðrar viðhaldsskyldur: Lóð og bílastæði.

436 fm.

Hólavatn



Fjöldi húsa: 2

Aðrar viðhaldsskyldur: Útisvæði, bryggja og bátageymsla, vatnsveita, frárennsliskerfi, vegur, stígar, skógrækt o.fl.

verði byggt í staðinn og hvernig það skuli fjármagnað. Fyrstu teikningar að nýju húsi hafa verið gerðar, svo hægt sé að taka umræðu um þarfir félagsins og þá möguleika sem eru í stöðunni.

Nýr matskáli í Vatnaskógi

Skógarmenn KFUM hafa hafið framkvæmdir við nýjan matskála í Vatnaskógi. Núverandi matskáli var byggður 1968. Áætlaður kostnaður við að byggja nýjan matskála er nálægt 200 milljónum króna. Sjá nánar í kafla 11.

Nýtt starfsmannahús í Vindáshlíð

Fellin, hús fyrir starfsfólk Vindáshlíðar var rífið haustið 2020, enda ónýtt vegna raka og myglu. Það er mikil þörf fyrir slíkt starfsmannahús, svo ljóst er að úr því þarf að bæta á næstu árum í Vindáshlíð.

Endurnýja ytra byrði gamla skálans í Vindáshlíð

Þegar að suður gaf elsta hluta skálans í Vindáshlíð var endurnýjaður kom í ljós að yfirfara og endurnýja þarf fleiri útveggi á skálanum í Vindáshlíð.

Þar þarf einnig að setja upp nýjan brunastiga. Ljóst er að yfirfara þarf fleiri útveggi á skálanum í Vindáshlíð.

Margskonar endurbætur í Kaldárseli

Í Kaldárseli voru gerðar umfangsmiklar og nauðsynlegar endurbætur veturinn 2020-2021 sem kostuðu Kaldársel um 40 milljónir kr. Framundan bíða umfangsmiklar viðgerðir eldhúsi, matsal og fleiru í elsta hluta skálans.

Endurnýjun á þaki á Hólavatni

Á Hólavatni, sumarbúðum okkar í Eyjafirði, liggur fyrir að endurnýja þarf þakið á eldri hluta skálans.

Leikskáli í Ölveri

Forystufólk sumarbúðanna í Ölveri hefur um langt skeið dreymt um að bæta starfsaðstöðuna með leikskála eða litlu íþróttahúsi. Í mörg ár hefur staðið yfir söfnun í Sveinusið til að fjármagna þann draum. Umtalsverðar og dýrar viðhaldsaðgerðir á svefnskálanum Ölveri á síðustu árum hafa hins vegar tafið það verkefni.

Aðgengismál í félagsheimilinu á Akureyri

Félagsheimili KFUM og KFUK á Akureyri er á annarri hæð í Sunnuhlíð 12. Þar er engin lyfta sem takmarkar aðgengi að félagsheimilinu. Sú áskoran hvílir á stjórn félagsins á Akureyri að bæta úr því.

Endurnýjun íþróttahúsins í Vindáshlíð

Þörf er á að endurnýja íþróttahúsið í Vindáshlíð, einkum vesturhluta hússins, leikherbergi, búningsklefa og sturtur. Þá langar stjórn Vindáshlíðar að koma upp palli og pottasvæði utan við húsið.

Þær áskoranir sem hér eru nefndar eru til viðbótar því hefðbundna viðhaldi sem sinna þarf með reglubundnum hætti. Ætla má að félagið þurfi að verja til þess 75–80 milljónum kr. árlega á komandi árum.

Það er ljóst á ofangreindu að það munar um þær skattaívilnanir sem fylgja nýrri löggjöf um almannaeillafélög. En þrátt fyrir þann skattaafslátt er KFUM og KFUK að greiða mikinn virðisaukaskatt þegar tekist er á við nauðsynlegt viðhald og uppbyggingu á starfsaðstöðu.

Hvers virði er KFUM og KFUK mér?

Ég kynntist KFUM og KFUK í fyrsta skipti í Vatnaskógi þá 8 ára gamall með pabba á feðgahelgi. Síðan þá hef ég fengið að vera þátttakandi og leiðtogi í því frábæra starfi sem félagið starfrækir og notið heldur betur góðs af.



KFUM og KFUK hefur gefið mér mína bestu vini og vinkonur sem ég á ennþá í dag. Ég sá það fljótt að krakkarnir sem lögðu sig fram við að fara eftir því sem Jesú sagði voru aðeins öðruvísi á góðan hátt. Þau voru aðeins meira töfrandi ef svo má að orði komast og fyrir mér liggur beinast við að líkja þeim við krakkana sem numu fræðin við Hogwarts skólann. Maður getur alltaf séð hverjir hafa gengist upp í KFUM og KFUK af því að þau hafa í gegnum þann skóla tileinkað sér góðu gildin, jákvæðni, samvinnu og umfram allt náungakærleika.

Fyrir mér eru félagið ómetanleg af því að það hefur undirbúið mig á frábæran hátt fyrir lífið. Hjá KFUM og KFUK er manni hent beint í djúpu laugina á hinum ýmsu sviðum og þar er skapaður vettvangur til að teygja sig út fyrir þægindahringinn. Það er einmitt þessi reynsla sem maður öðlast hjá félaginu sem skapar þetta dýrmæta eðlislega sjálfstraust. Hjá KFUM og KFUK fær maður að prófa sig áfram í leik og starfi, að gera mistök, vinna sigra og að skapa minningar sem maður býr að alla ævi. Í gegnum félagið kynntist ég Guðs orði og mætti bænarrinnar og því góða samfélagi sem það skapar.

Það besta í lífinu er stundum ekki hægt að sjá né snerta en það finnst í hjartanu, KFUM og KFUK hefur gefið mér akkúrat það og þess vegna verð ég félaginu alltaf þakklátur.

Arnar Ragnarsson



Stúlkur í 9. flokki í Vindáshlíð sumarið 2023.


10. STARFSSTÖÐVAR KFUM OG KFUK

KFUM og KFUK á Íslandi er eitt félag. Allir félagar eru skráðir í sama félagið óháð búsetu eða hvaða þætti starfsins þeir taka þátt í. Innan félagsins starfrækjum við níu starfsstöðvar sem eru sjálfstæðar rekstrareiningar sem halda sinn aðalfund og hafa sína eigin stjórn. Þessu má líkja við handboltadeild og knattspyrnudeild innan íþróttafélags. Það sem gerir KFUM og KFUK þó frábrugðið íþróttafélögum hvað þetta varðar er hve mikið starf heyrir beint undir félagið sjálft og þar með aðalstjórn félagsins.

Starfsstöðvarnar níu skiptast í fimm sumarbúðir, einn leikskóla og þrjú félög utan höfuðborgarsvæðisins. Í köflum 11-19 í þessari skýrslu er að finna skýrslu hverrar starfsstöðvar fyrir sig.

Sameiginlegt starf sumarbúða

Sumarbúðirnar fimm eiga með sér margskonar samstarf. Fjórir samráðsfundir formanna sumarbúða voru haldnir á starfsárinu. Samstarfið nær til skipulags og samþættingar starfsins, t.d. skráninga í dvalarflokka, skilmála og skráningarkerfis. Það nær til ráðninga- og starfsmannamála, námskeiða og þjálfunar starfsfólks og þeirra faglegu krafna sem félagið gerir



Innan félagsins starfrækjum við níu starfsstöðvar sem eru sjálfstæðar rekstrareiningar sem halda sinn aðalfund og hafa sína eigin stjórn.

til starfsmanna sinna. Þá er mikið samstarf þegar kemur að öryggismálum og miðlun þekkingar. Samstarfi í kynningarmálum er mikið, en því eru gerð skil í kafla 8.



Í 100 ár hafa börn komið og notið alls þess sem Vatnaskógur hefur uppá að bjóða. Hér er brugðið á leik á kapelluflöt.

11. VATNASKÓGUR

Samkvæmt lögum Skógarmanna KFUM (2. og 3. grein) eru markmið Skógarmanna þessi:

„Að leiða fólk til trúar á Jesú Krist og vinna að útbreiðslu ríkis hans á grundvelli KFUM. Að afla fjár í Skálasjóð Skógarmanna KFUM til hagsbóta fyrir starfið í Vatnaskógi. Að vinna að og efla áhuga á skógrækt í Vatnaskógi.“

Leiðir að markmiðum eru samkvæmt lögum Skógarmanna KFUM (4. grein) þessi:

„Skógarmenn KFUM vinna að markmiðum sínum með skipulögðum dvalarflokkum, mótum, útgáfu- og fræðslustarfi, fundahöldum, fjáröflun, skógrækt og á annan þann hátt sem stjórnin ákveður hverju sinni í samræmi við markmið þessara laga.“

Aðalfundur Skógarmanna KFUM var haldinn 24. mars 2023.

Stjórn Skógarmanna var þannig skipuð á starfsárinu:

Ólafur Sverrisson, formaður
Jón Ómar Gunnarsson, varaformaður
Hreinn Pálsson, ritari
Páll Skaftason, gjaldkeri og fulltrúi stjórnar KFUM og KFUK á Íslandi
Ögmundur Ísak Ögmundsson, vararitari
Gunnar Hrafn Sveinsson, varagjaldkeri
Davíð Örn Sveinbjörnsson, meðstjórnandi
Tinna Dögg Birgisdóttir, varamaður og umhverfisfulltrúi
Matthías Guðmundsson, varamaður



Ólafur Sverrisson



Jón Ómar Gunnarsson



Páll Skaftason



Gunnar Hrafn Sveinsson



Ögmundur Ísak Ögmundsson



Hreinn Pálsson



Davíð Örn Sveinbjörnsson



Tinna Dögg Birgisdóttir



Matthías Guðmundsson

Skoðunarmenn reikninga eru:

Kári Geirlaugsson (fulltrúi KFUM og KFUK á Íslandi) og Bjarni Árnason

Stjórnin hélt 12 fundi á árinu: 17. janúar, 15. febrúar, 28. mars, 11. apríl, 23. maí, 21. júní, 21. ágúst, 13. september, 24. október, 30. október, 13. nóvember og 12. desember.

Starfsmenn allt árið

Ársæll Aðalbergsson var framkvæmdastjóri í fullu starfi, auk hans starfaði Valborg Rut Geirsdóttir við eldhússtjórnun og fl. og Snorri Rúnarsson var ráðinn í fast starf um mitt ár og sinnti hann mest verklegum verkefnum ásamt ýmsu sem kom upp. Þá voru sem fyrr sjálfboðaliðarnir Þórir Sigurðsson og Sigurður Jóhannesson sem sinntu umhirðu, viðhaldi og þjónustu við staðinn.



Ársæll
Aðalbergsson



Valborg Rut
Geirsdóttir



Snorri
Rúnarsson



Þórir
Sigurðsson



Sigurður
Jóhannesson

Framkvæmdir

Í upphafi árs var nokkrum tímabærum viðhaldsverkefnum sinnt. Meðal annars voru tvö herbergi í Birkiskála endurnýjuð, viðgerð á gólfdukk í Gamla skála auk fleiri verkefna. Í sumarbyrjun var endanlegur öryggisstigi settur upp við íþróttahúsið. Í tengslum við framkvæmdir við nýjan matskála var fjaran á því svæði löguð.

Auk þess mörg minni verkefni til að bæta aðstöðu staðarins. Í lok ársins varð vatnstjón í Matskalanum er heitavatnslögn gaf sig í eldhúsi og í framhaldi fór fram talsverð viðgerð í upphafi árs 2024. Meðal annars þurfti að endurnýja hluta af eldhúsinnréttingunni.




Endurnýjun í Birkiskála, tvö herbergi í eldri hluta skálans voru tekin í gegn eftir mikla 24 ára notkun.

Nýr Matskáli

Eftir talsvert mikil samskipti og langa bið var þann 1. júní gefið út byggingarleyfi og hófust byggingarframkvæmdir í framhaldi af því og voru sökkjar hússins reistir um sumarið og loks var gólfplatan steypd þann 9. nóvember. Kjartan Ingi Árnason sá um smíðavinnu ásamt húsasmíðameistara hússins Jónmundi I. Ásbjörnssyni. Pípulagnir Elvars G. Kristinssonar sáu um lagnavinnu sem varð talsverð en allar lagnir m.a. hiti og vatnslagnir voru lagðar í grunninn. Auk þeirra komu aðrir iðnaðarmenn að húsinu og þeim til aðstoðar voru starfsmenn og sjálfboðaliðar Vatnaskógar með Albert E. Bergsteinsson í broddi fylkingar. Stefnt er að því að reisa húsið fyrri hluta árs 2024.



Nýr öryggisstigi var settur upp við íþróttahúsið.



Framkvæmdir við grunn hins nýja matskála hófust í júlí og gólfplatan steypd 9. nóvember.



Tekið á því í unglingaflokki sumarið 2023.

SUMARSTARF

Dvalarflokkar sumarsins 2023 voru:

Fl.	Tímabil	Aldur	Dagar	Fjöldi	
1	8.–12. júní	10–12	5	19	Gauraflokkur
2	13.–17. júní	9–11	5	106	
3	18.–23. júní	10–12	6	106	
4	24.–29. júní	12–14	6	98	Ævintýraflokkur I
5	30. – 5. júlí	12–14	6	96	Ævintýraflokkur II
6	6.–10. júlí	9 – 11	5	64	
7	11.–15. júlí	10–12	5	106	
8	16.–21. júlí	12–14	6	99	Ævintýraflokkur III
9	22. –26. júlí	11–13	5	78	Blandaður flokkur
10	27.– 1. ágúst	14–17	6	89	Unglingaflokkur
11	8.– 11. ágúst	9–11	4	105	
13	14.– 18. ágúst	10 – 13	5	106	

Fjöldi dvalargesta í dvalarflokkum sumarsins var 1075 en þeir voru 1116 árið áður.

Aðrir viðburðir – flokkar á vegum Skógarmanna :

Viðburður	Tímabil	Aldur	Dagar	Fjöldi
Fjölskylduflokkur I	10. – 12. febrúar	0–99 ára	2	90
Fjölskylduflokkur II	31. – 2. apríl	0–99 ára	2	24
Feðginaflokkur	28. – 30. apríl	6–99 ára	2	42
Mæðraflokkur	19. – 21. maí	0–99 ára	2	78
Feðgaflokkur I	11. – 13. ágúst	6–99 ára	2	58
Feðgaflokkur II	25. –27. ágúst	6–99 ára	2	91
Karlaflokkur	1. – 3. september	8–99 ára	2	59
Aðventuflokkur	1. – 3. desember	10–14 ára	2	30

Fjöldi dvalargesta á þessum viðburðum var 472 en var 403 árið áður. Heildarfjöldi dvalargesta í sumarstarfi og nefndum viðburðum Skógarmanna var því samtals 1.547 samanborið við 1.519 árið áður.



Úr aðventuflokki í desember 2023.

Starfsfólk sumarbúðastarfsins

Forstöðufólk:

1. Flokkur: Ásgeir Pétursson og Styrmir Magnússon
2. Flokkur: Þráinn Haraldsson
3. Flokkur: Hreinn Pálsson og Pétur Ragnarsson
4. Flokkur: Gunnar Hrafn Sveinsson og Hreinn Pálsson
5. Flokkur: Gunnar Hrafn Sveinsson og Hreinn Pálsson
6. Flokkur: Hreinn Pálsson
7. Flokkur: Matthías Guðmundsson
8. Flokkur: Gunnar Hrafn Sveinsson og Hreinn Pálsson
9. Flokkur: Anna Elísabet Gestsdóttir
10. Flokkur: Gunnar Hrafn Sveinsson og Þórdís Hafþórsdóttir
11. Flokkur: Pétur Bjarni Sigurðarson og Gunnar Sandholt
13. Flokkur: Ársæll Aðalbergsson og Þorsteinn Arnórsson



Karлакór KFUM tók lagjð á 100 ára afmælishátíð Vatnaskógar.

Eldhússtjórn:

1. Flokkur: Valborg Rut Geirsdóttir
2. Flokkur: Valborg Rut Geirsdóttir
3. Flokkur: Sverrir Hákon Marteinsson
4. Flokkur: Sverrir Hákon Marteinsson
5. Flokkur: Valborg Rut Geirsdóttir
6. Flokkur: Valborg Rut Geirsdóttir
7. Flokkur: Sverrir Hákon Marteinsson
8. Flokkur: Ísak Jón Einarsson
9. Flokkur: Sólveig Edda Cosser
10. Flokkur: Kristrún Guðmundsdóttir
11. Flokkur: Kristrún Guðmundsdóttir
13. Flokkur: Valborg Rut Geirsdóttir

Forstöðumenn í öðrum viðburðum voru þeir Ársæll Aðalbergsson, Gunnar Hrafn Sveinsson og Hreinn Pálsson.

Annað starfsfólk sumarstarfsins

Agnar Guðmundsson, Almar Tristan Almarsson, Ástráður Sigurðsson, Baldur Ólafsson, Benedikt Guðmundsson, Benedikt Þórisson, Birna Júlía Björnsdóttir, Bjarkey Guðmundsdóttir, Brynjar Már Guðmundsson, Dagur Adam Ólafsson, Elfa Björk Ágústsdóttir, Eva Lind Hákonardóttir, Eva Sigurðardóttir, Fannar Logi Hannesson, Greipur Þ. Gíslason, Gríma Katrín Ólafsdóttir, Guðbjörg Ýr Hilmarisdóttir, Guðjón Daníel Bjarnason, Guðmundur Tómas Magnússon, Guðni Már Harðarson, Gunnar Þór Snæberg Valdimarsson, Haukur Guðnason, Hálfán Helgi Matthíasson, Helga Valdís Cosser, Helga Vigdís Thordersen, Hreinn Pálsson, Ísak Jón Einarsson, Jakob Freyr Einarsson, Jónas Breki Kristinsson, Jónína Jörunn Helgadóttir, Karen Sól Halldórsdóttir, Katrín Hekla Magnúsdóttir, Lára Ruth Clausen, Kristján

Dagur Jónsson, María Rut Arnarsdóttir, Markús Guðmundsson, Matthías Guðmundsson, Núi Pétur Ásdísarson Guðnason, Pétur Bjarni Sigurðsson, Pétur Sigurðsson, Ríkhartur Esterarson, Ragnar Már Halldórsen, Sigríður Sól Ársælsdóttir, Sigurður Pétursson, Snorri Rúnarsson, Sólný Helga Sigurðardóttir, Svandís Halldórsdóttir, Svanhildur Reynisdóttir, Sverrir Hákon Marteinsson, Tómas Andri Gíslason, Tómas Ingi Halldórsen, Tristan Enok Kvaran Guðjónsson, Þórarinn Darri Ólafsson, Þráinn Andreusson,

Í Gauraflokki störfuðu sem sérfræðingar

Þau Þorsteinn Otti Jónsson, Elva Hjálmarisdóttir, Íris Eik Ólafsdóttir og Pétur Óli Anderson.

Forstöðumenn flokksins voru félagsráðgjafarnir Styrmir Magnússon og Ásgeir Pétursson sem jafnframt var verkefnastjóri.

Ráðsmenn og vinnumenn

Auk þeirra Sigurðar og Þóris sem áður eru nefndir sá Albert E. Bergsteinnsson um slátt á staðnum og grisjun meðfram girðingu umhverfis svæðið í sjálfböðavinnu. Þá komu þeir Jóhann Jónsson og Sigurður Stefánsson, starfsmenn KFUM og KFUK og tóku að sér nokkur viðhaldsverkefni. Þá störfuðu hinir ýmsu vinnumenn yfir sumarið við fjölbreytt verkefni.

Sjálfböðaliðar

Nokkrir af áður nefndum starfsmönnum voru sjálfböðaliðar, en starfsmenn fyrri ára og fleiri velunnarar Vatnaskógar hafa komið og stutt við starfið með sínu vinnuframlagi. Einnig komu ungmenni að ýmsum verkum eins og t.d. uppvaski, umhirðu staðarins og aðstoð með dagskrá fyrir þátttakendur, í sjálfböðavinnu. Þá eru ótaldir þeir sjálfböðaliðar sem komið hafa í vinnuflokka og unnið við viðhaldsverk, skógrækt og fleira.



Sæludagar og afmælishátíð lauk með veislu á sunnudagskvöldið.



Skógarmönnum þykir einstaklega vænt um að Vigdís Finnbogadóttir heimsótti Vatnaskóg á afmælishátíðinni og sendi kveðju til Vatnaskógar í kjölfarið.

Vatnaskógur 1923-2023

Kærar þakkir fyrir hlýjar móttökur og gestrisni þegar ég á dögunum varð þess aðnjótandi að taka þátt í afmælishátíð ykkar.

Í hundrað ár hafa þúsundir íslenskra drengja notið veganestis Skógarmanna á þessum fallega stað. Í hundrað ár hefur gæska sú og mannrækt sem ástunduð er í Vatnaskógi orðið grunnur að gæfuríku lífsstarfi, einstaklingum til blessunar og samfélaginu til heilla.

Það er göfugt starf og þakkarvert.

Vigdís Finnbogadóttir

VIÐBURÐIR Í STARFI SKÓGARMANNA

Vatnaskógur í 100 ár

Á árinu voru 100 ár liðin frá upphafi starfsins í Vatnaskógi. Þess var minnst með ýmsum hætti.

Móttaka fyrir starfsmenn Vatnaskógar frá upphafi

Í maí var öllum þeim sem hafa starfað í Vatnaskógi með einum eða öðrum hætti boðið að fagna tímamótunum á Holtavegi 28. Um 150 manns mættu og áttu góða stund þar sem minningar hlýjar úr Skóginum góða voru í aðalhlutverki.

Sæludagur 100 ára afmælishátíð Vatnaskógar

Á Sæludögum um verslunarmannahelgina heimsótti mikið fjölmenni Vatnaskóg og tók þátt í afmælisveislu í bland við hefðbundna dagskrá Sæludaga. Um 1400 manns sem heimsóttu staðinn þessa helgi, þ.á.m. frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrum forseti Íslands. Markmiðið hátíðarinnar, líkt og fyrri ár, var að höfða til sem flestra aldurshópa en minnast 100 ára afmælisins með eftirminnilegum hætti. Meðal atriða á Sæludögum þetta árið má nefna Pál Óskar Hjálmtýsson, Jón Jónsson, Kristján Kristjánsson (KK) og Gunna og Felix sem skemmtu gestum. Ögmundur Ísak Ögmundsson stýrði undirbúningi og framkvæmd hátíðarinnar en Þorleifur Einarsson leikstýrði kvöldvökunum. Fjöldi starfsfólks og sjálfboðaliða sem kom að hátíðinni hljóp á tugum og unnu frábært starf að gera hátíðina sem glæsilegasta.

Ganga til styrktar Vatnaskógi

Í þann mund er Sæludagar voru að hefjast gengu þrír ungir menn, þeir Kristján Runólfsson, Núi Pétur Ásdísar- og Guðnason og Örnólfur Sveinsson, sömu leið og fyrsti hópurinn hafði farið 100 árum áður. Með göngunni vöktu þeir athygli á tímamótunum og settu af stað fjáröflun til starfsins í Vatnaskógi.

Afmælisrit


Á árinu var lokið við vinnu við afmælisrit Vatnaskógar „Hér á ég heima“ Vatnaskógur í 100 ár. Bókin kom út í lok júlí og var því fagnað með fjölmennu útgáfuhófi þann 31. júlí. Ritnefnd hafði verið að störfum í nokkur ár undir forystu Gunnars Jóhannesar Gunnarssonar. Í ritnefnd sátu þeir Ársæll Aðalbergsson, Guðmundur Guðmundsson, Jón Ómar Gunnarsson, Sigrður Grétar Sigrðsson og Þórarinn Björnsson auk Gunnars.

Karlaflokkur

Helgina 1. til 3. september var Karlaflokkur í Vatnaskógi. Að venju var lögð áhersla á heilbrigði líkama, sálar og anda. Á föstudagskvöldinu var dr. Pétur Pétursson með erindið „Hvernig geta 100 ára félög orðið 200 ára?“ Á laugardeginum var biblíulestur í umsjón sr. Guðmundar Karls Brynjarssonar. Að loknum biblíulestri var vinnutími í þágu Vatnaskógar og voru að vanda mörg verkefni í boði. Má þar nefna að fjölmenn tóku kom að vinnu við sökkla hins nýja matskála, mikil tiltekt meðal annars í Gamla skála, vinnupallar reistir við Lerkiskála, eldiviður hogginn, skógræktarverkefni og margt fleira. Um kvöldið var Vatnaskógarkvöldvaka að hætti Skógarmanna.



Afmælisritið „Hér á ég heima – Vatnaskógur í 100 ár“ komið út. Gunnar Jóhannes Gunnarsson ritstjóri afhendir Ólafi Sverrissoni fyrsta eintakið þann 31. júlí.



Gauraflokkur

Gauraflokkur fyrir drengi sem eru greindir með ofvirkni, athyglisbrest eða skyldar raskanir var haldinn í 16. sinn. Í ár voru 19 drengir í flokknum. Að venju voru mun fleiri starfsmenn en í hefðbundnum flokki, auk sérmenntaðra starfsmanna. Ljóst er að Gauraflokkur skipar sérstöðu í starfi Skógarmanna, þar sem komið er sérstaklega til móts við þarfir þeirra drengja sem þangað sækja, m.a. hvað varðar fæði og dagskrá.

Aðventuflokkur

Aðventuflokkur var haldinn í annað sinn. 30 drengir mættu og nutu Vatnaskógar í vetrarríki yfir eina helgi um miðjan desember. Heitt súkkulaði, grillaðir sykurpúðar við varðeld út í skógi og leikur á ísilögðu Eyrarvatni, ásamt mörgum skemmtilegum leikjum og uppákomum voru á dagskrá.

Leikskólar

Í maí komu fjölmargir leikskólahópar í dagsferð eða til gistingar í eina til tvær nætur og nutu dagskrár sem starfsmenn Vatnaskógar skipulögðu og stýrðu. Alls komu 775 leikskólabörn vorið 2023.

Kynningarstarf

Sameiginlegt blað sumarbúða KFUM og KFUK var gefið út í tengslum við fyrsta skráningardag sem var þann 2. mars 2023.

Stínusjóður

Skógarmenn starfrækja Stínusjóð til minningar um Kristínu Guðmundsdóttur, ráðskonu í Vatnaskógi til áratuga. Sjóðurinn hefur það hlutverk að styðja við börn sem ekki hafa tök á að fara í Vatnaskóg vegna fjárhags aðstæðna heima fyrir. Framlög í sjóðinn hafa í flestum tilvikum komið frá fyrirtækjum og einstaklingum og er það mikið þakkarefni.

FERMINGARNÁMSKEIÐ OG SKÁLALEIGA

Fermingarnámskeið

Námskeiðin voru eins dags til fimm daga og eins og fyrr í umsjón Skógarmanna en prestar og/eða starfsmenn sóknanna aðstoðuðu við dagskrá og fræðslu. Alls komu 2314 börn á fermingarnámskeið ársins. Forstöðufólk á námskeiðum haustsins voru Ársæll Aðalbergsson, Ísak Jón Einarsson og Sigurður Grétar Sigurðsson.

Fastráðnir starfsmenn allt haustið voru: Ásta Isabella Kent, Haukur Guðnason, Hálf dán Helgi Matthíasson, Ísak Jón Einarsson, Jakob Freyr Einarsson, Ragnheiður Guðmundsdóttir og Valborg Rut Geirsdóttir en auk þeirra komu starfsmenn að námskeiðum í styttri tíma.

Skálaleiga

Hluti af starfi Skógarmanna er móttaka hópa í Vatnaskógi.

Skólahópar:

Alls komu 12 skólar, 8 um vorið og 4 um haustið og tóku þau þátt í dagskrá sem var í umsjá starfsmanna Vatnaskógar. Samtals komu 813 börn með þessum hætti í Vatnaskóg.

KFUM og KFUK:

- Unglingamót
- Vorferð
- Leiðtogahelgi
- YD ferð að hausti
- Miðnæturmót að hausti

Viðburðir á vegum safnaða Þjóðkirkjunnar:

- ÆSKR unglingamót
- Börn úr Útskála- og Hvalsnessókn og sóknum frá Norðurlandi vestra heimsóttu staðinn
- Örninn, hópur á vegum Vídalínskirkju

Aðrir hópar:

- Skólamót KSS
- Íslenska Kristskirkjan og SÍK með helgarmót
- Menntavísindasvið Háskóla Íslands, námskeið
- Miðnæturmót Björgunarsveita Landsbjargar

FJÁRÖFLUN

Kaffisala og tónleikar

Sumardaginn fyrsta var kaffisala til stuðnings byggingu á nýjum matskála í Vatnaskógi. Gekk dagurinn vel, fyrst streymdu kökur frá velunnurum og síðar gestir þannig að um tíma var fullt út úr dyrum. Um kvöldið voru tónleikar þar sem fjölmargir listamenn komu fram. Meðal þeirra sem komu fram voru Karlakór KFUM, Eyjólfur Kristjánsson, Lára Ruth Clausen og Jakob Freyr Einarsson.



Orðið félag um útbreiðslu Guðs Orðs afhendi Skógarmönnum 5000 Nýja testamenti í tilefni af 100 ára afmælisins starfsins í Vatnaskógi. Á myndinni færir forseti félagsins Gísli Davíð Karlsson Ólafi Sverrissyni fyrst eintakið sem er sérstaklega merkt Vatnaskógi.

Línuhappdrætti Skógarmanna

Línuhappdrætti Skógarmanna hófst að þessu sinni á netinu undir lok sumars og einnig var hægt að kaupa línur í feðgaflokkunum. Sölulok og útdráttur vinninga fór fram í Karlaflokki í byrjun september og seldust allar þær 600 línur sem voru í boði.

Sörubakstur

Á aðventunni voru bakaðar í Vatnaskógi tæplega 5000 sörir til fjáröflunar fyrir nýjum matskála, og voru seldar 50 sörir í hverjum pakka. Voru viðbrögð góð og allir pakkar seldust. Sigurður Sigurðsson bakari leiddi verkefnið.

Styrkir og söfnun

Eins og fyrri ár hafa Skógarmenn fengið styrki vegna starfseminnar, frá ríkisvaldinu og einstaklingum vegna starfsins m.a. Gauraflokks. Einnig hafa Kirkjuráð og einstaklingar styrkt Skálasjóð vegna uppbyggingar á nýjum Matskála sem og styrkt Vatnaskóg í tilefni 100 ára afmælis.

Á árinu var sérstök fjáröflun í tilefni 100 ára afmælisins. Markmið fjáröflunarinnar var að safna 1.000 kr. fyrir hvern dag síðan starfið hófst eða rúmlega 36 millj. á árinu 2023. Er líða tók á árið náðist markmiðið með miklum glæsibrag en fjölmargir lögðu verkefninu lið, meðal annars bárust nokkur stór framlög.

Þá hefur Kapellusjóður notið stuðnings, aðallega frá einstaklingum. Í lok ársins var sótt um áframhaldandi stuðning ríkisvaldsins vegna hins nýja Matskála. Fjárlaganefnd tók vel í erindið og gerir tillögu um 60 milljón króna framlag árið 2024.

Eignarhaldsmál

Enn er unnið að því að fá eignarhaldsmál Vatnaskógar á hreint. Á þessu starfsári náðist sá árangur að ríkið er til í að viðurkenna eignarhald KFUM og KFUK á hæfilegu landi gegn því að félögin viðurkenni eignarhald ríkisins á

öðru landi Vatnaskógar. Fyrir liggur heimild frá Alþingi til Fjármálaráðherra að gera þetta samkomulag og er unnið að því að klára málið þessar vikurnar. Fyrir hönd stjórnarinnar hefur Davíð Örn Sveinbjörnsson lögfræðingur leitt þá vinnu.

Annað

Skógarmenn sömdu eins og fyrri ár við Veðiðfélagið Sporðablik um einkarétt á veiði í sunnanverðu Eyrarvatni vegna ársins 2023.

Lokaorð

100 ára afmælisár Vatnaskógar var stórt og viðburðaríkt. Aðsókn í dvalarflokkana var frábær enn eitt árið og aldrei hafa eins margir farið í gegnum staðinn og árið 2023 eða um rúmlega 8000 manns.

Draumar fæða gjarnan af sér góðar og raunhæfar hugmyndir. Að leyfa sér að dreyma um eitthvað enn betra hefur fleytt mannkyninu langt í gegnum söguna. Skógarmenn eru þar engin undantekning. Allar framkvæmdir og öll verkefni í Vatnaskógi hafa gjarnan byrjað sem draumar. Strax frá upphafi starfsins má sjá hvernig draumarnir hleyptu miklum eldmóð í mannskapinn. Hver draumurinn á fætur öðrum hefur ræst síðan þá. Vatnaskógur er meira en bara staður.

Vatnaskógur er fólkið sem leggur leið sína þangað, sjálfbóðaliðarnir, starfsfólkið og þátttakendurnir. Vatnaskógur verður til svo lengi sem Guð lofar og fólkið heldur áfram að koma og sinna staðnum sem er okkur öllum svo kær.

Skógarmenn - Áfram að markinu!

HREINN PÁLSSON
RITARI STJÓRNAR



ÁRSÆLL ABALBERGSSON
FRAMKVÆMDASTJÓRI





Vinkonur í eins Vindáshlíðarbólum. Í ár var liturinn á stuttermabólunum fjólublár með hvíttri mynd.

12. VINDÁSHLÍÐ

Vindáshlíð er í Kjós um 45 km frá Reykjavík. Þar hafa verið starfræktar sumarþúðir fyrir stúlkur allt frá árinu 1947. Húsakostur á staðnum er góður. Þar er aðalskáli með eldhúsi, matsal, dagstofu og nokkrum svefnherbergjum. Viðbygging við aðalskála er með svefnálmu, kvöldvökusal og starfsmannaaðstöðu. Íþróttahús er til staðar fyrir brennókeppnir og aðra leiki. Kirkjan á staðnum nefnist Hallgrímskirkja. Hún er helgistaður í starfseminni og húsið er friðað. Umhverfið býður upp á góða aðstöðu til útveru og leikja. Hægt er að taka á móti 82 stúlkum í senn og ávallt er líf og fjör í Vindáshlíð á sumrin. Fjölbreyttir flokkar eru í boði. Má þar nefna ævintýraflokka, mæðgnaflokka, kvennaflokka og jólaflokka. Í heild sækja á annað þúsund börn Vindáshlíð heim allt árið um kring. Hér verður verður greint frá starfseminni árið 2023.

Stjórn og stjórnarstörf.

Aðalfundur Vindáshlíðar var haldinn þann 14. mars 2023 í húsnæði KFUM og KFUK á Holtavegi 28, Reykjavík. Thelma Rós Arnardóttir og Sigurður Óli Karlsson skipuðu kjörstjórn. Kristín Sverrisdóttir var fundarstjóri og Anna Elísa Gunnarsdóttir ritari. Guðrún Nína Petersen og Ásta Björg Þorbjörnsdóttir voru skoðunarmenn reikninga.

Í stjórn Vindáshlíðar voru kosnir:

Dagný Dögg Sigurðardóttir, formaður
 Ásgeir Pétursson, varaformaður
 Styrmir Magnússon, gjaldkeri
 Helga Magnúsdóttir, varagjaldkeri
 Alfa Kristjánsdóttir, ritari
 Andrea Anna Arnardóttir, vararitari
 Elísa Sif Hermannsdóttir, kynningafulltrúi
 Tinna Rós Steinsdóttir, varamaður
 Hulda Guðlaugsdóttir, varamaður

Dagný Dögg Sigurðardóttir vék úr stjórn sumarið 2023 og Ásgeir Pétursson tók við formennsku í hennar stað. Tinna Rós Steinsdóttir tók hlutverk varaformanns. Haldnir voru tíu formlegir stjórnarfundir á árinu 2023 utan óformlegri samskipta á milli stjórnarliða á samskiptaforritinu Messenger.



Dagný Dögg
Sigurðardóttir



Ásgeir
Pétursson



Styrmir
Magnússon




Andrea Anna
Arnardóttir



Helga
Magnúsdóttir



Alfa
Kristjánsdóttir



Elísa Sif
Hermannsdóttir



Tinna Rós
Steinsdóttir



Hulda
Guðlaugsdóttir

STARFSEMI OG SUMARSTARF

Flokkarnir í Vindáshlíð eru aldursskiptir, oft með tiltekin þemu þar sem kristin gildi eru í fyrirrúmi. Um er að ræða hefðbundna flokka, ævintýraflokka, unglingaflokka, mæðgnaflokka, kvennaflokk og stubbaflokk í lok sumars.

Sumarið 2023 var boðið upp á tólf flokka fyrir stelpur á aldrinum 8 til 16 ára. Hefðbundnu dvalarflokkarnir eru vinsælir hjá stúlkum á aldrinum 9 til 12

ára sem koma í Vindáshlíð í fyrsta sinn. Ævintýraflokkar eru upplifun fyrir 10 til 13 ára stelpur þar sem óvæntar uppákomur og frávik frá hefðbundinni dagskrá geta mætt þeim hvenær sem er. Þar er þéttari dagskrá og öðruvísi sumarbúðaaðventýri fyrir reyndari Hlíðarmeyjar. Boðið er upp á unglingaflokk fyrir stelpur á aldrinum 13 til 16 ára. Yngstu stelpurnar, 8 til 9 ára, sem mæta í stubbaflokk dvelja aðeins tvær nætur í Hlíðinni.

Flokkar sumarsins	Tímabil	Aldur	Dagafjöldi
1. Flokkur	8.–12. júní	9–11 ára	5
2. Ævintýraflokkur I	13.–18. júní	12–14 ára	6
3. Flokkur	19.–24. Júní	10–12 ára	6
4. Ævintýraflokkur II	25.–30. júní	11–13 ára	6
5. Flokkur	1.–5. júlí	9–11	5
6. Ævintýraflokkur III	6.–11. júlí	9–11	6
7. Flokkur	12.–17. júlí	12–14	6
8. Flokkur	18.–23. júlí	11–13	6
9. Flokkur	24.–29. júlí	10–12	6
10. Unglingaflokkur	30. júlí–3. ágúst	13–16	5
11. Flokkur	8.–13. ágúst	10–12	6
12. Stubbaflokkur	13.–15. ágúst	8–9	3
13. Mæðgnaflokkur I	18.–20. ágúst	6–99	3
14. Mæðgnaflokkur II	25.–27. ágúst	6–99	3
15. Kvennaflokkur	1.–3. september	18–99	3

Skráning

Árið 2023 komu 1.083 stúlkur í Vindáshlíð að meðtöldum þátttakendum í páska- og jólaflokkum. Samtals 126 konur og stúlkur voru skráðar í mæðgnaflokka og 45 konur á breiðu aldursbili mættu í kvennaflokk Hlíðarmeyja í haustbyrjun.

Starfsfólk

Helga Sóley Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Vindáshlíðar, hóf störf 1. janúar 2023 í fullu starfshlutfalli. Þorbjörg (Tobba) Skúladóttir er staðarhaldari Vindáshlíðar og sinnir hálfu stöðugildi. Að auki var ráðið starfsfólk til að sinna flokkum sumarsins í Vindáshlíð. Það er mikilsvert að hafa góðan starfsmannahóp sem viðheldur dagskrá staðarins, býr til fallegar minningar og passar upp á velferð og gleði allra þátttakenda. Velgengi sumarstarfs Vindáshlíðar er ekki síst þeim að þakka.



Helga Sóley
Björnsdóttir



Þorbjörg
Skúladóttir

Forstöðukonur árið 2023

Páskaflokkur: Andrea Anna Arnardóttir

1. flokkur: Jóhanna Kristín Steinsdóttir
2. flokkur: Kristjana Guðbjartsdóttir
3. flokkur: Hanna Lára Baldvinsdóttir
4. flokkur: Erla Sigurpórsdóttir
5. flokkur: Hanna Lára Baldvinsdóttir
6. flokkur: Tinna Rós Steinsdóttir
7. flokkur: Elísa Sif Hermannsdóttir
8. flokkur: Andrea Anna Arnardóttir
9. flokkur: Álfheiður Ingólfsdóttir

10. flokkur: Andrea Anna Arnardóttir
11. flokkur: Marín Hrund Jónsdóttir
12. flokkur: stubbaflokkur: Elísa Sif Hermannsdóttir
13. flokkur, mæðgnaflokkur I: Helga Sóley Björnsdóttir
14. flokkur, mæðgnaflokkur II: Álfheiður Ingólfsdóttir
16. flokkur, jólaflokkur I: Elísa Sif Hermannsdóttir
17. flokkur, jólaflokkur II: Marín Hrund Jónsdóttir
18. flokkur, jólamæðgnaflokkur: Álfheiður Ingólfsdóttir

Ráðskonur flokka 2023

Páskaflokkur: Kristjana Guðbjartsdóttir

1. flokkur: Dagný Dögg Sigurðardóttir
2. flokkur: Hulda Guðlaugsdóttir og Hekla Sóley Magnúsdóttir
3. flokkur: Kristjana Guðbjartsdóttir
4. flokkur: Elísa Sif Hermannsdóttir
5. flokkur: Gyða Stefánía Halldórsdóttir
6. flokkur: Sólrún Ásta Steinsdóttir
7. flokkur: Elva Ösp Ólafsdóttir
8. flokkur: Elísa Sif Hermannsdóttir
9. flokkur: Berglind Ósk Einarsdóttir
10. flokkur: Elísa Sif Hermannsdóttir
11. flokkur: Guðbjörg Ýr Hilmarsdóttir og Telma Ívarsdóttir
12. flokkur, stubbaflokkur: Guðbjörg Ýr Hilmarsdóttir og Telma Ívarsdóttir
13. flokkur, mæðgnaflokkur I: Þorbjörg Skúladóttir
14. flokkur, mæðgnaflokkur II: Berglind Elva Sigvaldadóttir og Aldís Helga Björgvinsdóttir
15. flokkur, kvennaflokkur: Sólrún Ásta Steinsdóttir
16. flokkur, jólaflokkur I: Berglind Elva Sigvaldadóttir
17. flokkur, jólaflokkur II: Erla Sigurpórsdóttir
18. flokkur, jólamæðgnaflokkur: Berglind Elva Sigvaldadóttir

Umsjónarforingjar 2023

Páskaflokkur: Hildur Margrét Arnbjargardóttir

1. flokkur: Andrea Anna Arnardóttir
2. flokkur: Andrea Anna Arnardóttir
3. flokkur: Thelma Rós Arnardóttir
4. flokkur: Telma Ívarsdóttir
5. flokkur: Andrea Anna Arnardóttir
6. flokkur: Andrea Anna Arnardóttir
7. flokkur: Guðbjörg Ýr Hilmarsdóttir
8. flokkur: Thelma Rós Arnardóttir
9. flokkur: Ísabella Rós Þorsteinsdóttir
10. flokkur: Telma Ívarsdóttir
11. flokkur: Edda Sigrún Jónsdóttir
12. flokkur, stubbaflokkur: Andrea Anna Arnardóttir
13. flokkur, mæðgnaflokkur I: Andrea Anna Arnardóttir
14. flokkur, mæðgnaflokkur II: Helga Sóley Björnsdóttir
16. flokkur, jólaflokkur I: Helga Sóley Björnsdóttir
17. flokkur, jólaflokkur II: Andrea Anna Arnardóttir
18. flokkur, jólamæðgnaflokkur: Andrea Anna Arnardóttir

Lokahóf sumarstarfsmanna og jólagleði

Í lok sumars bauð stjórn Vindáshlíðar sumarstarfsfólki til lokahófs. Þar var fundað um starfsemina og starfsfólki var gefinn kostur á athugasemdum og hugmyndum fyrir næsta starfsár. Boðið var uppá pítu og var förlinni svo heitið í Minigarðinn þar sem keppt var í minigolfi. Það var einkar gefandi að ljúka sumrinu á þennan hátt.



Fríður starfsmannahópur 7. flokks í Vindáshlíð.

Í lok nóvember var starfsfólki boðið í Vindáshlíð til jólagleði. Aðilar úr stjórn Vindáshlíðar elduðu dýrindis þakkargjörðarkvöldverð, kalkún og tilheyrandi meðlæti. Starfsfólkið kom með lítinn jólapakka og litlu jólin voru haldin í setustofunni. Svo var hin sígilda spurningakeppni haldin og rifjuð upp spaugileg atvik frá liðnu sumri.

ÝMSIR VIÐBURÐIR Í STARFI VINDÁSHLÍÐAR

Þáskaflokkur og þáskagleði

Þáskaflokkur var haldinn í Vindáshlíð í dymbilvíku þann 3. til 5. apríl síðastliðinn. Flokkurinn er ætlaður stúlkum á aldrinum 10 til 13 ára og mættu samtals 42 stelpur í Hlíðina. Afar vel heppnaður flokkur og ánægjulegt að hefja starfið svona snemma. Ákveðið var að halda þáskagleði fyrir fjölskyldur pálmásunnudaginn 2. apríl. Boðið var upp á þáskabingó, þáskaejjaleit og veitingar gegn vægu gjaldi.

Konukvöld Hlíðarmeyja

Fyrsta konukvöld Hlíðarmeyja var haldið fimmtudaginn 9. mars 2023 í samstarfi við fullorðinsstarf KFUK. Viðburðurinn tókst afar vel og annar slíkur verður haldinn árið 2024. Veislustjórar voru þær Ásta Guðrún Guðmundsdóttir og Elísa Sif Hermannsdóttir sem stýrðu happdrætti, einsöngsatriðum og líflegri dagskrá kvöldsins. Sólrún Ásta Steinsdóttir matreiddi veislukvöldverð. Með henni voru Bína Hrönn Hjaltadóttir, Karen Sól Halldórsdóttir, Kristjana Guðbjartsdóttir, Telma Ívarsdóttir og Þorbjörg Skúladóttir. Guðbjörg Ýr Hilmarisdóttir tók að sér að ljósmynda gesti kvöldsins.



Stelpurnar í unglingaflokki á veislukvöldi. Bæði foringjar og stelpur áttu fallega stund saman fyrir utan hús seinasta kvöldið.



Mæðgnahópur á veislukvöldi í mæðgnaflokki Vindáshlíðar um haustið.



Það er örugglega aldrei jafn skemmtilegt að bursta í sér tennurnar og í Vindáshlíð. Stelpurnar fara flestar út á kvöldin til að bursta tennurnar í læknum.



Konukvöld Hlíðarmeyja var haldið í fyrsta sinn um vorið. Afar vel heppnaður viðburður og skemmtu allar Hlíðarmeyjarnar sér konunglega.



Starfsfólk Vindáshlíðar, í nýju Henson brennógöllum, tilbúnar að keppa á móti stelpunum í úrslitabrennóleiknum.



Hressar stelpur að skemmta sér í Hlíðinni. Bakvið má sjá glitta í nýja álklaðningu á aðalskálanum, en haldið fram áfram að endurbyggja útveggina í skálanum.



Aðalfundur Vindáshlíðar var haldinn þann 14. mars 2023. Á myndinni má sjá hluta af stjórn Vindáshlíðar 2023-2024.

Kvennaflokkur

Kvennaflokkur Vindáshlíðar kom saman 1. til 3. september 2023. Samtals 45 konur nutu helgarinnar í nærandi félagsskap. Kvennaflokksnefnd skipuðu Dagný Dögg Sigurðardóttir, Helga Magnúsdóttir, Helga Sóley Björnsdóttir og Jóhanna K. Steinsdóttir. Þema helgarinnar var tileinkað konum Vindáshlíðar. Ragnheiður og Kristín Sverrisdætur sáu um kvöldhugleiðingu í upphafi helgarinnar. Betsy Halldórsson var með uppörvandi sögustund á laugardagsmorgninum þar sem hún fjallaði um frumkvöðla í starfi sumarþúðanna. Betsy minntist hvatningarorða þeirra og trúmennsku við boðskapinn sem er hornsteinn starfsins. Helga Magnúsdóttir var með hugvekju og Hildur Þóra Hallbjörnsdóttir sagði frá Basar KFUK. Handavinnuhorn, samsöngur, gítarspil og kvöldvaka voru á sínum stað. Lofgjörðarstundir voru í Hallgrímskirkju þar sem séra Helga Kolbeinsdóttir þjónaði. Matur og hefðbundinn veislukvöldverður var í umsjá Sólrúnar Ástu Steinsdóttur og aðstoðarkvenna.

Mæðgnaflokkar

Boðið var upp á tvo mæðgnaflokka í lok sumars. Mæðgur koma í Vindáshlíð til að njóta samveru og fá þannig tækifæri til að njóta Hlíðarinnar saman. Í aðdraganda jóla var einnig boðið upp á sérstakan jólamæðgnaflokk.

Skólabúðir í Vindáshlíð

Tekið var á móti sex skólahópum á árinu sem komu ýmist í þrjá eða fimm daga. Flokkarnir voru mismunandi og var dagskrá samin í samráði við tilheyrandi skóla og aldur hópa.

Forstöðufólk skólahópa voru Andrea Anna Arnardóttir, Elísa Sif Hermannsdóttir og Jörgen Nilsson. Ráðskonur voru Guðbjörg Ýr Hilmarsdóttir, Telma Ívarsdóttir, Thelma Rós Arnardóttir og Þorbjörg Skúladóttir.

Aðrir starfsmenn skólahópa voru Andrea Anna Arnardóttir, Berglind Elva Sigvaldadóttir, Edda Sigrún Jónsdóttir, Guðbjörg Ýr Hilmarsdóttir, Guðrún Skúladóttir, Freyja Fönn Traustadóttir, María Rut Arnardóttir, Sigurður Brouwer Flemmingsson, Telma Ívarsdóttir, Thelma Rós Arnardóttir, Viktor Micovic og Þuríður Anna Reynisdóttir.

Samráðsþing KFUM og KFUK

Helgina 6. til 8. október síðastliðinn var haldið samráðsþing í Vindáshlíð fyrir stjórnir og starfsstöðvar KFUM og KFUK. Þar komu saman um 30 starfsmenn og stjórnarmeðlimir ásamt mökum og börnum. Helgin einkenndist af úrvals fyrirlesturum, gómsætum mat og gagnlegum samræðum. Hafin var stefnumótunarvinna KFUM og KFUK til ársins 2030. Áhugavert var að sjá hvað þátttakendur voru áhugasamir um verkefni.

Jólaflokkar og „jóladaður“ Vindáshlíðar

Þrír jólaflokkar voru í boði í aðdraganda aðventu. Tveir flokkar voru fyrir stúlkur og einn fyrir mæðgur. Fyrsti flokkurinn var haldinn þann 17. til 19. nóvember fyrir stelpur á aldrinum 9 til 11 ára. Síðari jólaflokkurinn var haldinn 24. til 26. nóvember fyrir stelpur á aldrinum 12 til 14 ára. Einnig voru haldnir jólamæðgnaflokkar eins og áður hefur fram komið.

Laugardaginn 9. desember var haldinn sannkallaður „jóladaður“ í Vindáshlíð. Sjaldan hefur jólaandinn verið jafn mikill og þennan fallega vetrardag þar sem jólasveinarnir og Grinch komu í heimsókn og kættu lýðinn. Jólatriáasalan var á sínum stað og einnig hinn fínasti jólamarkaður í setustofu Vindáshlíðar. Frábært upphaf aðventu og þátttakendur himinlifandi með daginn.



Betsy Halldórsson var með uppörvandi sögustund í kvennaflokk Vindáshlíðar, þar sem hún fjallaði um frumkvöðla í starfi sumarþúðanna.



Fjörugur hópur af stelpum í jólaflokk I í Vindáshlíð.



„Jóladaður“ í Vindáshlíð. Jólatriáasalan var á sínum stað og einnig hinn fínasti jólamarkaður. Frábær vetrardagur og jólaandinn sveif yfir allt svæðið.



Nýjir olíufylltir ofnar voru settir upp í Hallgrímskirkju í stað þeirra gömlu.

Kaffisala og sumargleði

Kaffisala og sumargleði Vindáshlíðar er hefðbundin fjáröflun sem haldin var sunnudaginn 4. júní. Þar var margt spennandi dagskrá fyrir unga sem aldna. Nefna má hoppukastala, brennibolta, folf, ratleik og göngferðir um svæðið. Hefðbundið og ljúffengt kaffimeðlæti var á boðstólum. Viðburðurinn var vel sóttur.

Vinnuflokkar

Þrír vinnuflokkar voru haldnir í maí. Þar komu saman velunnarar og vinir Vindáshlíðar sem réðust í verkefni sem þurfti að ljúka fyrir sumarið. Meðal verkefna var að yfirfara útileiktæki og útihúsgögn ásamt því að undirbúa húsnaðið til þess að taka á móti hressum sumarbúðastelpum.

Útleigur húsnaðis

Framkvæmdarstjóri Vindáshlíðar sér um útleigur fyrir Vindáshlíð yfir vetrartímann. Hægt var að leigja húsið með eða án fæðis. Þorbjörg Skúladóttir, staðarhaldari tók á móti hópum og sá um matargerð þegar þess var óskað.

FRAMKVÆMDIR

Húsnaði

Vinna vegna rakaskemmda hófst vinna við að endurbyggja útveggina á austurhlið aðalskála árið 2022. Þeirri vinnu var haldið áfram á árinu. Endurbyggðir voru útveggir á austurhlið og var síðan unnið við vesturhliðina á sama hátt að aðalinngangi. Vegna umfangs framkvæmdanna og kostnaðar er áætlað að það taki nokkur ár til viðbótar að ljúka verkinu.

Nefna má minniháttar framkvæmdir eins og lagfæringu á salernisaðstöðu í starfsmannaaðstöðu foringja í aðalskála, lagfæringu stálhandriðs og álkanta á stigaprepum. Endurbætur á línoleumdúki í anddyri og matsal. Félagar úr skátafélaginu Ægisbúum lagfærðu apabréu og settar voru upp tvær nýjar útirólur.

Kirkjan

Ný vindskeið var sett á kirkjuskipið við kórinn. Þá voru settir upp sex nýir olíufylltir rafmagnsofnar á sömu staði og þeir gömlu voru. Þeir nýju eru mun öflugri eða um 800W hver í stað 500W áður. Þá voru settir upp rofar fyrir ofnana við hlið útidyranna. Þeir eru tímastjórnaðir. Það þarf því ekki lengur að fara upp í turn til að kveikja á ofnunum og það slokknar sjálfkrafa á þeim eftir fimm klukkustundir eða þegar þess er óskað. Kirkjan var ekki máluð eins og til stóð. Lokagreiðsla styrks sem Húsfríðunarsjóður veitti hefur verið



Hallgrímskirkja í Vindáshlíð. Ný vindskeið var sett á kirkjuskipið við kórinn og settur voru upp nýjir olíufylltir rafmagnsofnar.

greidd kr. 315.000. Heildarupphæð hans var 1.050.000 kr. Kirkjunni bárust einnig gjafir frá einstaklingum. Ragnheiði Sverrisdóttur eru þökkudag ötul störf í þágu kirkjunnar.

ANNAÐ

Gjafir og styrkir

Styrkur að upphæð 150.000 kr. fékkst frá Kjósarhreppi. Upphæðin var nýtt til framkvæmda á útileiksvæði Vindáshlíðar. Kirkjan fékk styrk frá Húsfríðunarsjóði eins og fram hefur komið.

Sumarvarningur og besta baksturinn

Vindáshlíð seldi ýmsan varning yfir sumarið. Má þar nefna stuttermaboli úr bómull, vatnsbrúsa, hatta, sund- og taupoka. Ljósflóublár litur varð fyrir valinu fyrir sumarbolina og liturinn svo vinsæll að bolirnir seldust upp. Einnig seldist uppskriftabók Vindáshlíðar afar vel en þar má finna uppskriftir að besta bakstri Hlíðarmeyja í gegnum tíðina.

Útgefið efni

Endurskoðuð útgáfa af starfsmannahandbók Vindáshlíðar var gefin út á árinu. Leiðbeiningarnar voru unnar af Helgu Sóleyju Björnsdóttur. Í lok árs voru gefin út jólakort til styrktar skálasjóði Vindáshlíðar.

Lokaorð

Starfsár Vindáshlíðar einkenndist af líflegri starfsemi, umfangsmiklum framkvæmdum og endurbótum á húsakosti. Góð þátttaka, fjölbreytt flokkaskrá og ferskar hugmyndir starfsfólks einkenndu starf Vindáshlíðar á árinu. Dugnaður starfsfólks, aðstandenda og vina Vindáshlíðar í sumarflokkum, vinnuflokkum, kaffisölu, jólasamveru og öðrum viðburðum er ómetanlegur.

Þökkum Guði fyrir starfið í Vindáshlíð og þá fjölmörgu sem hafa lagt því lið.

ALFA KRISTJÁNSDÓTTIR
RITARI STJÓRNAR



HELGA SÓLEY BJÖRNSDÓTTIR
FRAMKVÆMDASTJÓRI





13. ÖLVER

Ölver stendur á skemmtilegum stað í nágrenni Hafnarfjalls. Þar eru sumarþúðir á sumrin og þar er hver dagur nýtt ævintýri, sambland af ómissandi hefðum, nýjum leikjum og uppákomum. Í starfinu er unnið með hin góðu gildi Biblíunnar, mikið sungið og boðið upp á hollan og góðan heimalagaðan mat. Á veturna er staðurinn leigður út fyrir hópa af ýmsu tagi. Í aðalskalanum, sem tekinn var í notkun árið 1952, eru rúmpláss fyrir 60 manns ásamt gistiþlássi í sumarþústað sem er í eigu Ölvers skammt frá skalanum. Í skalanum er stór matsalur, eldhús, kvöldvökusalur, bænaherbergi, starfsmannaaðstaða, svefnherbergi barnanna og þvotta-salernis- og sturtuadstaða.

STJÓRN OG STJÓRNARSTARF

Aðalfundur 2023

Aðalfundur Ölvers var haldinn miðvikudaginn 21. mars 2023 að Holtavegi 28, Reykjavík. Á fundinum fóru fram hefðbundin aðalfundarstörf og voru 16 manns sem mættu. Anna Guðný Hallgrímsdóttir var fundarstjóri og Hjördís Rós Jónsdóttir fundarritari. Ársskýrsla og endurskoðaðir reikningar voru lagðir fram til umræðu og afgreiðslu. Fjárhags- og starfsáætlun var kynnt af Ernu Björk Harðardóttur þar sem gjaldkeri, Alla Rún Rúnarsdóttir, var ekki á staðnum. Í kjörnefnd voru þær Agnes Þorkelsdóttir, Unnur Rún Rúnarsdóttir og Telma Ýr Birgisdóttir. Heiðrún Ólöf Jónsdóttir og Alla Rún Rúnarsdóttir gáfu ekki kost á sér aftur og gengu því úr stjórn. Þeir sem buðu sig fram voru Krístrún Guðmundsdóttir og Guðmundur Hafsteinn Kjartansson og voru þau skipuð í varastjórn.

Stjórn

Stjórn Ölvers á starfsárinu 2023-2024 var þannig skipuð:

Erna Björk Harðardóttir, formaður. Situr í stjórn fyrir hönd KFUM & K.

Erla Björg Káradóttir, varaformaður.

Aníta Eir Einarsdóttir, ritari.

Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir, gjaldkeri.

Hrafnhildur Garðarsdóttir, stjórnarmeðlimur.

Krístrún Guðmundsdóttir, vararitari.

Guðmundur Hafsteinn Kjartansson, varagjaldkeri.

Í nóvember 2023 var breyting á skipan stjórnar. Óskaði Hrafnhildur eftir því að fara úr aðalstjórn í varastjórn um óákveðin tíma. Krístrún tók því sæti hennar í aðalstjórn.



Erna Björk
Harðardóttir



Erla Björg
Káradóttir



Aníta Eir
Einarsdóttir



Ásta Sóllilja
Sigurbjörnsdóttir



Hrafnhildur
Garðarsdóttir



Krístrún
Guðmundsdóttir



Hafsteinn
Kjartansson

Skoðunarmenn reikninga starfsárið 2023-2024 voru Einar Helgi Ragnarsson, skipaður af KFUM og KFUK, og Guðmundur Pálsson.

Stjórnarfundir á starfsárinu voru sex talsins og haldnir þann 3.apríl, 9.maí, 28.ágúst, 9.nóvember, 22.janúar og 28.febrúar. Stjórnin er þó í vikulegum samskiptum allt árið um kring.

Helstu verkefni stjórnar

Stjórnin sá um skipulagningu sumarstarfsins. Í því fólst meðal annars að undirbúa staðinn og kaupa aðföng, setja saman flokkaskrá, fá tilboð frá ýmsum stöðum, panta mat, ráða starfsfólk, setja upp vinnuskipulag og margt fleira. Einnig sá stjórnin um fjáröflun, útleigu, viðhald á staðnum, leit eftir styrkjum ásamt fleiri verkum sem upp koma hvert ár.

Framkvæmdir

Áfram hafa endurbætur á aðalbyggingunni verið í forgrunni. Á vormánuðum 2023 var farið í endurnýjun á salernum á neðri hæð hússins. Sett voru upp upphengd klósett og nýir vaskar ásamt því að lagður var dúkur á rýmin. Þá var skipt um dúk í sturtuáðstöðunni (Þvottaveri) og uppvöskunarrými. Í salnum uppi voru settir upp pallar á tveimur hæðum fyrir börn að sitja á. Stiginn milli hæða fékk yfirhalningu og var þússaður niður og lakkaður ásamt ýmissi málningarvinnu. Sveinusjóður hefur verið starfræktur um all langt skeið og hefur haft það að markmiði að safna fyrir nýju fjölnota húsi, það er vissulega markmið hans áfram en undanfarin ár hefur verið ráðist í ýmsar nauðsynlegar framkvæmdir á aðalbyggingunni sem er nú komin í gott horf og því er hægt að horfa til þess að hefja framkvæmdir á nýrri byggingu. Byggingarnefnd hefur verið sett á lagginar, en í henni sitja Geirlaugur Ingi Sigurbjörnsson, Kári Geirlaugsson, Hörður Geirlaugsson, Mjöll Þórarinsdóttir, Unnur Rún Sveinsdóttir og Þráinn Haraldsson ásamt tengiliðum stjórnar sem eru Hafsteinn Kjartansson og Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir. Nefndin hefur þegar tekið til starfa og eru markmið hennar að komin verði drög að teikningu fyrir nýtt fjölnotahús á haustmánuðum.



SUMARSTARFIÐ

Flokkar

Það voru samtals 496 börn á aldrinum 7-16 ára ára sem dvöldu í Ölveri sumarið 2023. Líkt og fyrri ár var unnið að fjölbreytni í flokkaskránni til að stuðla að því að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi. Flokkaskráin er alltaf til endurskoðunar og er endurmetin eftir ár hvert. Áfram var boðið upp á „Stelpur í stuði“ og fjölgar í þeim flokk með ári hverju. Ævintýraflokkarnir eru ávallt jafn vinsælir og voru þeir fjórir talsins líkt og síðustu sumur, var aldursbilið hækkað þetta sumarið og var því einn ævintýraflokkur fyrir 11-13 ára og fylltist í hann á fyrstu mínútu skráninga. Listaflokkarnir og leikjaflokkarnir voru tveir hvor um sig fyrir mismunandi aldurshópa. Unglingaflokkurinn var á sínum stað fyrir 13-16 ára stelpur, þar var einnig hækkað um eitt aldursár. Leikjanámskeiðið, fyrir 6-9 ára börn á Akranesi og nágrenni, var einnig vel sótt. Þökkum við fyrir hvert einasta dýrmæta barn sem hjá okkur dvaldi þetta sumarið.

Flokkaskrá 2023 og nýting pláss

Flokkar	Tímabil	Aldursbil	Fjöldi	Nýting
1. Stelpur í stuði	8.-11. júní	11-13 ára	15	75%
2. Ævintýraflokkur 1	12.-18. júní	10-12 ára	43	91%
3. Ævintýraflokkur 2	19.-25. júní	11-13 ára	47	100%
4. Leikjaflokkur 1	26- 30.júní	8-10 ára	47	100%
5. Ævintýraflokkur 3	3.- 9. júlí	10-12 ára	50	106%
6. Unglingaflokkur	10.-16. júlí	13-15 ára	50	106%
7. Listaflokkur 1	18.- 23. júlí	11-13 ára	47	100%
8. Leikjaflokkur 2	24.-27. júlí	7-10 ára	43	91%
9. Ævintýraflokkur 4	28.júlí-2.ágúst	10-12 ára	27	59%
10. Listaflokkur 2	8.-13. ágúst	9-11 ára	49	104%
11. Leikjanámskeið	14.-18.ágúst	6-9 ára	34	100%

Starfsmenn

Margir reyndir og góðir starfsmenn störfuðu hjá okkur í sumar ásamt því að fá einnig inn nýtt og frábært starfsfólk. Þakkarverður er sá dýrmæti mannauður sem að Ölveri stendur. Aðsókn aðstoðarforingja, um að komast að í sjálfboðavinnu, var mikil og er það ekki síður þakkarvert. Þeir vinna mikilvægt starf og eru orðnir ómissandi hluti af starfshéildinni í Ölveri. Við höfum lagt okkur fram við að halda vel utan um þá, hvatt þá til að taka



þátt í leiðtogabjálfun KFUM og K, að sækja námskeiðin sem í boði eru fyrir þá. Í stærri flokkunum, líkt og lista- og ævintýraflokki, var ákveðið að hafa áfram aukaforingna vegna álags í þeim flokkum. Starfsfólk Ölvers vann frábært starf í sumar, líkt og önnur sumur. Hljómar eins og gömul klisja en það verður aldrei of oft sagt að það er lán Ölvers að hafa fengið til liðs við sig framúrskarandi starfsfólk sem sá til þess að dvöl barnanna varð eftirminnileg, lærdómsrík og ekki síst gleðileg.

Verkefnastjóri sumarsins, ráðinn af stjórn Ölvers, var Nanna Birgisdóttir Hafberg. Verkefnastjóri aðstoðar við undirbúning sumarstarfsins, sér um innkaup, um komur og brottfarir frá Holtavegi, er tengiliður stjórnar og er starfsfólki innan handar.

Forstöðukonur sumarsins voru Guðlaug María Sveinbjörnsdóttir, Ólöf Birna Sveinsdóttir, Krístrún Guðmundsdóttir, Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir, Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir, Unnur Rún Sveinsdóttir, Krístrún Guðnadóttir, Áróra Helgadóttir, Erna Björk Harðardóttir og Guðbjörg Þórunn Sveinsdóttir.

Ráðskonur voru Krístrún Lilja Gísladóttir, Erla Björg Káradóttir, Erna Björk Harðardóttir, Hrafnhildur Garðarsdóttir, Telma Ýr Birgisdóttir, Ásdís Björnsdóttir, Fanney Rún Ágústsdóttir, Hjördís Rós Jónsdóttir, Gríma Katrín Ólafsdóttir og Guðbjörg Þórunn Sveinsdóttir.

Um matarinnkaupin sáu Irena Rut og Karítas Eva Jónsdætur.

Foringjar voru Nanna Birgisdóttir Hafberg, Emillía Ósk Hrannarsdóttir, Krístrún Lilja Gísladóttir, Anna Birna Kjartansdóttir, Salóme Pálsdóttir, Edda Guðnadóttir, Fanney Rún Ágústsdóttir, Helga Vigdís Thordersen, Haukur Guðnason, Guðbjörg Þórunn Sveinsdóttir, Hrafnhildur Guðmundsdóttir, Herdís Hörn Eggertsdóttir, Hekla Sif Sævaldsdóttir, Viktoría Kristín Hrafnhildardóttir, Ásgerður Erla Kristinsdóttir, Theódóra Brynja Sveinsdóttir, Ásdís Ægisdóttir, Sigríður Sól Ársælsdóttir, Katrín Hekla Magnúsdóttir, Svanhildur Reynisdóttir, Rákel Mirra Njálisdóttir, Eva Sigurðardóttir, Lilja Maren Elíasdóttir, Krístrún Guðmundsdóttir, Andrea Rut Halldórsdóttir, Rósa Jóhannesdóttir, Sólrun Ásta Haraldsdóttir, Eva Lind Hákonardóttir, Katrín Lea Daðadóttir, Marta Karítas Ingibjartsdóttir og Greipur Þorbjörn Gíslason.

Aðstoðarforingjar voru Kristín Salka Auðunsdóttir, Kristbjörg Ásta Gunnarsdóttir, Eyrún Birna Davíðsdóttir, Helena Ingrid Gunnarsdóttir, Andrea Ósk Halldórsdóttir, Karítas Halla Gunnarsdóttir, Bríet Saga Kjartansdóttir, Lína Rut S. Halldórsdóttir, Eva Gabriela Veigarsdóttir, Emma Karen Henrysdóttir, Áslaug Rún Davíðsdóttir, Arna Sara Guðmundsdóttir, Halldóra Soffía Jónsdóttir, Kristbjörg Katla Hinriksdóttir, Iðunn Helga Zimsen, Gréta Petrína Zimsen, Karólína Sæunn Guðmundsdóttir, Katla Magnea Magnúsdóttir, Elísa Liljudóttir Daðadóttir, Dagmar Edda Á. Guðnadóttir, Elsa Margrét Scheving og Messíana Baldvinsdóttir.

Sérfræðingar í flokknum Stelpur í stuði voru þær Arndís Sverrisdóttir, Bryndís Þorsteinsdóttir, Helga Jónsdóttir og Ester Jóhanna Sigurðardóttir ásamt þeim voru þær Guðlaug María Sveinbjörnsdóttir og Ólöf Birna Sveinsdóttir sem tóku að sér forstöðuhlutverk flokksins líkt og fyrri ár. Þakkarmáltilið fyrir starfsmenn sumarsins að sumri loknu Sú góða hefð hefur skapast að bjóða starfsfólki sumarsins í þakkarmáltilið í lok hvers sumars. Sá viðburður var haldinn 20. september kl. 19:00 á Holtavegi 28 og mættu um 30 manns. Fyrst var haldinn ígrundunarfundur með forstöðu- og ráðskonum sumarsins, að fundi loknum var boðið upp á mat frá Serrano og átti starfsfólk Ölvers góða kvöldstund saman.



Stjórn Ölvers hefur nýtt samfélagsmiðla til að kynna einstaka dvalarflokka og viðburði. Hér að ofan eru sýnishorn af auglýsingunum.



Kaffisala Ölvers var mjög vel heppnuð og henni voru gerð góð skil í blaðinu Skessuhorni.

Kaffisalan

Kaffisalan var haldin í Ölveri þann 20. ágúst 2023 í dásamlegu veðri, sól og blíðu. Kaffisalan gekk mjög vel og var aðsóknarmet slegið, gestir voru um 270. Kaffisölunefnd er ár hvert skipuð af nokkrum stjórnarmeðlimum ásamt góðum velunnurum sem aðstoða við að gera staðinn gestahæfan og sjá til þess að kaffiborðið sé hið glæsilegasta. Um kaffisöluna í ár sáu þær Erla Björg Káradóttir, Erna Björk Harðardóttir og Guðbjörg Þórunn Sveinsdóttir. Þakkar stjórnin framlag allra sem lögðu hönd á plóg. Á kaffisölnunni var líka seldur varningur, bolir og brúsar. Safnaðist alls um ein milljón króna.

Vetrarleiga

Vetrarleigan hefur gengið nokkuð vel, hafa ýmsir hópar komið og leigt staðinn út. Vorið var þétt bókað en líkt og önnur ár hefur veturinn verið minna nýttur í leigur. Hefur Guðbjörg Þórunn Sveinsdóttir séð um eftirlit og þrif á staðnum og þakkar stjórnin henni hjartanlega fyrir það mikilvæga starf.

Fjárafnanir, gjafir og styrkir

Bolir, húfur, brúsar og handklæðasett Lagerstaða á vörum frá fyrri árum var það mikil að ákveðið var að halda áfram sölu á þeim varningi og brydda ekki upp á mörgum nýjungum þetta árið. Boðið var uppá stuttermabolina sívinsælu, langermaboli, húfur, vatnsbrúsa og handklæðasett. Var ein nýjung þó í sölu þetta sumarið og var það ný tegund af brúsum, vöktu þeir mikla ánægju meðal barnanna.

Gjafir og styrkir

Á síðasta ári fékk Ölver styrk frá ríkinu fyrir Stelpur í stuði. Söfnun í Sveinusjóð fyrir nýjum leiksskálum heldur áfram, nokkrir eru að gefa mánaðarlega þar inn. Vorið 2023 móttók Ölver veglega minningargjöf vegna andláts Þuríðar Þórðardóttur. Gjöfin verður nýtt til þess að endurnýja og betrubæta skógarstíga og útbúa í minningu Þuríðar fallegan og hlýlegan bænalund. Haustið 2023 fékk stjórn Ölvers tækifæri til að sjá um einn fund í dagskrá aðaldeilda KFUM og K. Á þeim fundi voru kynntar áætlanir um eflingu gjafakerfis sumarþúðanna og nokkrir sem skráðu sig til mánaðarlegra gjafa í tengslum við það. Bindum við miklar vonir við vöxt þess. Í desember kom líkt og í fyrra fram velunnari Ölvers sem lofaði að tvöfalda allar gjafir til Sveinusjóðs upp að 500.000 þúsund krónum. Margir gáfu í þá

söfnun sem að lokum skilaði um 667.000 krónum, samstillt og flott átak þar. Árið 2023 fengum við líka líkt og í fyrra höfðinglega gjöf frá einstaklingi upp á 1.000.000 krónur og þá tók Basar KFUK ákvörðun um að leyfa Ölveri að njóta góðs af ágóða basarsins árið 2023. Erum við þakklát fyrir þær gjafir. Við viljum koma á framfæri miklu þakklæti fyrir allar gjafir og stuðning sem við fáum með einum eða öðrum hætti. Án stuðnings velunnara megnum við lítið.

Skemmtinefndin

Fyrir tveimur árum var sett á laggirnar skemmtinefnd sem skipuð er af sumarstarfsstúlkum Ölvers. Í nefndinni sitja Fanney Rún Ágústsdóttir, Krístrún Guðmundsdóttir, Krístrún Guðnadóttir, Krístrún Lilja Gísladóttir, Nanna Birgisdóttir Hafberg og Lilja Maren Elíasdóttir. Meginverkefni nefndarinnar þetta árið var þögnul uppboð sem var haldið á Holtavegi 28 þann 9. febrúar, með Fanneyju Rún í fararbroddi. Uppboðið var haldið til að safna fyrir nýju fjölnotahúsi í Ölveri. Var ágæt mæting og mættu um 25 manns. Þar safnaðist 500.000 kr.-. Er stjórnin afar þakklát fyrir þeirra framlag og þetta frábæra framtak.

Lokaorð

Eins og fyrri ár þakkar stjórn Ölvers fyrir virkilega gott starfsár. Sumarstarfið var blessunaríkt og er það ekki síst að þakka okkar frábæra starfsfólki, sjálfbóðaliðum og velunnurum. Vill stjórnin koma á framfæri líkt og á hverju ári ástkæru þakklæti til þeirra allra sem hafa aðstoðað í gegnum árin. Þeir skipta tugum sem hafa lagt eitthvað af mörkum til starfsins í ár, hvort sem það er að biðja fyrir starfinu, vekja athygli á því, taka þátt í framkvæmdunum og ýmiskonar viðhaldsvinnu, sjá um staðinn yfir vetrartímann, taka þátt í sumarstarfinu og margt, margt fleira.

Guð blessi áfram þennan yndislega stað sem er mörgum svo kær.

ERNA BJÖRK HARÐARDÓTTIR
FORMADUR STJÓRNAR



ANÍTA EIR EINARSDÓTTIR
RITARI STJÓRNAR



ÁSTA SÓLLILJA SIGURBJÖRNSDÓTTIR
GJALDKERI STJÓRNAR



KRÍSTRÚN GUÐMUNDSDÓTTIR
VARARITARI STJÓRNAR





14. KALDÁRSEL

Sumarbúðirnar í Kaldárseli hafa verið starfræktar frá árinu 1925, eða í 99 ár. Á þessum tíma hafa mörg börn fengið að njóta þess að dvelja í Kaldárseli og um leið fengið dýrmæt tækifæri til að rækta líkama, sál og anda. Umhverfi Kaldársels er ævintýri líkast, þar er fjöldi hella og annarra fallegra staða sem gaman er að skoða. Hraunið umhverfis Kaldársel og Kaldáin hafa verið verið uppspetta ótalmargra gleðistunda hjá börnunum sem dvelja í Kaldárseli. Sumarbúðirnar í Kaldárseli voru fyrstu íslensku sumarbúðirnar til að vera með fastan skála. Mikið hefur verið byggt við skálann í Kaldárseli síðan þá og í dag skiptist hann niður í tvo hluta, gamla og nýja skálann. Í gamla skálanum er matsalur, eldhús, sameiginlegt rými og tvö svefnherbergi fyrir börn sem og starfsmannaherbergi, árið 2024 má ekki gista í gamla skála. Í nýja skálanum eru 4 svefnherbergi fyrir börn, starfsmannaherbergi, íþróttasalur og samkomusalur. Í Kaldárseli er aðstaða fyrir 40 börn og 8 starfsmenn, 4 aðstoðaföringja, árið 2024 breytist það í 28 börn og 6 starfsmenn.

STJÓRN OG STJÓRNARSTÖRF

Aðalfundur

Aðalfundur var haldinn 15. Mars 2023 í Þjónustumiðstöð KFUM og KFUK á Holtavegi 28. Fundarstjóri var Guðmundur Jóhannsson og fundarritari var Jóna Þórdís Eggertsdóttir.

Stjórn Kaldársels og aðrir kosnir fulltrúar

Stjórn Kaldársels á starfsárinu skipuðu:

Heiðar Feykir Tómasson, meðstjórnandi
Jóna Þórdís Eggertsdóttir, ritari

Kristman J Ágústsson, meðstjórnandi
Sigurður Helgi Pálmason, formaður
Sveinn Elliði Björnsson, gjaldkeri
Davíð Örn Ingason, varamaður
Guðni Natan Gunnarsson, varamaður

Á árinu voru haldnir 5 stjórnarfundir en milli funda átti stjórnin í virkum samskiptum í gegnum facebookhóp stjórnar. Skoðunarmenn reikninga voru þeir Benjamín Ragnar Sveinbjörnsson og Guðmundur Jóhannsson.



Sigurður Helgi
Pálmason



Jóna Þórdís
Eggertsdóttir



Sveinn Elliði
Björnsson



Heiðar Feykir
Tómasson



Kristmann J.
Ágústsson



Guðni Natan
Gunnarsson



Davíð Örn
Ingason

Helstu verkefni stjórnar

Meðal þeirra verkefna sem stjórnin sinni á starfsárinu eru:

Undirbúningur sumarstarfs: Eitt af helstu verkefnum stjórnar á vormánuðum er að undirbúa sumarstarfið. Eitt þeirra er auglýsa sumarstarfið. Stjórnin sér um auglýsingar á samfélagsmiðlum en annað er sameiginlegt með hinum sumarbúðum KFUM og KFUK. Guðrún Þóra Gunnarsdóttir hefur gert margar fallegar teikningar sem við höfum nýtt í auglýsingarefni. Ráðningarferlið var erfitt og tæplega tókst að finna nægt starfsfólk fyrir sumarið. Á endingu rættist vel úr málum og fengum við kraftmikla viðbót í eldhús og ræstingar, einnig stigu reyndir foringjar upp sem forstöðufólk og stóðu sig vel. Mikið af aðstoðarforingjum sóttu um starf sem var afar ánægjulegt og í hverjum flokki voru að jafnaði 4 aðstoðarforingjar á aldrinum 13-16 ára. Annar hefðbundinn undirbúningur átti sér stað að venju svo sem starfsmannabjálfun, undirbúningur dagskrár, regluleg innkaup, almennt viðhald staðarins og bakvakt fyrir alla flokka.

Samskipti við Hafnarfjarðarbæ: Við eigum í góðu samstarfi við Hafnarfjarðarbæ. Hafnarfjarðarbær greiddi laun tveggja starfsmanna (flokkestjóra) 264 klst., sem samsvarar 7 vikum í Kaldárseli. Vanin er að greiða þrjá 18 ára og eldri starfsmenn 238 klst., en í ár nýttist það ekki vel vegna búsetu foringja, því var fundinn meðalvegur og fengu unglingar að vinna bæjarvinnuna í Kaldárseli ásamt 2 eldri foringjum. Samstarf Kaldársels og Hafnarfjarðabæjar er okkur mjög dýrmætt og veitir góðan stuðning við starfið. Vanin er að þrír starfsmenn séu á launum hjá bænum



en vegna þess að búseta starfsmanna dreifist um landið er stundum púsl að finna leiðir sem henta bæði Kaldárseli og bænum. Samstarfið er þó gott og sveigjanlegt sem er mjög jákvætt. Hafnarfjarðarbær hefur séð um að láta tæma rotþrónna á vorinn, en þó á að breyta því fyrirkomulagi 2024. Einnig hefur bærinn gefið góðan afslátt á fasteignagjöldum. Stjórn Kaldársel vonar að samstarfið við bæjinn eigi eftir að aukast á komandi árum.

Samskipti við starfsmenn: Stjórn Kaldársels tók alla starfsmenn sumarsins í starfsmannasamtal fyrir sumarið. Þá var haldið var sérstakt starfsmannanámskeið í Kaldárseli þar sem farið var yfir allt sem skiptir mestu máli fyrir sumarstarfið t.d. samskipti, útivist, eftirlit og hlutverk foringja.

Eftirfylgni með starfsemi Vínasetursins: Stjórn Kaldársels skipaði stjórn Vínasetursins sem samanstóð af Helga Gíslasyni, formanni, Arnóri Heiðarssyni, gjaldkera og Jónu Þórdísi Eggertsdóttur sem tengilið við Kaldársel. Framkvæmdastjóri Vínasetursins, Guðrún, og stjórn Vínasetursins hefur haldið utan um starfsemina og stjórn Kaldársels hefur fengið reglulegar fréttir af stöðu starfsins þar.

100 ára afmæli Kaldársels 2025: Árið 2023 var ákveðið að safna saman hóp af fólki í sérstaka afmælisnefnd. fyrir 100 ára afmæli Kaldársels 2025. Nefndin hefur hafið undirbúning að veisluhöldum og er farið að safna saman heimildum (sögum og myndum) frá Kaldárseli.

STARFSEMI – SUMARSTARF

Flokkar sumarsins

Flokkaskrá sumabúðanna í Kaldárseli 2023 var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Ákveðið var að hafa ekki dvalarflokk í ágúst og stytta sumarið um eina viku vegna þess hve illa gekk að fá starfsmenn í þá flokka árið 2022.

Flokkaskrá 2023

Flokkur	Dagsetning	Aldur	Fjöldi
1. Leikjanámskeið I	12. júní–16. júní	6–9 ára	40
2. Dvalarflokkur I	19. júní–23. júní	8–11 ára	40
3. Leikjanámskeið II	26. júní–30. júní	6–9 ára	41
4. Dvalarflokkur II	3. júlí–7. júlí	9–12 ára	40
5. Leikjanámskeið III	10. júlí–14. júlí	6–9 ára	33
6. Leikjanámskeið IV	17. júlí–21. júlí	6–9 ára	2
7. Leikjanámskeið V	31. júlí–3. ágúst	6–9 ára	24
8. Leikjanámsk. eldri	8. ágúst–11. ágúst	7–11 ára	38

Tölfræði þátttöku

Sumarið 2023 var boðið upp á samtals 8 flokka í sumarbúðunum í Kaldárseli. Hver flokkur tekur 40 börn og í heildina boðið uppá 320 pláss. Allir flokkar sumarsins voru fyrir öll kyn. Þátttakendur sumarið 2023 voru samtals 268 sem er 83,75% nýting. Árið 2022 var boðið upp á 9 námskeið og þá 360 pláss, það árið voru þátttakendur 340 í heildina og nýtingin 94,44%. Þátttakendum fækkar því um 72 en plássum aðeins um 40. Árið 2023 var 40% þátttakenda drengir (106 þátttakendur) og 60% stúlkur (162 þátttakendur), sjá nánar í hér að neða. Það er svipað kynjahlutfall og árið 2022.

Kynjahlutfall þátttakenda í Kaldárseli sumarið 2023:

Flokkur	KK	KVK	Samtals
1. Leikjanámskeið I	21	19	40
2. Dvalarflokkur I	11	29	40
3. Leikjanámskeið II	16	25	41
4. Dvalarflokkur II	6	34	40
5. Leikjanámskeið III	19	14	33
6. Leikjanámskeið IV	6	6	12
7. Leikjanámskeið V	15	9	24
8. Leikjanámsk. eldri	12	26	38
Samtals:	106	162	268
Hlutfall:	40%	60%	100%

Búseta þátttakenda:

Flestir þátttakendur koma úr Hafnarfiðri eða 44%, 26% koma úr Reykjavík, 12% Kópavogi, 9% Garðabæ og 8% koma annarstaðar frá. Það er sambærileg dreyfing og undanfarin ár.

Endurkoma:

Yfir sumarið er nokkuð jafnt hlutfall milli þeirra sem eru að koma í fyrsta skipti í Kaldársel og þeirra sem hafa komið áður. Í töflu 4 má sjá að 54% þátttakenda voru að koma í fyrsta skipti í Kaldársel eða 144 börn. Þá var dvölin í Kaldárseli var fyrsta reynsla 120 þeirra af starfsemi KFUM og KFUK. Einnig er ánægjulegt að vera með 46% endurkomu hlutfall en það voru 124 börn sem voru að koma aftur í Kaldársel.

Aldur:

Í töflu 5 má sjá að í öllum flokkum eru 8 ára þátttakendur og í heild eru þeir 30% af þátttakendum, 20% er 7 ára og 24% 9 ára. Þannig að 74% þátttakenda er á aldrinum 7-9 ára. 11 % eru yngri en 7 ára og 14% eldri en 9 ára. Sjá nánar í töflu hér á opnunni.

Starfsmenn

Við erum gríðarlega þakklát fyrir allt það starfsfólk sem hefur verið tilbúið að starfa fyrir okkur síðastliðin sumur enda gegna þau lykilhlutverki í upplifun barnanna af starfinu. Ráðningar hafa gengið misvel í Kaldárseli undanfarin ár og erfiðlega gengið að skapa góðan starfsmannakjarna. Í hverjum flokki í Kaldárseli er að minnsta kosti einn starfsmaður fyrir hverja fimm þátttakendur, í fullu námskeiði eru það átta starfsmenn. Auk þess fá unglingar að taka þátt í starfinu sem ungleiðtogar. Sumarið 2023 störfuðu samtals 15 starfsmenn í Kaldárseli og 22 ungleiðtogar. Ungleiðtogarnir eru á aldrinum 14-16 ára og unnu flestir í einum flokki en mest fjórum. Þrír starfsmenn unnu í Kaldárselið alla á flokkana og tveir unnu í sjö flokkum. Aðrir unnu allt frá einum flokki upp í fimm. Það er því alltaf einhver breyting á starfsmannahópnum milli flokka en á sama tíma var þéttur grunnur sem vann allt sumarið.



Aldur barna í Kaldárseli sumarið 2023:

Flokkar sumarið 2022	6 ára*	7 ára	8 ára	9 ára	10 ára	11 ára	12 ára
1. Leikjanámskeið I	5	14	18	3			
2. Dvalarflokkur I		6	10	12	9	3	
3. Leikjanámskeið II	5	9	21	6			
4. Dvalarflokkur II			6	13	14	5	2
5. Leikjanámskeið III	8	11	11	3			
6. Leikjanámskeið IV	6	3	1	2			
7. Leikjanámskeið V	7	4	7	5	1		
8. Leikjanámsk. eldri		7	7	20	4		
Samtals	31	54	81	64	28	8	2
	11%	20%	30%	24%	10%	3%	1%

* Sex börn yngri en 6 ára teljast með í yngsta aldurshópinn.

Forstaða

1. Flokkur Monika Jónsdóttir
2. Flokkur Atli Rafnsson
3. Flokkur Rebekka Rogers
4. Flokkur Guðni Natan Gunnarsson
5. Flokkur Lena Inaba
6. Flokkur Lena Inaba
7. Flokkur Lena Inaba
8. Flokkur Jóna Þórdís Eggertsdóttir

Eldhúsumsjón

Beata Jónsdóttir hefur verið ráðskona Kaldársels síðastliðin 5 ár og hefur séð um matarinnkaup og allt utnumhald yfir eldhúsið síðan 2021. Sumarið 2023 var Malgorzata Jolanta Szczepaniak með Beötu í eldhúsinu allt sumarið.



Annað starfsfólk

Sumarið 2023 starfaði þéttur hópur starfsmanna og ríkti almennt góður starfsmannamóráll í Selinu. Foringjar sumarsins voru þau Aron Charlie Inaba Árnason, Sveinn Elliði Björnsson, Eyrún Ölöf Ívarsdóttir, Fracis Laufkvist Kristinbur, Sigríður Stella Gunnarsdóttir, Guðrún Gía Viljálmsdóttir og Natalia Zaharova, auk þess voru Lena Inaba og Jóna Þórdís Eggertsdóttir foringjar. Mikið af ungleiðtogum sóttust eftir að starfa í Kaldárseli og var þeim öllum gefið tækifæri. Samtals unnu 22 unglíngar í Kaldárseli sumarið 2023 það voru þau Sindri Dan Vignisson, Jenný Klara Jónsdóttir, Ásdís Svava Pétursdóttir, Amelía Guðrún Gunnardóttir, Kai Embl Baldurs, Charlotta Karen Björnsdóttir, Ásta Magnúsdóttir, Álfrún Una Jóhannsdóttir, Ásdís Erica Farestveit, Ísabella Waage Castillo, Ísabella Þórðardóttir, Brynja Hlín Björgvinsdóttir, Hekla Rán Óskarsdóttir, Rósa Kristín Einarsdóttir, Sædís Eva Bjarnadóttir, Kamilla Inga Ellertsdóttir, Bergþóra Hildur Andradóttir, Herdís Arna Úlfarsdóttir, Þórhildur Stella Gunnarsdóttir, Yrsa Maren Haraldsdóttir, Auður Káradóttir og Embla Dís Arnþórsdóttir.

Annað

Sumarið 2023 átti Garðasókn og Kaldársel í samstarfi þar sem Jóna Þórdís Eggertsdóttir æskulýðsfulltrúi Garðasóknar starfaði í ýmsum hlutverkum í sumarbúðunum Kaldársels yfir sumarið og unglíngar í Æskulýðsfélaginu fengu að koma í leiðtogabjálfun eina viku í Kaldárseli. Vinnuskóli Garðabæjar studdi enn frekar við samstarfið með því að meta vinnu unglínganna í Kaldárseli til launa í vinnuskólanum.

Viðburðir

Stefnt var að því að halda Vorhátíð Kaldársels á uppstirningadag þann 18. Maí en henni var aflýst vegna veðurs.

Þann 24. ágúst var haldin starfsmannaskemmtun fyrir sumarstarfsmenn Kaldársels, boðið var í Keilu og pítsu í Keiluhöllinni. Góð mæting var á viðburðin og gaman að koma saman og fagna góðu sumri.



FRAMKVÆMDIR OG STARFSABSTAÐA

Framkvæmdir: Ekki var farið í stórar framkvæmdir árið 2023 þó var nokkuð mikið um viðhald. Helgi Gíslason og Ómar Kristinsson unnu viðhald á framhlið gamlaskála þar sem þeir máluðu framhliðina, löguðu glugga og máluðu. Í flokkum þar sem þátttakendur voru fáir nýttum við umframstarfsfólk í alsherjar þrif og tiltekt, þá var öll efrihæðin bónuð, settir upp nýjir skápar og rúm sem fengið var að gjöf frá Rúmfatalagernum, einnig voru keyfir notaðir kæliskápar og bakaraofn sem fengust á góðu verði. Auk þess var sinnt tilfallandi viðhaldsvinnu til að mynda þurfti pípara til að laga vatnslögn og þá um leið yfirfara öll niðurföll. Uppvöskunarvélín er einnig komin á síðasta snúning og mikilvægt að endurnýja hana.

Leyfisveitingar: Árið 2023 átti sér stað mikil vinna við að fá starfsleyfi frá Slökkviliðinu og samþykktar teikningar af Kaldárseli eftir breytingarnar 2021. Í ljós kom að aðalhönnuður sem fengin var til að teikna breytingarnar á Kaldárseli fylgdi ekki eftir verkefninu og kláraði ekki að fá teikningarnar samþykktar af byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar. Eftir mikla vinnu var ákveðið að fá Svein Valdimarsson okkur til aðstoðar þannig að verkið myndi klárast. Hann teiknaði Kaldársel og er nú aðalhönnuður hússins, við erum honum mjög þakklát fyrir að stíga inni málið og vinna það hratt og vel. Hann og Davíð Snorrason brunahönnuður hússins áttu í miklu samstarfi við Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu fyrir okkar hönd ásamt formanni stjórnar. Slökkviliðið á Höfuðborgarsvæðinu tekur vesturhluta hússins eða gamla skála ekki vera öruggan stað til að gista á. Þá er óljóst hver burðageta hússins er, efniviður brennur of hratt og neyðarútgangar of litlir. Því var ákveðið að þar til húsið hefur verið lagað verður ekki gíst í gamla skálanum einungis nýja. Í byrjun árs 2024 fengum við starfsleyfi frá slökkviliðinu með þessum forsendum. Eins og staðan er núna eru 28 kojur fyrir börn og 6 rúm fyrir starfsmenn í nýjaskálanum. Því verður sumarstarfið 2024 með breyttu sniði með færri börnum og starfsmönnum en undanfarin ár. Ljóst er

að mikill tekjumissir verður af þessu og því mikilvægt að kaldæingar ræði framtíðarsýn staðarins því leggja þarf mikla vinnu í endurbætur í Kaldárseli og fjármagn ekki til staðar.

Lokaorð

Starfsárið 2023 var þungt að mörgu leyti. Framtíð starfsins í Kaldárseli er óljós þar sem öryggi hússins er ábótavant og endurbætur kostnaðarsamar. Við erum þakklát fyrir gott sumar sem gekk vel og við fengum til okkar gott starfsfólk. Saga staðarins og sú mikla uppbygging sem hefur átt sér stað undanfarin ár gefur okkur mikinn meðbyr og vonum við að starf sumarbúðanna megi halda áfram að vaxa um ókomin ár. Rekstur Vínasetursins gengur vel en þau finn líka fyrir áskorunum í húsnæðismálum sérstaklega yfir vetrartímann sem hvetur okkur enn frekar til að vinna að framkvæmdaráætlun fyrir endurbætur á húsinu næstu árin. Stjórn Kaldársels vill koma á framfæri kærum þökkum til allra þeirra fjölmörgu sem lagt hafa starfinu í Kaldárseli lið á árinu, starfsmönnum, sjálfboðaliðum, velunnurum og gestum.

JÓNA ÞÓRDÍS EGGERTSDÓTTIR
RITARI STJÓRNAR



SIGURDUR HELGI PÁLMASSON
FORMAÐUR STJÓRNAR





15. HÓLAVATN

Hólavatn er staðsett innarlega í Eyjafirði, 37 kílómetra frá Akureyri. Þar er góð aðstaða fyrir hópa og umhverfið allt í kring býður upp á fjölmarga möguleika. Ný bygging var tekin í notkun árið 2012 og í henni eru þrjú 6 manna herbergi, tvö 8 manna, eitt tveggja manna og eitt þriggja manna. Alls er því gístaðstaða fyrir 39 manns í rúmunum. Starfræktar hafa verið sumarþúðir fyrir börn frá árinu 1965 og enn í dag geta öll börn á aldrinum 7. – 16. ára komið og átt góðar stundir þar.

Stjórn og stjórnarstarf

Aðalfundur Hólavatns var haldin 8. Mars 2023

Stjórn Hólavatns á starfsárinu skipuð:
 Þórður Daníelsson, formaður
 Guðlaugur Sveinn Hrafnsson, fjaldkeri
 Tinna Hermannsdóttir, ritari
 Elísabet Eik Jóhannsdóttir, kynningarfulltrúi
 Daníel Orri Helgason, meðstjórnandi
 Davíð Ingi Guðmundsson, varamaður
 Valborg Rut Geirsdóttir, varamaður

Skoðunarmenn reikninga voru Ragnheiður María Harðardóttir og Kolbrún Harðardóttir

Fjöldi stjórnarfunda á árinu voru níu og fóru þeir fram í félagsheimilinu í Sunnuhlíð og á Teams.

Formaður sótti sameiginlega formannafundi sumarbúðanna í gegnum Teams. Verkefni stjórnar voru þau sömu og árið á undan. Stjórnin sér aðallega um undirbúning og skipulag sumarstarfsins, framkvæmdir og viðhald á staðnum. Skráning í flokka fór rólega af stað en tók við sér þegar leið á.



Þórður
Daníelsson



Tinna
Hermannsdóttir



Guðlaugur
Sveinn
Hrafnsson



Elísabet Eik
Jóhannsdóttir



Daníel Orri
Helgason



Davíð Ingi
Guðmundsson



Davíð Ingi
Guðmundsson

Starfsfólk sumarsins:

Forstaða: Guðlaugur Sveinn Hrafnsson, Sigurður Bjarni Gíslason og Laufey Aðalstensdóttir, Þórhildur Einarsdóttir, Krístrún Guðnadóttir og Tinna Rós Steinsdóttir

Matráður: Daníel Orri Helgason, Eydís Ösp Eypórsdóttir, Hanna Gísladóttir, Krístrún Lilja Guðmundsdóttir.

Foringjar: Helena Ósk Hilmarsdóttir, Guðrún Karen Sigurðardóttir, Inga María Hauksdóttir, Ari Jónsson, Ólafur Björgvin Jónsson, Margrét Unnur Ólafsdóttir, Lára Ruth, Nanna Birgisdóttir, Daníel Orri Helgason, Aldís Þóra Haraldsdóttir, Dagbjartur Elí Kristjánsson, Lóa Rakel Ellenardóttir, Guðlaugur Sveinn Hrafnsson.

Aðstoðarforingjar: Ásta María Viðarsdóttir, Alexía Lind Ársælsdóttir, Amanda Mist Sirúnardóttir, Stefán Andri Björnsson, Margrét Mjöll Sindradóttir, Klaudia Anna Jablonska.



SUMARSTARF Á HÓLAVATNI 2023

Flokkar sumarsins voru:

Flokkur	Dagsetning	Aldur	Kyn	Fjöldi
1 Frumkvöðlaflokkur	8.–10. júní	7–9	Öll	17
2 Strákaflokkur	12.–16. júní	8–11	KK	29
3 Stelpuflokkur	19.–23. júní	8–10	KvK	35
4 Leikjaflokkur	26.–30. júní	11–13	Öll	21
5 Stelpuflokkur	3.–7. júlí	9–11	KvK	34
6 Leikjaflokkur	10.–14. júlí	9–11	Öll	0
7 Ævintýraflokkur	17.–21. júlí	12–14	Öll	34
8 Ævintýraflokkur	24.–28. júlí	11–13	Öll	0
9 Meistaraflokkur	31. júlí–4. ágúst	14–16	Öll	0

Yfirlit starfs

Alls komu 170 börn á Hólavatn sumarið 2023. Boðið var upp á níu dvalarflokka einum flokki meira heldur en í fyrra. Í boði voru einn drengjaflokkur, tveir stelpuflokkar og fimm blandaðir flokkar. Það var breyting á röðum flokkana þetta sumarið, en vegna fótboltamóta þá var drengjaflokkurinn færður viku fyrr eins og í fyrra.

Haldið var áfram að nýta samfélagsmiðla í kynningarstarfi sem og auglýsingar settar í helstu pappírsmiðla á Akureyri. Starfið á Hólavatni gekk vel þó að það hafi komið upp nokkrir hnókrar. Það gekk ágætlega að manna alla flokkana fyrir utan forstöðu en það gekk allt saman að lokum. Það var mikil endurnýjun á starfsfólki þetta sumarið og komu frábærir ungleiðtogar til leiks. Stjórn Hólavatns var mjög ánægð með starfsfólkið og erum við þeim afar þakklát fyrir þeirra mikilvæga starf. Vegna dræmrar skráningar þá var tekin ákvörðun um að fella niður þrjá flokka, 6. flokk sem var 9–11 ára blandaður flokkur, 8. flokk sem var 11–13 ára blandaður flokkur og 9. flokk sem var 14–16 ára Meistaraflokkur.

Fjárafánir

Ekki var farið í fjárafánir þetta árið.

Árleg Kaffisala

Kaffisala Hólavatns 2023 var haldin 20. ágúst. Var hún auglýst á samfélagsmiðlum, í helstu pappírsmiðlum á Akureyri og sett voru upp skilti við Leiruna og Hlíðarbraut. Var mætingin fram úr öllum vonum eða um 220 manns sem áttu yndislega og notalega stund á Hólavatni í blýðskapar veðri. Allt brauð kláraðist og hætta þurfti að selja inn klukkan 15:30.



Framkvæmdir

Farið var í átta vinnuferðir á Hólavatn fyrir fyrsta flokk sumarsins þar voru ýmis verk unnin, m.a. var leiksvæðið tekið í gegn og húsið standsett fyrir sumarið. Framkvæmdum við þakið var frestað til ársins 2024 og er stefnt að því að hefja framkvæmdir um leið og snjóá leysir.

Fermingarnámskeið

Eyjafjarðarsókn nýtti sér aðstöðu Hólavatns til fermingarnámskeiða þetta árið og var fyrirkomulagið það sama og í fyrra en gist var ein nótt á Hólavatni.

Lokaorð

Ég Drottinn Guð þinn held í hægri hönd þína og segi við þig óttast þú eigi ég hjálpa þér. (Jes. 41.13)

Ró í hjarta – gleði í sál eru orð sem lengi hafa fylgt Hólavatni. Í einstakri fegurð Eyjafjarðar, þar sem Hólavatn hvílir svo fallega í faðmi umvefjandi hólanna má segja að ró í hjarta sé óumflýjanleg. Í góðu sumarveðri er fátt dásamlegra en glaðlynd börn sem njóta alls þess sem Hólavatn hefur upp á að bjóða. Við erum einstaklega þakklát fyrir börnin sem koma á Hólavatn og vonum að þau verði svo miklu fleiri í framtíðinni. Að börnin sem frá okkur fara eftir sumardvöl minnst tímans á Hólavatni, með gleði og hlýju í hjarta og taki með sér góðar minningar. Öllum þeim sem rétt hafa hjálparhönd við starfið á Hólavatni, með bænum, gjöfum eða verkum þökkum við stjórnin af heilum hug.

GUÐLAUGUR SVEINN HRAFNSSON
GJALDKERI STJÓRNAR



16. KFUM OG KFUK Á AKUREYRI

Stjórn og stjórnarstörf

KFUM og KFUK á Akureyri hefur aðsetur í björtum sal á 2. hæð í verslunarkjarnanum Sunnuhlíð 12. Félagið var stofnað 1951 og hefur haft aðsetur í Sunnuhlíð frá 1986.

Aðalfundur

Aðalfundur KFUM og KFUK á Akureyri árið 2023 var haldinn 8. mars í félagsheimili KFUM og KFUK á Akureyri í Sunnuhlíð. Jóhann Þorsteinsson var kosinn fundarstjóri og fundarritari var Brynhildur Bjarnadóttir.

Í stjórn KFUM og KFUK á Akureyri voru eftirfarandi kosin:

Aldís Þóra Haraldsdóttir, formaður

Ólafur Björgvin Jónsson, ritari

Guðmundur Ómar Guðmundsson, gjaldkeri

Varamaður: Guðlaug Sigríður Hrafnadóttir



Aldís Þóra
Haraldsdóttir



Ólafur Björgvin
Jónsson



Guðmundur
Ómar
Guðmundsson



Guðlaug
Sigríður
Hrafnadóttir

Haldnir voru 4 stjórnarfundir í fundaraðstöðu félagsins í Sunnuhlíð. Tinna Hermannsdóttir svæðisfulltrúi sat tvo fundi, Guðlaugur Sveinn Hrafnsson sat einn fund, Tómas Torfason sat tvo fundi, Brynhildur Bjarnadóttir og Eydís Ösp Eypórsdóttir sátu einn fund hvor með stjórninni.

Helstu verkefni stjórnar

Á fyrsta stjórnarfundinum skipti stjórnin með sér verkum. Aldís Þóra Haraldsdóttir tók að sér formannsembættið, Ólafur Björgvin Jónsson tók að sér að vera ritari og Guðmundur Ómar Guðmundsson tók að sér embætti gjaldkera.

Þó megin hlutverk félagsins snúi að barnastarfi koma ýmiss önnur verkefni á borð stjórnar, t.d. mál sem snúa að rekstri félagsheimilisins og húsfélagsins í Sunnuhlíð. Árið 2022 var stór hluti í sameign hússins seld til Regins ehf. vegna nýrrar heilsugæslu sem opna á í Sunnuhlíð.



Félagsheimili KFUM og KFUK er á annarri hæð í Sunnuhlíð 12.

Endurbætur á húsinu og gerð nýbyggingar hefur staðið yfir á síðastliðnu ári. Þessar framkvæmdir hafa ekki haft mikil áhrif á starfsemi félagsins en þó hefur verið að ýmsu að hyggja varðandi sameign og hefur samvinna við aðra eigendur í þeim málum gengið vel. Ganga þurfti frá að teikningar af gluggum félagsheimilisins væru réttar. Nýr neyðarútgangur var settur á austurhlíð salarins þar sem að búið var að selja og loka eldri neyðarútgangi þessi framkvæmd var að öllu kostuð af Regin ehf. Einnig var farið í vinnu við nýjan eignaskiptasamning á Sunnuhlíð 12, Guðmundur sinnti þeirri vinnu fyrir hönd félagsins.

Á síðasta ári var snyrtingu inn af setustofu breytt í geymslu með ræstiaðstöðu. Búið er að setja skápa sem henta vel fyrir starfsgögn félagsins.

Tinna Hermannsdóttir var starfsmaður félagsins stærsta hluta árs 2023. Í lok árs lauk Tinna störfum fyrir félagið og þakkar félagið henni samvinnuna og óskar henni velfarnaðar á nýjum vettvangi. Guðlaugur Sveinn Hrafnsson var fenginn tímabundið til að leysa hennar verk, fyrst þegar hún var í veikindaleyfi og svo var hann ráðinn tímabundið fram á vorið.

Útleiga

Tveir fastir leigjendur hafa verið hjá félaginu eins og undanfarin ár, þ.e. Tónlistarskóli Eyjafjarðar og héraðsnefnd Eyjafjarðarprófestsdæmis. Einnig var eitthvað um tilfallandi útleigur til hópa eða til veisluhalda.

BARNA- OG ÆSKULÝÐSSTARF

Deildastarf

Barna- og æskulýðsstarfið okkar hefur gengið mjög vel á árinu. Tinna Hermannsdóttir, svæðisfulltrúi KFUM og KFUK á norðurlandi hélt utan um starfið fyrri hluta árs en Guðlaugur Sveinn Hrafnsson tók við meginábyrgð með haustinu.

Unglingastarfið á fimmtudögum í samvinnu við Glerárkirkju gekk vel á árinu en 14 mættu að jafnaði á fundi. Í barnastarfið voru tvær deildir á vormisseri en á haustmisseri var bara deild fyrir eldri barnahópinn og mættu að meðaltali 15 börn á fundi. Deildarstarf var líka haldið á Grenivík og þar voru 8 börn að meðaltali og Svalbarðseyri mættu að jafnaði 6 börn á fundi.

Eins og undanfarin ár tók félagið þátt í verkefninu Jól í skókassa. 240 kassar söfnuðust, Guðlaugur Sveinn hélt utan um verkefnið fyrir okkar hönd. Þátttakendur í starfinu gerðu kassa en einnig söfnuðust margir kassar frá fólki í bænum.

Fullorðinsstarf

Á síðastliðnu starfsári var ekki fullorðinsstarf á vegum stjórnar KFUM og K en Kristniðsfélag Akureyrar hélt eina samveru í félagsheimilinu sem var vel sótt að félagsmönnum og öðrum.

Gjafir og styrkir

Samningur KFUM og KFUK á Akureyri við Akureyrarbæ rann út á árinu og við tók vinna við að endurnýja þann samning. Farið var á fund með formanni bæjarráðs og starfsmanni fræðslu- og lýðheilsuráðs til fá áframhaldandi



Þátttakendur í unglingadeildinni UD-Glerá tóku þátt í unglingamóti KFUM og KFUK í Vatnaskógi.



styrk fyrir félagið. Lögð var áhersla á að styrkurinn væri til þriggja ára og félagið myndi fá hækkun enda hafði styrkurinn ekki hækkað í nokkur ár. Styrkurinn hefur verið 1.500.000 kr. undanfarin ár og var sótt um hækkun í 2.500.000 kr. Vel var tekið í þessa beiðni og gekk fundurinn vel en niðurstaðan var að styrkurinn hækkaði aðeins í 1.650.000 kr á ári. Einnig var sótt um styrk til Norðurorku en við fengum neitun að þessu sinni.

Lokaorð

Okkur er þakklæti efst í huga fyrir þá hluti sem hafa gengið vel. Þó að félagið sé lítið þá erum við stolt af okkar starfi og þökkum Guði fyrir að enn getum við boðið börnum að koma og njóta þess sem KFUM og KFUK hefur uppá að bjóða. Áskoranir félagsins eru þó nokkrar, virkum félögum fækkar og erfitt er að fá fólk til að gefa af tíma sínum til stjórnarsetu eða annarra sjálfboðastarfa. Von okkar, sem höfum verið í félaginu lengi, er þó sú að við fáum yngra og kraftmeira fólk til að gefa af tíma sínum svo félagið nái að blómstra á næstu árum.

ÓLAFUR BJÖRGVIN JÓNSSON
RITARI STJÓRNAR



17. KFUM OG KFUK Í VESTMANNAEYJUM

KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum heldur úti unglingadeild í samstarfi við Landakirkju og nefnist hún Æsland, Æskulýðsfélag Landakirkju og KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum. Félagið hefur verið rekið í þessari mynd frá árinu 1991 er KFUM og KFUK starf sem legið hafði í dvala í nokkurn tíma var endurreist af Hreiðari Erni Zoëga Stefánssyni.

STJÓRN OG STJÓRNARSTÖRF


Aðalfundur

Aðalfundur KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum var haldinn 23. mars 2023 kl. 12:00 í safnaðarheimili Landakirkju. Fundinn sóttu 6 manns. Fundarstjóri var Viðar Stefánsson og Ragnheiður Perla Hjaltadóttir ritaði fundargerð. Hefðbundin aðalfundarstörf.

Stjórn KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum á starfsárinu skipuðu:

Guðmundur Örn Jónsson, formaður
Ragnheiður Perla Hjaltadóttir, ritari
Gísli Stefánsson, gjaldkeri
Brynja Halldórsdóttir, meðstjórnandi
Snorri Rúnarsson, meðstjórnandi

Stjórnin hélt þrjá stjórnarfundi á starfsárinu í safnaðarheimili Landakirkju. Stjórnin hittist einnig við óformleg tilefni þar sem mál félagsins voru rædd.



Guðmundur
Örn Jónsson

Ragnheiður
Perla
Hjaltadóttir

Gísli Stefánsson

Brynja
Halldórsdóttir

Snorri
Rúnarsson

Helstu verkefni stjórnar

Verkefni stjórnar á starfsárinu, einkenndust líkt og undanfarin ár af stuðningi við Æsland í formi styrkja til ferða á æskulýðsmót og innkaupa fyrir aðstöðu félagsins í safnaðarheimili Landakirkju. Einnig voru lögð drög að frekari uppbyggingu á starfinu í Vestmannaeyjum.

STARFSEMI OG VIÐBURÐIR

Æskulýðsfundir í Landakirkju

Í Vestmannaeyjum er starfrækt unglingadeild fyrir 8. 9. og 10. bekk og fyrsta ár í framhaldsskóla. Á sunnudagskvöldum eru haldnir æskulýðsfundir í Landakirkju undir stjórn Gísla Stefánssonar æskulýðsfulltrúa og ungleiðtoganna leiðtoga. Á haustönn tók Trausti Mar Sigurðarson við starfi æskulýðsfulltrúa við Landakirkju og tók við hópnum sem Gísli hafði haldið utan um frá árinu 2009. Trausti hefur farið mjög vel af stað með starfið og komið með þær nýjungar sem vöntun var á um leið og hann hefur haldið vel utan um það sem áður hafði verið vel gert. Meðal mæting í starfið hefur haldist milli ára en á starfsárinu hafa 25



KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum er starfrækt í nánu samstarfi við Landakirkju.

krakkar að meðaltali verið að taka þátt í fundum á sunnudagskvöldum. Á starfsárinu hóf sterkur hópur ungleiðtoga þjálfun hjá KFUM og KFUK í leiðtogafræðum og bindum við sterkar vonir við það öflugna unga fólk sem myndar þann góða hóp.

Opin hús í safnaðarheimili Landakirkju

Á miðvikudagskvöldum er opið hús í fræðslustofu safnaðarheimilis Landakirkju og sóttu það um 8-10 unglingar að jafnaði í hverri viku á starfsárinu. Aðstaðan þykir góð en hana er hægt að samnýta með öðrum hópum sem starfa innan kirkjunnar og hefur það reynst að vel að deila rýminu með þeim.

Leiðtogarnir Arnar Gauti Egilsson, Snorri Rúnarsson og Gísli Stefánsson héldu utan um opnu húsin framan af starfsárinu en Trausti tók við þeim bolta þegar hann hóf störf sem æskulýðsfulltrúi.

Sjálfboðaliðar í starfinu

Sjálfboðaliðar í starfinu: Arnar Gauti Egilsson, Brynja Halldórsdóttir, Gísli Stefánsson, Guðmundur Örn Jónsson, Ragnheiður Perla Hjaltadóttir, Snorri Rúnarsson, Trausti Mar Sigurðarson og Viðar Stefánsson.



Friðriksmótið í Vatnaskógi

25 þátttakendur og 2 leiðtogar á vegum Æskulýðsfélags Landakirkju og KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum fóru á Friðriksmótið sem haldið var í Vatnaskógi dagana 24. – 26. mars 2023. Eins og vanalega skemmti hópurinn sér stórkostlega í Vatnaskógi á frábæru og vel framkvæmdu móti sem sómi var af.

Landsmót ÆSKP á Egilsstöðum

35 þátttakendur og 3 leiðtogar á vegum Æsland fór á Landsmót ÆSKP sem haldið var að þessu sinni á Egilsstöðum dagana 13. - 15. október 2023. Mótið var skemmtilegt og vel framkvæmt. Ferðalagið fyrir okkur hér í Eyjum var sérlega langt en við vorum send norðurleiðina á mótið og suðurleiðina til baka. Því fór hópurinn allan hringveginn á ferð sinni til Egilsstaða.

Framkvæmdir og starfaðstaða

Aðstaða félagsins í safnaðarheimili Landakirkju var lítillega bætt á árinu með aðföngum.

Lokaorð

Styrkur okkar starfs er sterkt sjálfbæðiðastarf og öflugir ungleiðtogar sem leiða starfið ásamt æskulýðsfulltrúa. Framundan eru spennandi tímar, fullir af nýjum áskorunum og nýjungum. Nýr æskulýðsfulltrúi, Trausti Mar Sigurðarson fer vel af stað með starfið eins og nefnt hefur verið hér að ofan og fjölgun seinni parts ársins í starfinu vel mælanleg. Það er okkar von og trú að starfsárið 2024 verði eitt það besta í sögu félagsins.

RAGNHEIBUR PERLA HJALTADÓTTIR
RITARI STJÓRNAR



GÍSLI STEFÁNSSON
GJALDKERI STJÓRNAR



Góð þátttaka var frá KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum á unglingamóti KFUM og KFUK í Vatnaskógi.

18. KFUM OG KFUK SUÐURNES

Aðalfundur KFUM og KFUK Suðurnes var haldinn þann 7.mars 2023.


Stjórn og stjórnarstörf

Stjórn KFUM og KFUK Suðurnes á starfsárinu skipuðu:

Sigurbjört Kristjánsdóttir – formaður
Sveinn Valdimarsson – gjaldkeri
Þóra Jenny Benónýsdóttir – ritari
Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir – vararitari
Erla Guðmundsdóttir

Skoðunarmenn reikninga

Páll Skaftason
Sigvaldi Björgvinsson



Sigurbjört Kristjánsdóttir Sveinn Valdimarsson Þóra Jenny Benónýsdóttir Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir Erla Guðmundsdóttir

Helstu verkefni stjórnar

Stjórnin hélt 5 stjórnarfundum á árinu og voru verkefni stjórnar margvísleg. Fólust þau meðal annars í almennri umsjón með deildarstarfinu á Suðurnesjum en starfsstöðvar eru þrjár talsins: félagsheimili KFUM og KFUK í Keflavík, í safnaðarheimili Njarðvírkirkju í Innri-Njarðvík og í Grindavírkirkju. Hlutverk stjórnar var að fá leiðtoga til starfsins í Keflavík og gekk það mjög vel. Haldin voru þrjú leikjanámskeið sumarið 2023 og gengu þau ágætlega.



Starfsemi og viðburðir

Skráðir þátttakendur í deildarstarfi KFUM og KFUK á Suðurnesjum haustið 2023 voru 251 talsins sem er talsverð fjölgun frá fyrra ári.

Deildarstarf og leiðtogar

Leiðtogar og ungleiðtogar starfsins í Reykjanesbæ og Grindavík voru Keflavík

- Yngri deild KFUM: Skráðir eru 28 drengir. Leiðtogar eru Sveinn Valdimarsson, Damjan Tisma, Kristinn Ólafsson og Ólafur Jónsson.
- Yngri deild KFUK: Skráðar eru 58 stúlkur. Leiðtogar eru Sigurbjört Kristjánsdóttir, Bergún Dögg Bjarnadóttir, Sólveig Hjörleifsdóttir og Eyrún Una Arnadóttir.
- Unglingadeild KFUM og KFUK: Skráðir eru 27 unglingar. Leiðtogar eru Thelma Rós Arnadóttir, Þórarinn Darri Ólafsson, Helga Sveinsdóttir, Helga Vigdís Thordersen, Eyrún Una Arnadóttir og Sólveig Hjörleifsdóttir.

Innri-Njarðvík

- Kirkjukrakkar (6-9 ára): Skráð eru 3 börn. Leiðtogi er Halla Marie Smith.
- TTT: Skráð eru 14 börn. Leiðtogar eru Halla Marie Smith, Helga Vigdís Thordersen, Þórey Una Arnlaugsdóttir.
- Unglingadeild: Skráð eru 30 börn. Leiðtogar eru Halla Marie Smith, Helga Vigdís Thordersen, Þórey Una Arnlaugsdóttir, Þórarinn Darri Ólafsson, Sólveig Hjörleifsdóttir og Guðbergur Nói.

Grindavík

- Yngri deild KFUM og KFUK: Skráð eru 33 börn. Meðalmæting var um það bil 15 börn. Leiðtogar eru Guðmundur Tómas Magnússon, Agnar Ingi Hyldahl Guðmundsson, Vigdís Helga Agnarsdóttir, Sigtryggur Máni Guðmundsson, Regína Sól Pétursdóttir og Gunnar Þór Hilmarsson.
- Unglingadeild KFUM og KFUK: Skráð er 58 börn og að meðaltali mættu 26 börn á fundi. Leiðtogar eru Guðmundur Tómas Magnússon, Agnar Ingi Hyldahl Guðmundsson, Tristan Enok Kvaran Guðjónsson, Björn Atli Hyldahl Guðmundsson, Helgi Guðmundsson, Thelma Rut Þorvaldsdóttir, Pálína Ósk Jónsdóttir, Hildur Ólöf Kristjánsdóttir og Eva María Tírone Valdimarsdóttir





Grindavík var rýmd þann 10. nóvember vegna jarðskjálfta og eldgosahættu. Fljótlega var tekin ákvörðun um að bjóða upp á starf fyrir unglingana á Holtavegi 28. Haldnir voru þrír fundir þar og þrjú börn mættu. Eftir áramótin var tekin ákvörðun, í samráði við sr. Elínborgu sóknarprest, um að halda ekki áfram með æskulýðsstarfið að svo stöddu.

Ýmsir viðburðir í starfi KFUM og KFUK Suðurnes

Í lok september var haldið samráðsþing KFUM og KFUK á Íslandi og fóru tveir stjórnarmenn þangað.

Í nóvember var haustferð yngri deilda haldin í Vatnaskógi. Farið var með nokkur börn frá Keflavík, Grindavík og Innri-Njarðvík í ferðina og heppnaðist hún mjög vel. Börnin voru mjög ánægð með mótið. Einnig fóru unglingadeildarnar í Keflavík og Grindavík á miðnæturiþróttamót sem haldið var í Vatnaskógi sömu helgi og haustferð yngri deilda. Unglingarnir voru mjög ánægðir með ferðina og gekk allt vel.

Í nóvember komu framkvæmdarstjóri, æskulýðsfulltrúi og formaður stjórnar KFUM og KFUK á Íslandi á fund hjá stjórn KFUM og KFUK Suðurnes varðandi framtíð starfsins á Suðurnesjum.

Í janúar hvert ár er leiðtogum eldri en 20 ára boðið í máltíð og huggulega kvöldstund sem þakklætisvott fyrir starfið á starfsárinu.

Leiðtogar undir 20 ára fengu jólagjöf sem þakklætisvott fyrir sín góðu störf.

Í febrúar fór unglingadeildin í Keflavík á Svinadalsmótið sem haldið var í Vatnaskógi. Dagskráin var fjölbreytt og áhugaverð og skemmtu allir sér konunglega. Til gamans má geta þess að bæði unglingar og leiðtogar tóku sig til og létu útbúa fyrir sig sérmerktar peysur fyrir mótið.

Leiðtogafræðsla

Leiðtogar á Suðurnesjum sóttu leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK sem haldin er í sumarbúðum KFUM og KFUK bæði í janúar og október ár hvert. Þar fá leiðtogar góða fræðslu sem nýtist þeim í deildarstarfi.

Leikjanámskeið

Þrjú leikjanámskeið voru haldin í júní 2023 og gengu þau vel. Forstöðukona var Marín Hrund Jónsdóttir. Leiðtogar voru Jakob Freyr Einarsson, Ragnar Már Halldórsson og Brynjar Már Guðmundsson. Aðstoðarforingjar voru Rúna María Fjeldsted, Kamilla Jónsdóttir og Vigdís Birta Guðmundsdóttir. Það voru 10-14 börn skráð á hvert námskeið.

Önnur starfsemi

Eins og undanfarin ár hefur félagsheimilið verið lánað fyrir fáein afmæli og veislur. Þá hefur Reykjanesbær haft afnot af húsinu í nokkur skipti yfir starfsárið.



Viðhald félagsheimilisins að Hátúni 36

Viðhald hússins var með minna móti undanfarið starfsár. Anddyrið og ytri salurinn voru þrífir og máluð í vor. Við fengum ný borð til að nota í deildarstarfinu. Fyrir jólin tókum við niður loftaplötturnar, ryksuguðum þær og settum upp aftur, ásamt því að þrifa allt húsið mjög vel.

Gjafir og styrkir

Reykjanesbær og Keflavíkursókn eru helstu styrktaraðilar félagsins. Einnig koma styrkir frá ýmsum fyrirtækjum og velunnurum starfsins. Er það félaginu ómetanlegt að njóta jákvæðs viðhorfs í samfélaginu og hafa sterkan hóp sjálfbóðaliða sem kemur að starfinu.

Lokaorð

Að fá tækifæri til að kynnast KFUM og KFUK er Guðs gjöf til okkar. Það er dýrmætt að fá að vera hluti af þessu magnaða starfi og vera í höndum Guðs alla daga. „Þitt hæli er Drottinn, þú hefur gert hinn Hæsta að athvarfi þínu. Enginn ógæfa hendir þig og engin plága nálgast tjald þitt, því að þín vegna býður hann út englum sínum til þess að gæta þín á öllum vegum þínum“. Sálmur 91, 9-11.

PÓRA JENNY BENÓNYSDÓTTIR
RITARI STJÓRNAR





19. VINAGARÐUR - LEIKSKÓLI KFUM OG KFUK

Vinagarður, leikskóli KFUM og KFUK, er staðsettur í Laugardalnum í Reykjavík. Leikskólinn er sjálfstætt starfandi og rekinn af KFUM og KFUK á Íslandi. Vinagarður byggir starf sitt á kristilegum grunni þar sem lögð er áhersla á að efla kristið siðgæði og veita trúarlegt uppeldi sem byggir á gildum skólans um trú, von og kærleika. Leikskólinn var stofnaður árið 1975 og starfaði í Langagerði í Reykjavík í rúm 26 ár en flutti svo á Holtaveg árið 2002.

Aðalfundur

Aðalfundur Vinagarðs, leikskóla KFUM og KFUK, var haldinn miðvikudaginn 22. mars 2023 á Holtavegi 28 og sóttu 16 manns fundinn. Anna Elísa Gunnarsdóttir var settur fundarstjóri og Jóhanna Klara Stefánsdóttir ritaði fundargerð. Jón Ómar Gunnarsson og Hjördís Rós Jónsdóttir voru í kjörnefnd fyrir aðalfund.

Stjórn

Stjórn leikskólans á starfsárinu skipuðu:

Birgir U. Ásgeirsson, formaður
 Bára Sigurjónsdóttir, ritari
 Jóhanna Klara Stefánsdóttir, gjaldkeri
 Berglind Ósk Einarsdóttir, fulltrúi KFUM og KFUK á Íslandi og varagjaldkeri
 Sara Sigurðardóttir, fulltrúi foreldra og vararitari
 Áslaug Dóra Einarsdóttir, varamaður
 Berglind Ólöf Sigurvinsdóttir, varamaður

Skoðunarmenn reikninga voru Alma Auðunsdóttir og Einar Helgi Ragnarsson. Guðmundur Karl Einarsson til vara. Á starfsárinu voru haldnir 11 stjórnarfundir.

Starfsfólk leikskólans

Við leikskólann eru að jafnaði um 22 stöðugildi. Veturinn 2023-2024 var Hildur Björk Svavarsdóttir leikskólastjóri og Hulda Björg Jónasdóttir aðstoðarleikskólastjóri til áramóta en um áramót tók Hulda við leikskólastjórstöðunni og Hildur stöðu aðstoðarleikskólastjóra. Deildarstjórar voru Eva Dögg Sveinsdóttir, Ingibjörg Leifsdóttir, María Jónsdóttir, María Sigurðardóttir og Sesselja Kristinsdóttir. Deildarstjórar eru allir kennarar með leyfisbréf. Sérkennslustjóri var Ragnhildur Gunnarsdóttir, kennari. Aðrir kennarar við skólann voru Gerður Bolladóttir leikskóla- og tónlistarkennari, Þórunn Helga Þorkelsdóttir leikskólakennari og Sveinbjörg Björnsdóttir leikskólakennari.



Birgir U.
Ásgeirsson



Bára
Sigurjónsdóttir



Jóhanna Klara
Stefánsdóttir



Berglind Ósk
Einarsdóttir



Sara
Sigurðardóttir



Berglind Ólöf
Sigurvinsdóttir



Áslaug Dóra
Einarsdóttir

Í starfsmannahópnum voru einnig Anna Peta Guðmundsdóttir leikskólaliði, Aðalheiður Sighvatsdóttir, Afonso de Almedia Esteves, Agnes Eir Jónsdóttir, Dario Thomas Bardales Arayo, Davíð Leví Magnússon, Erika Macková leikskólakennaranemi, Freyja Hafþórsdóttir, Friðrik Páll Ragnarsson Schram, Grumnesh Lenechesa, Gyða Rut Arnmundsdóttir þroskaþjálfanemi, Samúel Jóhann Andreasson Nyman kennaranemi, Sandra Zdobylak, Sara María Gunnarsdóttir, Tómas Stitellmann kennaranemi og Þorbjörg Tómasdóttir. Matráður var Aurora de Jesu Almeida og aðstoð í eldhúsi sinnti Pedro Sousa. Leikskólinn býr yfir miklum mannauði, bæði háu hlutfalli kennara og reynslumiklu starfsfólki sem á stóran þátt í að gera skólann að einum eftirsóttasta leikskóla borgarinnar.

Framkvæmdir

Ráðist var í miklar endurbætur á hluta húsnæðis leikskólans í kjallaranum að Holtavegi 28 auk þess sem hafin er vinna við endurbætur á klæðningu á aðal húsnæðis leikskólans. Hugmyndavinna fór fram að endurskipulagningu útsvæðisins og verður vonandi unnt að fara í þær endurbætur sem allra fyrst. Að lokum þá áttu sér stað miklar umræður varðandi heildarendurskipulag og framkvæmdir í kjallaranum að Holtavegi 28.

Fjármál

Rekstur leikskólans árið 2023 gekk vel. Að jafnaði haldast tekjur og gjöld í hendur og ekki er mikið svigrúm í rekstrinum. Tekjur Vinagarðs koma að mestu leyti frá sveitarfélögum. Stærstu gjaldaliðir eru launakostnaður, matur og húsnæðiskostnaður.

Leikskólastarfið

Leikskólinn Vinagarður byggir starf sitt á kristilegum grunni þar sem lögð er áhersla á að efla kristið siðgæði og veita trúarlegt uppeldi sem byggir á gildum skólans um trú, von og kærleika. Þar fyrir utan tekur stefna og starfsemi leikskólans mið af aðalnámskrá leikskóla og þeim lögum og reglugerðum sem eiga við um börn og leikskólastigið. Í starfi leikskólans er lögð áhersla á að börnin læri um náttúruna og að bera virðingu og umhyggju fyrir henni jafnt og öllu því sem Guð hefur skapað. Vináttan í viðum skilningi þess orðs er rauður þráður í starfi leikskólans og eitt af sérkennum hans. Lögð er rík áhersla á að í leikskólanum sé notalegt andrúmsloft og að þar ríki gleði og væntumþykja. Unnið er að því að börnin beri umhyggju fyrir öðrum, fái svigrúm og leiðsögn til að mynda sterk tengsl og vináttu og tilheyri leikskólasamfélaginu á eigin forsendum. Viðfangsefni og námsumhverfi leikskólans á að hvetja börnin áfram í þroska og námi, stuðla að því að þau eflist í trú á eigin getu, virki sköpunarkraft sinn og hafi jákvæð viðhorf til náms. Á hverri önn er unnið með ákveðin áhersluatriði (þema) sem hefur áhrif á allt starf leikskólans hvort sem það er hópastarfi, hreyfing, málörvun, myndsköpun, tónlist o.s.frv. Elstu börnin halda hugarflugsfundi í tengslum við þema vetrarins og ákveða þannig viðfangsefni sín sjálf að miklu leyti. Yngri börnin hafa val um efnivið í sinni sköpun og geta þannig fengið að tjá sínar áherslur og áhuga.

Á Vinagarði er stöðugt unnið með umhverfisvitund enda er skólinn og leiksvæði hans sérstaklega vel úr garði gert fyrir slíkt starf og má segja að náttúran sé mikilvægur hluti af leikferni skólans. Kristinfræðsla skipar alltaf stóran þátt þar sem daglega er lesið úr Barnabíblíunni og börnum kenndar bænir, minnisvers og söngvar. Farið er í heimsókn í Áskirkju bæði fyrir jól og páska þar sem starfsfólk kirkjunnar tekur einstaklega vel á móti hópnum. Börnin á Vinagarði taka þátt í verkefninu „Jól í skókassa“ en verkefnið er einstök leið til að kenna börnunum samkennd og ábyrgð, að okkur komi náunginn við.

Frá hausti 2022 hefur staðið yfir heildstæð endurskoðun skólanámskrár skólans sem er nauðsynlegt til að styrkja faglega sýn og sérstöðu skólastarfsins. Á næstunni verður hún ásamt tengdum áætlunum eins



Aðalheiður H. Sighvatsdóttir



Afonso de Almedia Esteves



Anna Peta Guðmundsdóttir



Aurora de Jesus Almeida



Dario Tomas Bardales Araujo



Davíð Leví Magnússon



Erika Macková



Eva Dögg Sveinsdóttir



Freyja Hafþórsdóttir



Friðrik Páll Ragnarsson Schram



Gerður Bolladóttir



Grumnesh Lechesa



Gyða Rut Arnmundsdóttir



Hildur Björk Svavarsdóttir



Hulda Björg Jónsdóttir



Ingibjörg Leifsdóttir



María Jónsdóttir



María Sigurðardóttir



Ragnhildur Gunnarsdóttir



Ricardo Sousa



Sesselja Kristinsdóttir



Samúel Jóhann Nyman



Sandra Zdobylak



Sara María Gunnarsdóttir



Sveinbjörg Björnsdóttir



Una Tone Bjarnardóttir



Þorbjörg Björk Tómasdóttir



Þórunn Helga Þorkelsdóttir

og læsisáætlun og handbók um stuðning í leikskólastarfinu innleidd í starfið. Leikskólinn er einnig þátttakandi í tveggja ára þróunarverkefni með Menntavísindasviði Háskóla Íslands um eflingu foreldra í uppeldislutverki sínu og er stefnt á að leikskólinn geti á næstu misserum tekið markviss skref í þá átt með fræðslu og stuðningi. Vinagarður hefur undanfarin tvö ár hvatt starfsfólk sem ekki hefur kennaramenntun til að sækja sér slíka fagmenntun samhliða starfi og boðið námssamninga þar sem svigrúm til náms samhliða starfi er boðið ásamt stuðningi við bókakaup. Nú þegar eru þrír starfsmenn komnir á námssamning og verður vonandi ásókn í þá áfram.



Útinám

Elsta deild skólans, Uglugarður, nýtir opið skógarvæði til allrar útiveru og er leikurinn þar algjörlega sjálfsprottinn hjá börnunum og því sem þau finna á svæðinu. Vikulega fara fram skipulegar útinámsstundir þar sem unnið er markvisst með tölur, talnaskilning, bókstafi og hugtök. Náttúrusvæðin í kringum leikskólann styðja vel við þessar stundir þar sem hægt er að sjá tölur og bókstafi út um allt í umhverfinu. Dæmigerð útinámsstund fer þannig fram að eftir að kennari hefur lagt inn verkefni dagsins er börnunum skipt í þrjá 8-9 barna hópa. Síðan fara hóparnir í nærumhverfið og finna sér hluti til að nota í verkefnin eins og laufblöð, köngla, greinar, steina og í raun hvað sem þau koma auga á. Lögð er áhersla á að börnin læri bæði af því að framkvæma verkefnin sjálf og fylgjast með hvernig önnur börn leysa verkefnið. Útinámið er mjög vinsælt meðal barna og kennara og frábærar stundir sem þau hlakka öll til að eiga saman. Aðrar deildir skólans eru einnig mjög virkar í vettvangsferðum þar sem útinám á sér stað og koma vel undirbúin í þessar vinnustundir á Uglugarði.

Mat á leikskólastarfi

Í Vinagarði fer sífellt fram mat á starfi skólans. Helstu niðurstöður innra mats árið 2023 voru eftirfarandi:

Stjórnun og faglegt samstarf:

Styrkleikar: Góð samvinna í stjórnendateymi og virk upplýsingamiðlun, rekstur er í jafnvægi og verklagsreglur uppfærðar og starfsfólk meðvitað um þær.

Tækifæri til umbóta: Innleiða starfsmannahandbók og áætlun um móttöku nýrra starfsmanna, hvetja starfsfólk markvisst til símenntunar.

Skipulag leikskólastarfsins:

Styrkleikar: Umhyggja starfsfólks og tengsl við börnin, mikið unnið með sögur, söngva og sköpun í starfinu.

Tækifæri til umbóta: Skoða námsleiðir út frá hverju barni, auka opin efnivið og vinna með heimamenningu hvers barns. Auka menningarþátttöku yngri deilda.

Mannauður:

Styrkleikar: Góður starfsandi og starfsfólk upplifir góðan stuðning á vinnustaðnum. Lítil starfsmannavelta og reynslumikið starfsfólk.

Tækifæri til umbóta: Fjölga starfsmannafundum og deildarfundum til að styrkja fagstarfið, setja inn reglulega fræðslu um sálrænt öryggi á vinnustað.

Foreldrar og börn:

Styrkleikar: Foreldrakönnun Reykjavíkurborgar kom vel út og Vinagarður er alltaf ofan meðaltals borgarinnar á mælikvörðum. Samhljómur um að börnunum líði vel í leikskólanum og séu glöð og áhugasöm í starfinu.

Tækifæri til umbóta: Skoða hvatningu til barna um að leysa sjálf úr ágreiningsmálum og verkfæri sem þau hafa til þess, samskiptasáttmáli á deildum.

Skipulag innra mats:

Styrkleikar: Matsteymi hefur gert matsáætlun til fjögurra ára byggða á viðurkenndum gæðaviðmiðum. Fjölbreyttir gagna er aflað í matinu og starfsfólk er meðvitað og tekur þátt í gagnaöfluninni.

Tækifæri til umbóta: Kynna markmið matsins og virkni þess betur í foreldrahópnum, auka uppeldisfræðilegar skráningar og ígrundun í daglegu starfi.



Foreldrasamstarf og foreldrafélag

Haustfundur fyrir foreldra um áherslur starfsársins var haldinn í september. Deildarstjórar miðla upplýsingum til foreldra um starfið í gegnum upplýsingakerfið Völu. Stjórnendur skólans senda einnig reglulega upplýsingapósta til foreldra. Foreldrasamtöl eru árleg en auk þess er alltaf hægt að fá samtal við kennara barnanna utan þeirra. Foreldrafélag er starfandi við skólann sem setur fram áhugaverða dagskrá fyrir starfsárið á hverju hausti. Viðburðir félagsins eru alltaf í samstarfi við leikskólann og hefur það samstarf gengið vel. Haustferð í Vatnaskóg heppnaðist mjög vel að vanda og jólaball í desember var sérstaklega vel sótt. Auk þess stendur foreldrafélagið fyrir ýmsum öðrum uppákomum í starfinu svo sem leiksýningu, páskaeggjaleit og vorhátíð, svo eitthvað sé nefnt. Það er mikilvægt fyrir leikskólastarfið að eiga öfluga foreldra sem styðja við starfið.

Samstarf leik- og grunnskóla

Leikskólinn tekur þátt í samstarfsverkefninu „Farsæl skil leik- og grunnskóla“ ásamt Langholtsskóla og leikskólunum í hverfinu. Markmið verkefnisins er að stuðla að jákvæðri upplifun barnanna af flutningi milli skólastiga, að börnin fái að kynnst Langholtsskóla og hvert öðru áður en grunnskólagangan hefst. Deildarstjórar hitta umsjónarkennara 1. bekkjar Langholtsskóla á haustin og skipuleggja ýmsar uppákomur. Þar má nefna kynningarfundir þar sem hópurinn hittist í hverjum skóla til skiptis og kynnis starfið með elstu börnunum. Auk þess hafa börnin hist á degi íslenskrar tungu og á leiksvæðum í nágrenninu.

Lokaorð

Formleg menntun einstaklinga hefst í leikskóla, fyrsta stigi skólakerfisins. Þar á velferð og hagur barna að vera leiðarljós í öllu starfi, börnum skal veitt umhyggja, hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og stuðlað að öryggi þeirra og vellíðan. Gildi og sýn Vínagarðs, leikskóla KFUM og KFUK, um trú, von og kærleika eru góður grunnur fyrir leikskólastarf sem uppfyllir þær kröfur sem leikskólastigið gerir á framúrskarandi hátt. Stjórn leikskólans þakkar starfsfólki hans fyrir að sinna þessu mikilvæga starfi af fagmennsku og áhuga og fyrir að skapa börnunum hlýlegt og kærleiksríkt umhverfi.

BÁRA SIGURJÓNSDÓTTIR
RITARI STJÓRNAR



HULDA BJÖRG JÓNASDÓTTIR
LEIKSKÓLASTJÓRI



20. VINASETRIÐ Í KALDÁRSELI

Vinasetrið er samfélagslegt velferðarverkefni sem rekur helgardvöl fyrir börn í sumarbúðum KFUM og KFUK í Kaldárseli. Vinasetrið hefur verið starfrækt frá árinu 2012 fyrst í Ásbrú í Reykjanesbæ en hefur verið síðustu 7 ár í Kaldárseli í Hafnarfirði. Kaldársel (KFUM og KFUK) er eigandi Vinasetursins. Gildi Vinasetursins eru gleði, traust og nánd.

Börnin sem koma í helgardvöl í Vinasetrinu eru á aldrinum 6-13 ára en þeim skipti eftir aldri á helgarnar. Félagsþjónustur Sveitarfélaganna sækja um pláss fyrir börnin sem flest eiga það sameiginlegt að hafa þörf fyrir stuðningsfjölskyldu. Það er greitt fyrir hvert barn sem samsvarar stuðningsforeldra launum.

Í dag starfa um 12 helgarstarfsmenn í Vinasetrinu auk framkvæmdarátjóra í fullu starfi. Í starfsmannahópnum er fólk með marvíslega menntun og reynslu en flestir starfsmenn eru með háskólamenntun í uppeldis, félags- og heilbrigðisvísindum. Lagt er áherslu á að starfsmenn séu með hreina sakaskrá og reynslu í að starfa með börnum sem glíma við félagslegar áskoranir. Á hverri helgi starfa um 6-7 manns í þétu starfsteymi. Á síðasta ári komu til okkar um 140 börn og er kynjahlutfallið nokkuð jafnt.



Við leggjum mikla áherslu á að Vinasetrið sé hlýlegur og vinalægur staður þar sem börn fái að njóta sín á eigin forsendum og þeim mætt þar sem þau eru stödd af hlýju og áhuga. Við viljum meina að Vinasetrið sé svolítið eins og að fara í stóran bústað með fullt af skemmtilegum og góðum vinum. Við erum ekki með stífa dagskrá en ákveðin ramma og rútínu og alltaf nóg að gera, hvort sem það er að fönndra, listsköpun, leikur, útivist eða sundferðir.

Guðrún Elva Arinbjarnardóttir hefur verið starfandi framkvæmdarstjóri Vinasetursins frá því að Vinasetrið tók til starfa í Kaldárseli. Hún er löggiltur félagsráðgjafi og náms- og starfsráðgjafi. Hún hefur unnið með börnum og ungmennum með sérþarfir bæði innan skólakerfisins og í vistunar- og búsetuúrræðum í rúmlega 20 ár.







KFUM
KFUK

Allir eiga þeir að vera eitt
(Jóh. 17:21)

Ekki með valdi né krafti, heldur fyrir anda minn! -segir Drottinn allsherjar
(Sak. 4:6)